

Ungmenni á tímamótum

*Tilfærsla fjögurra fatlaðra nemenda
úr grunnskóla í framhaldsskóla*

Kolbrún Ýr Gísladóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.A.-gráðu
í þroskaþjálfafraeði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Lokaverkefni til B.A. óprófs

Ungmenni á tímamótum

Tilfærsla fjögurra fatlaðra nemenda úr grunnskóla í framhaldsskóla

Kolbrún Ýr Gísladóttir

040177-4509

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Þroskaþjálfadeild, þroskaþjálfafraeði

Apríl 2010

Útdráttur

Ritgerðin fjallar um tilfærslu fjögurra fatlaðra nemenda úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Hún byggir á niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar sem unnin var á árunum 2009-2010. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Annars vegar að skoða með hvaða hætti almennur grunnskóli, sérskóli á grunnskólastigi, fjórir framhaldsskólar og mennta- og menningarmálaráðuneytið koma að tilfærslu nemendanna fjögurra milli skólastiga. Hins vegar að öðlast innsýn í reynsluheim, vonir og væntingar foreldra nemendanna auk upplifunar, reynslu og líðanar þeirra sjálfra. Þátttakendur rannsóknarinnar eru fjögur ungmenni, sjö foreldrar þeirra, þrír starfsmenn sérgrunnskóla, tveir starfsmenn almenns grunnskóla, fimm starfsmenn fjögurra framhaldsskóla og einn starfsmaður mennta- og menningarmálaráðuneytisins, alls 22. Tekin voru 28 viðtöl við þátttakendur á heimilum þeirra eða vinnustað, allt eftir óskum hvers og eins.

Niðurstöður benda til að ekkert skýrt verkferli sé til hvað tilfærslu milli grunn- og framhaldsskóla varðar heldur sé það í höndum skólastofnana og foreldra hvernig staðið er að henni. Í niðurstöðum kemur fram að í mennta- og menningarmálaráðuneytinu er hafin stefnumótunarvinna hvað tilfærsluna varðar sem snýr m.a. að yfirsýn yfir heildarþjónustupörf fatlaðra nemenda á lokaári í grunnskóla, fjölgun starfsbrauta og breyttum innritunartíma sem opnar fyrir samstarf og aðlögun við tilfærslu milli skólastiga. Þar er unnið að reglugerð um tilfærsluna og í bígerð er að vinna reglugerð um þá þjónustu sem ber að veita nemendum með sérþarfir innan framhaldsskóla. Niðurstöður benda einnig til að sýn foreldra á skólakerfið sé almennt jákvæð þó einnig komi fram eindregin ósk þeirra um meiri samskipan fatlaðra og ófatlaðra nemenda, aukin félagstengsl og þátttöku í samfélaginu. Þær niðurstöður sem snúa að upplifun nemenda benda til að þeim hafi liðið misjafnlega í grunnskóla og kom fram að tveir þátttakenda urðu fyrir einelti í kringum miðstig í grunnskóla. Svo virðist sem líðan þeirra í framhaldsskóla sé almennt góð. Nám í framhaldsskóla fer að miklu leyti fram í sérnámsbrautum og svo virðist sem fötluðu ungmennin séu oft nokkuð einangruð hvað nám varðar og félagsleg samskipti við ófatlaða nemendur eru takmörkuð. Aðgengi fatlaðra nemenda að námi við hlið ófatlaðra virðist stundum vera óskhyggja, nokkuð sem enn hefur ekki komist til framkvæmdar að fullu.

Formáli

Ritgerðin *Ungmennni á tímamótum: Tilfærsla fjögurra fatlaðra nemenda úr grunnskóla í framhaldsskóla* fjallar um tilfærslu fjögurra fatlaðra nemenda úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Í henni er horft til reynslu nemendanna sjálfra og foreldra þeirra við og eftir þau stóru tímamót sem tilfærsla milli skólastiga er. Ritgerðin er lögð fram til fullnaðar B.A.-gráðu í þroskaþjálfafraeðum við Ípróttta, tómsunda og þroskaþjálfadeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Vægi ritgerðar telst til 10 eininga. Hún er unnin undir leiðsögn Guðrúnar V. Stefánsdóttur dósents við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og fær hún mínar bestu þakkir fyrir mikilsverða leiðsögn, dyggan stuðning og hvatningu á rannsóknartímabilinu öllu.

Ég vil einnig þakka Völu S. Valdimarsdóttur fyrir yfirlestur og góðar ábendingar um frágang. Manni mínum, Guðna Eiríkssyni, og börnum, Hersi, Hilmi og Heiðdís Eddu þakka ég trú, hvatningu, þolinmæði og umburðarlyndi yfir námstímann. Fjölskyldu minni, tengdforeldrum og kærri vinkonu, Láru, fyrir sýndan stuðning og hvatningu. Að síðustu vil ég þakka þátttakendum rannsóknarinnar fyrir ómetanlegt og gott samstarf, einstaka velvild, traust og aðgang að sínu persónulega lífi. Án þeirra hefði mér aldrei tekist þetta. Takk fyrir mig.

Kolbrún Ýr Gísladóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	7
1. Fræðilegur bakgrunnur og lagalegt umhverfi	9
1.1 Fötlunarfræði og hinn félagslegi skilningur á fötlun	9
1.1.1 Sjálfsákvörðunarréttur og sjálfræði.....	11
1.2 Félagsfræði barnæskunnar og lífshlaup	12
1.3 Réttur til náms	14
1.3.1 Skóli án aðgreiningar	16
1.3.2 Tilfærsla milli skólastiga	17
1.3.3 Tengdar rannsóknir	18
Samantekt	21
2 Kafli tvö. Framkvæmd rannsókna	22
2.1 Aðferð.....	22
2.2 Þátttakendur og umfang rannsókna	23
2.3 Gagnasöfnun og gagnagreining	27
2.4 Takmarkanir og siðferðilegar áskoranir	28
Samantekt	28
3. Tilfærsla úr grunnskóla í framhaldsskóla	29
3.1 Tilfærsla úr almennum grunnskóla	29
3.2 Tilfærsla úr sérskóla á grunnskólastigi	32
3.3 Þátttaka framhaldsskóla í tilfærslu milli skólastiga	34
3.4 Hvað má bæta við tilfærsluna?	37
3.5 Hlutverk og sýn fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins ..	39
3.5.1 Í framkvæmd og hugmyndir innan ráðuneytisins	41
Samantekt	43
4. Sýn, vonir og væntingar foreldra	44
4.1 Sýn foreldra á grunnskóla.....	44
4.2 Væntingar foreldra til framhaldsskólanna.....	46
4.3 Hvernig foreldrar upplifa tilfærsluna	49

4.4 Framhaldsskólinn og áhrif tilfærslu á líf og líðan ungmennanna.....	51
4.5 Framtíðarsýn	54
Samantekt	56
5. Tíu mánuðir í lífi fjögurra fatlaðra ungmenna	57
5.1 Líðan og félgasstaða nemenda í grunnskóla.....	57
5.2 Líf og líðan nemenda í framhaldsskóla á haustönn	60
5.3 Líf og líðan nemenda í framhaldsskóla á vorönn	64
Samantekt	69
6. Samantekt og helstu lærdómar	70
6.1 Með hvaða hætti fer tilfærslan fram?.....	70
6.2 Standast væntingar nemenda og foreldra til framhaldsskóla?.....	71
6.3 Ákvarðanatoka nemenda um líf sitt og nám	72
6.4 Áhrif tilfærslu á líf nemenda.....	73
6.5. Sýn nemenda og foreldra á líf, nám og framtíð.....	74
6.6 Lærdómar sem draga má af rannsókninni	75
6.7 Að lokum	76
Heimildaskrá	77

Inngangur

Að segja skilið við grunnskóla og hefja nám í framhaldsskóla eru stór tímamót í lífi flestra ef ekki allra ungmenna, ekki síður fatlaðra en ófatlaðra. Á undanförunum árum hefur verið bent á mikilvægi þess að rödd fatlaðra ungmenna sjálfra nái að heyrast. Þetta er ekki síst mikilvægt á tímamótum sem þessum og undirstrikar þá mikilvægu stefnu að hver og einn ætti að fá að taka fullan þátt í ákvörðunum um líf sitt.

Ástæða fyrir vali á þessu efni er að ég hef sjálf unnið með fötluðum nemendum á miðstigi grunnskóla í tæplega tvö ár. Mér þótti áhugavert að komast að því hvað tæki við hjá fötluðum nemendum að grunnskóla loknum og viðfangsefni mitt lýtur því að þeim tímamótum sem verða við lok grunnskóla og upphaf framhaldsskóla. Í skrifum mínum nota ég hugtakið *tilfærsla* sem viðurkennt er af yfirvöldum og felst hér í þeim tímamótum eða breytingum sem eiga sér stað þegar nemendur ljúka tíu ára grunnskólagöngu og hefja nám á öðru skólastigi, þ.e. í framhaldsskóla. Nemendur færast því milli skólastiga. Lítið hefur verið rannsakað um tilfærslu milli þessara tveggja skólastiga og því vildi ég tengja skólastigin og dýpka þekkingu mína á því ferli sem þarna á sér stað og hvernig ungmennin og foreldrar þeirra upplifa það.

Rannsóknin mín beinist því að þessum tímamótum. Þátttakendur eru fjögur ungmenni sem við upphaf rannsóknar eru á 16. aldursári. Tvö þeirra luku námi úr sérskóla á grunnskólastigi og tvö úr almennum grunnskóla. Þau fóru hvert í sinn framhaldsskólann, fjóra talsins. Nemendunum var fylgt eftir í allt að tíu mánuði í þeim tilgangi að fá fram upplifun, reynslu og líðan þeirra sjálfra auk þess að kynnast sjónarhornum, vonum og væntingum foreldra þeirra. Rannsóknin er af eigindlegum toga og tekin voru viðtöl við nemendurna sjálfa og foreldra þeirra. Til þess að fá einnig fram sýn starfsfólks grunn- og framhaldsskóla og mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru tekin viðtöl við starfsmenn skólanna og fulltrúa ráðuneytis. Auk þess fór ég í fjórar vettvangsheimsóknir og eina vettvangsathugun að hitta nemendurna í framhaldsskólum sínum. Þær rannsóknarspurningar sem ég leitaði svara við eru eftirfarandi:

- * Með hvaða hætti er staðið að tilfærslu fatlaðra nemenda milli grunn- og framhaldsskóla?
- * Hverjar eru væntingar fatlaðra nemenda og fjölskyldna þeirra til framhaldsskólans og standast þær á fyrsta ári í framhaldsskóla?
- * Að hvaða leyti taka fatlaðir nemendur sjálfir ákvarðanir um líf sitt og nám?

- * Hvaða áhrif hefur tilfærsla milli skólastiga á líf fatlaðra ungmenna og fjölskyldur þeirra?
- * Hver er sýn fatlaðra ungmenna og foreldra þeirra á líf, nám og framtíð ungmennanna?

Ég lagði mig fram um að gæta fyllsta trúnaðar og hlutleysis í rannsóknarferlinu. Efst í huga mér er virðingin fyrir hverjum og einum þar sem hann er staddur í lífi sínu og að rödd þátttakenda minna fái að heyrast því ég tel að þeir séu sérfræðingar í eigin starfi, þörfum og löngunum. Til að gæta fyllsta trúnaðar og í þeim tilgangi að vernda þátttakendur eru ekki notuð rétt nöfn þeirra né þeirra skóla og stofnana sem leitað var til. Ein undantekning er þó á þessu en Ragnheiður Bóasdóttir, sem er fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, óskaði sjálf eftir því að koma fram undir sínu rétta nafni og er farið eftir því.

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar skoða ég lagalegt umhverfi og þá hugmyndafræði sem lýtur að fötluðum nemendum á grunn- og framhaldsskólaaldri. Í öðrum kafla lýsi ég framkvæmd rannsóknar auk þess sem ég kynni nemendurna fjóra. Í næstu þremur köflum kynni ég helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Þriðji kafla fjallar um helstu niðurstöður um tilfærslu nemendanna milli skólastiga. Fjórði kafla inniheldur niðurstöður er varða reynslu, vonir og væntingar foreldra af tilfærsluferlinu. Í fimmta kafla fjalla ég um þá tíu mánuði í lífi nemenda sem rannsóknin nær til, upplifun þeirra, reynslu og líðan. Í sjötta kafla dreg ég saman helstu niðurstöður og lærdóma sem draga má af þeim.

1. Fræðilegur bakgrunnur og lagalegt umhverfi

Þessi kafli fjallar um rétt barna og ungmenna á grunn- og framhaldsskólaaldri til náms og þá hugmyndafræði sem liggur þar að baki. Í upphafi kaflans er fjallað um fötlunarfræði sem hefur gagnrýnt einhliða sýn læknisfræðinnar á fötlun og fatlað fólk. Tilgangur rannsókna innan fötlunarfræðinnar er meðal annars sá að stuðla að nýjum skilningi á fötlun með áherslu á að rödd fatlaðra einstaklinga nái að heyrast (Rannveig Traustadóttir, 2003) og baráttu fyrir jöfnum rétti allra manna.

1.1 Fötlunarfræði og hinn félagslegi skilningur á fötlun

Fötlunarfræði er ung fræðigrein í stöðugri þróun sem leggur áherslu á að félagslegir þættir skapi fötlun á þann hátt að fordómar, viðhorf og manggert umhverfi sé orsakavaldur hindrana í lífi fatlaðs fólks (Rannveig Traustadóttir, 2007). Um þetta er tekist á innan fötlunarfræðinnar og ekki allir á eitt sáttir. Á undanförunum árum hafa rannsóknir á fræðasviði fötlunarfræðinnar verið að ryðja sér rúms. Rannsóknir á þessu fræðasviði snúa að samfélagshópum sem hafa mátt búa við ýmis konar mismunun eins og aðgreiningu, valdaleyfi og útskúfun. Einkennandi fyrir þetta fræðasvið er samvinna fatlaðra og ófatlaðra þar sem fatlað fólk er virkir þátttakendur í rannsóknum sem að því snúa. Fötlunarfræði hafnar einhliða læknisfræðilegum skilningi á fötlun en leggur áherslu á þá félagslegu þætti sem hafa áhrif á líf fatlaðs fólks og aðstæður þess (Rannveig Traustadóttir, 2006). Hugtakið fötlun hefur verið til mikillar umræðu og endurskoðunar innan fötlunarfræðinnar og hafa menn tekist á um hvaða skilning beri að leggja í hugtakið. Í tengslum við þá umræðu hafa komið fram ýmis félagsleg sjónarhorn á fötlun sem ganga mislangt í að skilgreina fötlun sem afleiðingu umhverfis- og félagslegra þátta. Af þeim félagslegu sjónarhornum sem fram hafa komið hefur hið svonefnda þbreska félagslegað verið róttækast og umdeildast (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008; Rannveig Traustadóttir, 2006). Norræni tengslaskilningurinn hefur einnig verið talinn til félagslegs skilnings þrátt fyrir að hann gangi ekki eins langt og þbreska félagslega líkanið hvað áherslu á samfélag og umhverfi snertir (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008; Gustavson, Sandvin, Traustadóttir og Tössebro, 2005). Hér á eftir verður þessum sjónarhornum gerð stuttlega skil en byrjað er á að fjalla um hinn svonefnda læknisfræðilega skilning á fötlun.

Bent hefur verið á að hinn hefðbundni lækisfræðilegi skilningur á fötlun hafi verið ráðandi í vestrænum heimi að mestu á 20 öldinni. Litið er svo á að fötlun sé *einstaklingsbundin* (Rannveig Traustadóttir, 2006) eða þpersonal blameö. Þá telst skerðingin vera orsök allra vandamála fatlaðs einstaklings og markmið sérfræðinga og fagfólks er að slæknað hinn fatlaða af skerðingunni og gera hann šeðlileganö á ný. Líkanið er grundvallað af lækisö og heilsufélagsfræði en þá er litið á fötlun sem andstæðu heilbrigðis og þess sem telst eðlilegt. Áhersla er á að greina líkamlega og andlega skerðingu eða það sem þykir afbrigðilegt og lagfæra sem kostur er (Rannveig Traustadóttir, 2007).

Upphaf breska félagslega líkansins er rakið til baráttusamtaka fatlaðs fólks sem benti á að umhverfisþættir eins og hindranir og mismunun skapi fötlun og hún búi því ekki í einstaklingnum sjálfum. Sett var fram yfirlýsing árið 1976 þess efnis að fólk með skerðingar sé fatlað vegna undirokunar samfélagsins (Rannveig Traustadóttir, 2006). Í líkaninu er skilið á milli skerðinga og fötlunar, líffræðilegi þátturinn, sem er skerðingin, er skilinn frá félagslega þættinum, sem er fötlunin. Skilningurinn var frelsandi fyrir fatlað fólk að því leyti að hægt er að sjá að hindranir og erfiðleikar sem fatlað fólk upplifir í samfélaginu eru ekki orsakaðar af skerðingunni einni og sér heldur eru þær afleiðingar af félagslegum og umhverfislegum þáttum. Baráttan er fyrir jöfnum rétti fatlaðs fólks á borð við ófatlað fólk. Þá er reynt að koma í veg fyrir mismunun með því að kynnast raunverulegu lífi fatlaðs fólks, ekki bara, líka berjast fyrir betra lífi og aðstæðum (Rannveig Traustadóttir, 2007).

Þrátt fyrir að líkanið hafi að flestra mati verið afar frelsandi fyrir fatlað fólk hefur það á undanförunum árum verið gagnrýnt talsvert, meðal annars vegna þess að það taki ekki tillit til allra hópa fatlaðs fólks eins og til dæmis fólks með þroskahömlun, heyrnarlausra og fólks með geðræna erfiðleika. Þá hefur það einnig verið gagnrýnt fyrir að fjalla ekki um börn og ungmenni (Rannveig Traustadóttir, 2006). Tom Shakespeare (2006) gagnrýnir félagslega líkanið og segir að það hafi ekki verið endurskoðað, síðastliðin þrjátíu ár, eða þróað áfram með hliðsjón af gagnrýni og breytingum í samfélaginu. Hann talar um að það hafi ætíð verið markmið baráttuhópa fatlaðs fólks að jafna stöðu þeirra og stuðla að aukinni þátttöku í samfélaginu. Hann telur einu leiðina að því markmiði vera þá að líta á fötlun út frá hinu félagslega líkani en kominn sé tími á að endurskoða það og endurnýja.

Á Norðurlöndunum hefur hin lækisfræðilega nálgun á fötlun einnig verið gagnrýnd. Þrátt fyrir ólíkar áherslur þessara landa má finna sameiginlegan skilning á

fötlun sem norski fræðimaðurinn Jan Tössebro hefur nefnt hinn norræna tengslaskilning á fötlun. Rannveig Traustadóttir (2003) bendir á að í hugmyndum Tössebro um hinn norræna tengslaskilning megi greina þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi sé umhverfið lagað að fyrirfram ákveðnu snormið og þar sem fatlað fólk er frábrugðið því sem telst šeðlilegtó fellur það ekki vel að samfélaginu. Í öðru lagi sé fötlun aðstæðubundin, því ef við erum fötluð á einu sviði erum við ekki endilega fötluð á öðrum sviðum. Í þriðja lagi sé fötlun félagslega og pólitískt ákvörðuð og getur því verið tilviljanakennt hver telst fatlaður og hver ekki á hverjum tíma. Má til dæmis nefna að í flestum samfélögum er fötlun ákvörðuð út frá greindarvísitölu og í gegnum tíðina hefur verið afar mismunandi hvar þau mörk hafa verið sett.

1.1.1 Sjálfsákvörðunarréttur og sjálfræði

Í þeirri umræðu sem hefur skapast innan fötlunarfræði hefur mikil áhersla verið á hugtökum eins og sjálfsákvörðunarrétti og sjálfræði. Ákvarðanatáka og sjálfsákvörðunarréttur (self-determination) er okkur öllum mjög mikilvægur svo og eiginleikinn og þörfin fyrir að velja og að hafa valmöguleika án pressu eða ýtni annarra (Wehmeyer, 1996). Lykilhugtök varðandi sjálfsákvörðunarrétt eru annars vegar sjálfstæði sem felst í að vera sjálfum sér nægur og vald fólks til að ráða hvernig lífi það lifir. Hins vegar eru það lífsgæði sem snúast um mannréttindi og möguleika okkar til valdeflingar, til að þróa jákvæða sjálfsmýnd, hafa stjórn á eigin lífi, eiga val og vald til að ákveða hvar og hvernig maður vill lifa lífinu, eins og varðandi nám og búsetu (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Einnig er mikilvægt að fá að vera á því þroskatímabili sem ævin skiptist í hverju sinni eins og það að fá að vera unglíngur á unglíngsárunum (Wehmeyer, 1996). Þarna er því um að ræða eiginleika fólks, sérstaka hæfni þess, hegðun, viðhorf og val (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006).

Sjálfræði manneskju telst til ákveðins frelsis. Frelsi er ekki algilt en felst í að ákveða sjálfur hvernig lífi maður vill lifa út frá eigin viðmiðunum og gildum. Það getur enginn maður verið algjörlega frjáls þar sem við lútum öll ákveðnum reglum í samfélaginu auk þess sem við fæðumst með misjafna eiginleika inn í þennan heim, andlega og/eða líkamlega. Við getum þó ákveðið hvað við viljum og hvað við viljum ekki (Páll Skúlason, 1990) innan ákveðins ramma samfélagsins. Allir menn eiga að vera jafnir þó misrétti eigi sér víða stað. Samkvæmt Vilhjálmi Árnasyni (2003) gerir fólk oft tilraunir til að breyta þessum ramma samfélagsins með það að markmiði að ná fram

jöfnum rétti fyrir alla eins og til dæmis gerist innan fötlunarfræðanna. Freyja Haraldsdóttir (2006), sem er fötluð ung kona, sagði þetta um frelsi einstaklingsins:

Í mínum huga er það þegar manneskja getur sagt það sem hún vill, óháð öðrum. Sem sagt þegar manneskja getur verið það sem hún vill vera. Við sem búum við fötlun höfum skert frelsi.

Jafnframt segir hún: Samkvæmt lögum og reglugerðum höfum við mikinn rétt og mikið frelsi en því miður virðast þetta vera orð, sem lifna sjaldnast við, þau eru bara til á blaði.

Það skiptir mjög miklu máli að hver einstaklingur fái að njóta sín út frá persónu sinni og eigin verðleikum hver sem staða, hæfileikar og hlutverk hans eru í lífinu. Treysta þarf samstarf fötlunarfræða og samtaka fatlaðs fólks því mikilvægt er að raddir fatlaðs fólks heyrist. Sjálfsákvarðanir hafa innleitt og útbreitt hugarfarsbreytingu á fötlun í samfélaginu, hlutverki menntunar og valdeflingu fatlaðs fólks á að tala fyrir sig sjálf. Sjálfsákvarðanir auka líkurnar á jöfnum rétti til þjónustu og jöfnum rétti til eðlilegs lífs. Fötluðu fólki og fólki með þroskahömlun ætti því að vera gefið tækifæri til að tileinka sér þá þekkingu og færni sem þeim er nauðsynleg til að fá réttindum sínum fullnægt (Wehmeyer, 1996). Mikilvægt er að ungmenni fái að vera þátttakendur í ákvörðunum um líf sitt, tómstundir og nám. Að líf þeirra taki mið af óskum þeirra og stefnu í lífinu.

1.2 Félagsfræði barnæskunnar og lífshlaup

Á undanförunum árum hefur sýnin á börnin og æskuna tekið breytingum og í auknum mæli er farið að líta á börn sem virka gerendur í sínu lífi. Félagsfræði barnæskunnar hefur átt þátt í að byggja upp nýjan skilning á börnum og aðstæðum þeirra. Rannveig Traustadóttir (2007) segir sýn á æsku barna að miklu leyti hafa byggst á sálfræði þar sem þroskaferli og félagsmótun barna er skoðað á þröngan og oft læknisfræðilegan hátt. Sú sýn sem almennt hefur verið ríkjandi um barnæskuna hefur lagt áherslu á að öll börn þroskist á svipaðan hátt og byggt er á að þroskaferill barna felist í röð stiga sem ná þarf á leið okkar til fullorðinsára. Bent hefur verið á að þessar kenningar skapi ósveigjanlega skilgreiningu á það hvað þýðir að vera eðlilegt barn. Litið er svo á að þeir sem víkja frá þessu normi séu frávik frá hinu eðlilega viðmiði og að fötluð börn séu þá óeðlileg miðað við eðlilegan þroskaferil. Kenningar um eðlilegan þroskaferil barna og eðlilegt lífshlaup hafa því haft djúpstæð áhrif á líf fatlaðra barna, sérstaklega í ljósi þess að algengt hefur

verið að skilgreina þau sem félagslegt vandamál í samfélagi okkar (Rannveig Traustadóttir, 2007). Í félagsfræði barnæskunnar er aftur á móti lögð áhersla á að skilja upplifun barna og ungmenna sjálfra, reynslu þeirra og tilfinningar. Velferðarþjónusta, menntastofnanir og heilbrigðisþjónusta eru umhverfisþættir, auk félagsþátta, sem hafa haft áhrif á líf barnanna og þar hefur verið algengt að hinir fullorðnir sitji við stjórnvölinn og taki ákvarðanir og tali fyrir hönd barna og ungmenna. Bent hefur verið á að rödd þeirra sjálfra þurfi að heyrast, víkka þarf valdsviðið og gefa meiri möguleika á samvinnu. Samfélagið viðheldur oft fötlun einstaklinga með úrræða- og tillitsleysi í þeirra garð. Tilhneiging hefur verið til að líta á fötluð börn út frá skerðingu þeirra, að þau séu sháð öðrum, byrði og geti ekki varið sig (Rannveig Traustadóttir, 2007). Talið er að séu börn ofvernduð og ekki hvött til jafnar þátttöku muni þau samkvæmt Alderson (2008) missa af mikilvægum félagslegum tækifærum sem komið geti niður á lífsgæðum barnanna. Samkvæmt Freyju Haraldsdóttur (2008) er hverjum einstaklingi hollt að fara út fyrir þægindahringinn því börn læri reglur, samvinnu, samskipti við fólk og virðingu í hinu almenna skólakerfi sem sé nauðsynlegt þegar kemur að því að lifa í almennu samfélagi með öðru fólki. Krakkar spegli sig í jafnöldrunum, eigi fyrirmyndir og læri af góðu og illu í fjölbreyttum hópi. Bakgrunnur og fjölskyldugerðir eru misjafnar og börn alast upp við ólík uppeldisskilyrði. Það er mikilvægt að hlusta eftir sýn og tilfinningum barnanna sjálfra því þau ættu að fá að vera virkir þjóðfélagsþegnar en ekki sviðföng velferðarþjónustu og klínískra inngripað að sögn Rannveigar Traustadóttur (2007).

Lífshlaup felst í snútimaskilningi á félagslegum þáttum. Reynt er að skilja raunveruleg lífsferli barna, með hliðsjón af þeim sem hafa, fram að þessu, verið skilgreind sem šeðlileg þrep í lífi allra barna. Þá kemur ofurvald kenninga um šeðlilegan þroskaferil og þroskasálfræði í ljós og áhrif þeirra á líf fatlaðra barna og ungmenna. Ákveðin mörk innan samfélagsins gera það að verkum að fötluð börn eiga á hættu að teljast šfrávik frá hinu eðlilega viðmiði og tilhneiging er til að skilgreina þau sem félagsleg vandamál. Vandinn er að miklu leyti með hvaða hætti stefna og þjónusta eru mótuð af stjórnvöldum (Rannveig Traustadóttir, 2007). Einstaklingar eru börn til að átján ára aldurs og fram að því eru foreldrar forráðamenn þeirra. Samstarf milli foreldra og barns þeirra er einstaklingsbundið og getur farið eftir aldri og stöðu barnsins en einnig viðmiðum og gildum foreldranna. Talið er jákvætt að börn taki þátt í ákvörðunum sem varða þeirra líf. Æskilegt er að švægi sjálfræðis einstaklings aukist með aldrinum samkvæmt Vilhjálmi Árnasyni (2003) og þar með dregur í sama mæli úr

samþykki forráðamanna en þó með tilliti til þunga þess sem taka á ákvörðun um. Vilhjálmur segir jafnframt að huga þurfi að þroskastigi barns og gefa því tækifæri til að taka eigin ákvarðanir eins og kostur er en þó alltaf með þeirri takmörkun að þau skaði hvorki sig né umhverfi sitt með ákvörðunum sínum. Með aldri og þroska lærir hver einstaklingur inn á sjálfan sig og sinn vilja í lífinu, hann öðlast sitt eigið gildismat.

1.3 Réttur til náms

Nú á skólinn að taka við þeim efniviði sem honum áskotnast og vinna úr honum öllum hina bestu vöru, svo samlíking sé tekin af framleiðsluiðnaði nútímans; hann á ekki lengur að velja það besta úr (Grétar L. Marinósson, 2003).

Á undanförunum áratugum hefur skólasamfélag á Íslandi tekið miklum breytingum. Í nútímasamfélagi er kveðið á um að skóli eigi að vera fyrir alla og ríkjandi menntastefna er skóli án aðgreiningar eins og fram kemur í lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Í ljósi settra laga og námskráa sést hvernig skóli án aðgreiningar ætti að vera og endurspeglar í einhverjum mæli viðhorf samfélagsins til málefnisins í dag; Jafn réttur allra til náms sem miðar að þroska og námi við hæfi hvers og eins (aðalnámskrá framhaldsskóla 2004, aðalnámskrá grunnskóla 2006). Áherslan er á að öll börn og ungmenni, óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, eigi rétt á námi án aðgreiningar í sínum heimaskóla (lög um grunnskóla 2008, aðalnámskrá grunnskóla 2006).

Árið 1907 voru sett lög um almenna skólaskyldu hérlendis og tóku þau til 10-14 ára barna. Lögin náðu þó ekki til fatlaðra barna og var fyrsti sérskóli fyrir fötluð börn, Höfðaskóli, stofnaður 1961. Árið 1974 voru samþykkt lög um grunnskóla (nr. 63/1974). Þar kemur fram að fötluð börn sem ekki geta notið almennrar kennslu skuli fá kennslu við hæfi í því rými sem til þarf (Margrét Margeirsdóttir, 2001). Þar var í fyrsta sinn talað um að skóli væri fyrir öll börn. Þó var sérstaklega tekið fram að gera skyldi ráð fyrir að tveir hópar, sjúklingar og þroskaheftir, væru á stofnunum. Árið 1977 var sett reglugerð um sérkennslu, nr. 270/1977, og um leið var kominn fjárhagslegur grunnur til að greiða fyrir hin ýmsu sérkennsluúrræði sem stóðu nemendum með sérþarfir til boða. Dóra S. Bjarnason (1991) segir hugtakið šblöndunö fatlaðra og ófatlaðra fyrst vera lögbundið í lögum um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 en einnig áfram í lögum um málefni fatlaðra nr. 41/1983 þar sem vakin var athygli á stöðu fatlaðs fólks. Í lögum um grunnskóla nr. 49/1991 var krafa orðin skýrari um að barn ætti að vera í almennum

skóla og helst í almennum bekk. Ísland er aðili að Salamanca-yfirlýsingunni sem samþykkt var árið 1994, en þar er kveðið á um rétt allra barna, unglinga og fullorðinna, með sérþarfir, til náms í almennum grunnskólum. Það sem einkennir þessa yfirlýsingu er krafan um að koma til móts við börnin á einstaklingsgrundvelli í kennslu. Árið 1995 færðist grunnskólinn yfir til sveitarfélaganna og í lögum um grunnskóla (nr. 66/1995) kom hugtakið sérkennsla ekki fyrir en tekið var fram að börn ættu rétt á sérstökum stuðningi í námi.

Í núverandi grunnskólalögum frá árinu 2008 er talað um nemendur með sérþarfir. Þar er einnig í fyrsta sinn í lögum hér á landi talað um skóla án aðgreiningar og það er gert í kaflanum um nemendur með sérþarfir en þar er tekið fram að þeir eigi rétt á menntun í grunnskóla án aðgreiningar. Segir að markmið náms sé að nemendur eigi að geta náð námsmarkmiðum með ólíkum hætti ef þess gerist þörf en á sem heildstæðastan máta og ber skólum að stuðla að þroska, menntun og velferð allra nemenda. Sé þess þörf er hægt að beita sérúrræði þar sem nemandi fær þá þsérhæft umhverfi til námsö þann tíma sem þörf er á ef foreldrar, kennarar og sérfræðingar óska þess. Í reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996 kemur fram að sveitarfélög geti rekið sérdeildir eða sérskóla ein eða í samstarfi við hvert annað.

Réttur fatlaðra ungmenna í framhaldsskólum var að mestu tryggður árið 1996, oft innan sérúrræða sem nefnast starfsbrautir. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 eiga allir rétt til náms í framhaldsskóla sem eru orðnir 16 ára eða hafa lokið grunnskóla og hafa rétt til það stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldursö en þangað nær fræðsluskylðan í dag. Hver framhaldsskóli ber sjálfur ábyrgð á að innrita nemendur og eiga fatlaðir nemendur rétt á sérstökum stuðningi í námi sínu ef þess þarf og þá skal stuðst við sérlög um málefni fatlaðra nr. 59/1992, sé þess þörf. Æskilegast er talið að fatlaðir nemendur stundi nám við hlið ófatlaðra nemenda. Hlutverk framhaldsskóla er það stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfið samkvæmt lögum um framhaldsskóla (2008). Í lögunum segir jafnframt að þeir eigi að undirbúa nemendur undir atvinnuþátttöku eða frekara nám. Í dag geta því allir einstaklingar sótt um nám í framhaldsskóla óháð atgervi eða stöðu. Geti fatlaður nemandi ekki stundað nám við hlið ófatlaðra nemenda á almennum námsbrautum getur hann sótt um að stunda nám á starfsbraut.

Í námskrá starfsbrauta framhaldsskólanna (2005) kemur fram að nám á meðal annars að vera einstaklingsmiðað, fjögurra ára nám, sem byggist á bóklegum og

verklegum þáttum sem skiptast í einingabæra áfanga. Námið á að auka sjálfstæði, sjálfstraust og samskiptahæfni í lífinu, nemendur kynnist margbreytileika samfélagsins, auki möguleika sína til framhaldsnáms við hæfi og einnig er lagt upp úr því að nemendur hafi kost á að stunda nám með ófötluðum nemendum, deildin einangrist ekki og sé hluti af skólaheildinni. Viðfangsefni nemenda eiga að stuðla að sem mestu sjálfstæði einstaklingsins á heimili og í þjóðfélaginu. Nemendur fái tengingu við atvinnulífið og fari í starfskynningar og þjálfun með því markmiði að öðlast vinnufærni og fái atvinnutækifæri að námi loknu samkvæmt námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla; Sérdeildir (2005). Nýjar námskrár fyrir starfsbrautir eru í vinnslu hjá starfsbrautum skólanna sjálfra þar sem gefinn er sveigjanleiki til eigin þróunar út frá námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla (2005) en starf hefst samkvæmt þeim 1. ágúst 2011 eins og segir í lögum um framhaldsskóla (2008).

1.3.1 Skóli án aðgreiningar

Stefnan í skólamálum í dag er skóli án aðgreiningar. Í lögum, sáttmálum og aðalnámskrám er skóla án aðgreiningar gerð skil eins og fram hefur komið. Í Salamanca-yfirlýsingunni (1994) kemur fram að fatlaðir nemendur eigi að vera hluti hins heildstæða skólakerfis þar sem öll börn hafa sama rétt til náms. Skóli án aðgreiningar eða skóli margbreytileikans (inclusive schools) varðar alla nemendur skólakerfisins og vísar til hins daglega lífs innan skóla. Samkvæmt Eiríki Brynjólfssyni (2007) felst kennsla nemendanna í að aðstoðin við þá komi inn í bekkinn en nemandinn sé ekki lokaður í sérúrræði þar sem šeðlilegð félagsleg tengsl og þátttaka í bekk eru rofin. Jafnframt segir hann æskilegt að kennarar tileinki sér þá þekkingu og færni sem þarf til að kenna fjölbreyttum hópi en eins og segir í aðalnámskrá grunnskóla (2006) og framhaldsskóla (2004) á hver og einn rétt á námi miðað við getu og færni þar sem einnig er stuðlað að auknum þroska.

Hið svokallaða módel Ítala um skóla án aðgreiningar hófst um 1970 og felst í þeirri útgefnu stefnu að *án aðgreiningar* merki ávallt að samþykkja eigi margbreytileikann í samfélaginu þar sem munur fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga stuðli ekki að óréttlæti milli manna (Ferri, 2008). Ferri segir að í skólum séu kennarar með stuðningskennara í bekkjum sínum og námsáætlun mótuð á þann hátt að allir nemendur fái þá aðstöðu, gögn og þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda. Viðurkennt er að námsþarfir eru ólíkar og enginn er stimplaður vegna stöðu sinnar. Frá upphafi hefur

verið talið að margbreytileikinn sé öllum til hagsbóta og bæti samfélagið auk þess sem reynsla allra verði ríkari. Ferri segir rannsóknir hafa sýnt að stuðningur yfirvalda, samvinna og sameiginleg sýn (shared vision) séu lykilþættir hvað jákvætt hugarfar í garð skóla án aðgreiningar varðar. Afsakanir eru ekki teknar gildar, *šfull inclusion – no excuses*.

šAllir eru bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku, og ber að breyta bróðurlega hverjum við annanð segir í 1. gr. í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (1948).

Þar segir einnig í 26. gr. šAllir eiga rétt til menntunar. Skal hún veitt ókeypis, að minnsta kosti á grunnskóla- og undirstöðustigum. Grunnskólamenntun skal vera skylda. Starfsmenntun og sérmenntun skal standa öllum til boða og háskólamenntun vera öllum jafnfrjáls á hæfnisgrundvellið.

Í tengslum við skóla án aðgreiningar hafa hugtök eins og blöndun verið til umræðu. Nátegt hugtakinu um blöndun er hugtakið šnormaliseringð en það felst í að efla virkni allra innan skólasamfélagsins og skoða af metnaði hvar við stöndum, hvert við ætlum og hvernig. Að koma auga á þau tæki sem við höfum í höndunum og nýta allt sem mögulegt er til að ná árangri í starfinu. Reynt sé af kostgæfni að koma til móts við þarfir allra og ryðja hindrunum úr vegi (Dóra S. Bjarnason, 1991). Hindranir geta meðal annars falist í að fatlað fólk sé stimplað sem šfrávikarð og hindrað vegna skerðinga sinna í að njóta þess sem samfélagið hefur upp á að bjóða til jafns við aðra. Dóra telur sameiginlega þátttöku vera grundvallarmannréttindi allra einstaklinga, fatlaðra sem og ófatlaðra. Hver og einn er einstakur og æskileg er sú stefna að miða að þörfum hvers og eins í skóla margbreytileikans.

1.3.2 Tilfærsla milli skólastiga

Tilfærsla á hér við um þá breytingu sem nemendur ganga í gegnum við lok grunnskóla þegar þeir færast á annað menntastig, í framhaldsskóla. Fram kemur í lögum um grunnskóla (2008) að gera eigi grein fyrir því í aðalnámskrá hvernig aðlögun milli skólastiga eigi að fara fram. Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla (2006) kemur fram mikilvægi samstarfs milli skólastiga og aðlögunar barna við tilfærslu milli leik- og grunnskóla. Þegar kemur að tilfærslu milli grunn- og framhaldsskóla virðist skólunum í sjálfsvald sett með hvaða hætti staðið er að henni. Framhaldsskólar heyra undir mennta-

og menningarmálaráðuneytið og fá fjárframlög sín þaðan en grunnskólarnir frá sveitarfélögum þó mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi yfirstjórn og eftirlit með grunnskólum samkvæmt lögum um grunnskóla (2008). Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla (2006) kemur fram að flestir nemendur fara í framhaldsskóla við grunnskólalok. Þar er jafnframt komið inn á að undirbúningur fyrir framhaldsskóla þurfi að hefjast í 8. bekk grunnskóla í því skyni að nemendur geti farið að undirbúa sig og horfa til framtíðar. Með slíkum undirbúningi eru meiri líkur á að nám sé við hæfi og miðað að þörfum nemendanna sjálfra og foreldra þeirra. Á þann hátt taka nemendur ábyrgð á sínu námi. Uppfylli nemandi ekki inntökuskilyrði í framhaldsskóla hefur hann möguleika á að sækja um almenna braut þar sem kostur gefst á að bæta upp námsárangur sinn eða hann getur sótt um á starfsbraut. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla (2008) ber framhaldsskóli ábyrgð á innritun nemenda sinna en engin stefna er þó hvað tilfærslu á starfsbraut varðar.

1.3.3 Tengdar rannsóknir

Íslenskar rannsóknir um tilfærslu milli grunn- og framhaldsskóla eru af skornum skammti en til eru nokkuð margar erlendar rannsóknir. Tengdar íslenskar rannsóknir eru eftirfarandi:

Doktorsritgerð Dóru Sigríðar Bjarnason (2003) sem ber yfirskriftina *The social construction of disabled adulthood: New voices from Iceland. A qualitative study of the perspectives of 36 disabled people, aged 16-24*. Hún fjallar um þann stuðning og hindranir sem fyrsta kynslóð fatlaðra ungmenna upplifði eftir lagasetningu um eðlilegt líf og fulla þátttöku allra að menntakerfi og samfélagi án aðgreiningar. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að mörg ungmennanna urðu fyrir einelti meðan á skyldunámi á grunnskólastigi stóð. Við tilfærslu yfir í framhaldsskóla og innan framhaldsskólaumhverfisins virtust líkurnar á einelti minnka. Áætlanir og námskrá framhaldsskólanna juku möguleika fatlaðra nemenda til þátttöku í skólasamfélaginu. Þrátt fyrir menntastefnu grunnskólanna, og vilja kennara til stefnu um skóla án aðgreiningar í grunnskólum, komst Dóra að því að á unglingsstigi var skipulag með þeim hætti að það jók á útilokun fatlaðra nemenda á þann hátt að einstaklingsmiðun í námi skorti. Margir af foreldrum ungmennanna í rannsókninni sáu sig knúna til að hafa áhrif á skólastarfið og berjast fyrir réttindum barna sinna. Samkvæmt niðurstöðum Dóru var starfsfólk framhaldsskóla bæði leiðandi og mikilvægir bakhjarlar nemenda innan

skólanna en hún gagnrýnir þó að sumir sérkennaranna fari í foreldrahlutverk sem virtist hindra ungmennin í að taka áhættu og mynda tengsl meðal ófatlaðra jafnaldra sinna. Hluti foreldrahópsins taldi eitthvað athugavert við kerfið, töldu margir þeirra að þeir og börnin þeirra fengju lítinn stuðning frá kerfinu og sumum fannst kerfið hafa brugðist þeim algjörlega. Þeim mun meiri sem skerðing ungmennanna var því minni líkur voru á félagstengslum við ófatlaða nemendur, svo sem liðveislu, sem er persónulegur stuðningur við einstakling, eða að skólavinir heilsuðu fötluðum nemendum í skólasamfélaginu. Ungmenni rannsóknarinnar sem létu sig dreyma um framtíð sína höfðu svipaða sýn ófatlaðir jafnaldrar þeirra sem var að eiga eigið heimili, vera í vinnu og eiga áhugamál. Flestir vonuðust eftir maka og kannski barni. Hvorki það að vera skilgreindur fatlaður eða lifa með fötlun innan samfélagsins útilokuðu þennan draum sem þau deila með öðru ungu ófötluðu fólki.

Meistaraprófsritgerð Kristínar Björnsdóttur (2002) sem heitir *Þroskaheftir framhaldsskólanemendur* fjallar um þátttöku 15 þroskaheftra framhaldsskólanemenda í skólastarfi. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að almenn stefna sé að mennta nemendur með þroskahömlun í framhaldsskólum þó þekking á stefnu um skóla án aðgreiningar sé takmörkuð. Fáir nemendur sérnámsbrauta fá tækifæri til að sækja tíma á öðrum brautum og þá með ómarkvissum hætti. Svo virðist sem nemendur sérnámsbrauta hópi sig ásaman í klíkuröð og séu saman í námi og félagsstarfi. Fram kom að ófatlaðir nemendur virtust líta á nemendur sérnámsbrauta sem þfatlaðað einstaklinga á einsleitum máta þrátt fyrir að nemendur sérnámsbrauta samanstandi af mjög ólíkum einstaklingum. Ófatlaðir nemendur töldu nemendur sérnámsbrauta mjög ólíka sér í klæðaburði og hvað umhirðu varðar sem virtist hafa áhrif á skoðun þeirra. Niðurstöður bentu einnig til þess að flestir nemenda með þroskahömlun hafi ekki tekið virkan þátt í félagsstarfi og margir voru mikið heima og stunduðu að takmörkuðu leyti félagsstarf utan skóla. Starfsfólk skóla virtist eiga erfitt með að treysta fötluðum nemendum í matsal og hafði litla trú á vinskap fatlaðra og ófatlaðra nemenda þrátt fyrir að þeir nemendur væru oft jákvæðir í garð nemenda með þroskahömlun. Flest ungmennanna höfðu áhuga á að stunda nám á brautum með ófötluðum nemendum. Jafnframt teljast ófatlaðir nemendur mikilvægar fyrirmyndir fatlaðra ungmenna hvað almennt unglingahátterni varðar t.a.m. hegðun og klæðaburð. Kristín segir framhaldsskólann félagslega mikilvægan fötluðum ungmönnum og vera síðasta markvissa námsframboðið. Ungmenni höfðu mörg hug á áframhaldandi námi og draumastörfin voru vinna á almennum vinnumarkaði. Fram kemur að inntökuskilyrði á sérnámsbrautir

hindri fatlaða nemendur í að velja um nám á almennum brautum við hlið ófatlaðra nemenda, sem þeir eiga þó rétt á samkvæmt lögum.

Meistaraprófsritgerð Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005) *Tilfærsla fatlaðra ungmenna úr skóla yfir í atvinnulíf* varpar ljósi á tilfærslu fatlaðra ungmenna yfir í atvinnulíf auk þess að veita innsýn í reynslu ungmenna og foreldra þeirra af því ferli sem átti sér stað. Í niðurstöðum rannsóknarinnar er margt sem bendir til að læknisfræðilegi skilningurinn á fötlun sé nokkuð mikið stýrandi hvað vinnulag varðar á starfsbrautum, sem felst meðal annars í að litið er svo á að fötlunin búi í einstaklingnum sjálfum. Nemendur stunda nám í aðgreindum kennslustofum og taka ekki þátt í almennu námi vegna fötlunar sinnar. Kennarar töldu nemendur ekki færa um þátttöku í almennu námi. Fram kom að sum ungmennanna liðu fyrir þessa sýn. Einnig kom fram að ekki voru gerðar kröfur til þess að framhaldsskólinn aðlagði sig að þörfum fatlaðra nemenda. Niðurstöður bentu einnig til að fatlaðir nemendur fengju ekki að taka þátt í almennum áföngum þrátt fyrir að þeim þætti mikilvægt að kynnast ófötludum nemendum.

Meistararitgerð Helgu Gísladóttur (2007) *Nám á starfsbraut framhaldsskóla; Undirbúningur fyrir fullorðinsár* fjallar um nám á starfsbrautum og hvað taki við hjá fötluðum ungmennum að framhaldsskóla loknum. Helga talar í þessu samhengi um tilfærslu til fullorðinsára. Í niðurstöðum rannsóknar Helgu kemur fram að þrátt fyrir að 11 ár hafi verið liðin frá því að framhaldsskólarnir tóku fyrst á móti fötluðum nemendum, þar til rannsókn hennar var gerð, sé tilgangur náms á starfsbrautum og hverju það á að skila nemendum enn ekki að fullu ljós. Skerðing nemenda sé lögð til grundvallar í náminu og endurspeglar, eins og fram kom í rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005), læknisfræðilegan skilning á fötlun. Fram kemur að svo virðist sem fötluð ungmenni séu líklegri til að útskrifast í láglauastörf, atvinnu á vernduðum vinnustöðum eða að atvinnuleysi bíði þeirra. Einnig kemur fram að þátttaka foreldra til ákvarðanatöku varðandi nám barna sinna í framhaldsskóla sé í formi tillagna en ekki með þeim hætti að þeir séu šleiðandi við skipulagningu námsins. Þá segir að foreldrar ættu, ásamt nemendum, að vera šlykilpersónur í ákvarðanatöku um framtíð barna þeirra.

Rannsóknin *Tálmar og Tækifæri; Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi* (2007) var framkvæmd undir stjórn Gretars L. Marinóssonar prófessors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Um er að ræða rannsókn á því hvort nemendur með þroskahömlun á aldrinum 2-20 ára fái sambærilega menntun og jafnaldrar þeirra sem

ekki eru með þroskahömlun. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur meðal annars fram að helmingur foreldra barna sem voru í sérskóla voru hvattir til að senda börn sín í sérskóla fremur en almennan grunnskóla. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins aðstoðaði foreldra við að velja börnum sínum sérskóla í 57% tilfella en þess utan hvöttu sérfræðingar skólaskrifstofu/menntasviðs, barnalæknar og skólastjórnendur foreldra til að sækja um skólavist fyrir börn sín í sérskóla. Fram kom að eftir því sem ofar kom í skólakerfinu jókst að nám nemenda með þroskahömlun færi fram inni í afmörkuðum rýmum, sérlega þegar í framhaldsskóla kom á sérnámsbrautum. Þrátt fyrir vilja kennara til meiri samruna við aðrar brautir þá virtust starfsbrautir vera einangraðar frá starfi skólans, m.a. í aðgreindu húsnæði, hvað kennslu varðaði og nemendur voru félagslega einangraðir.

Samantekt.

Fötlunarfræði er ung fræðigrein sem leggur félagslegan skilning á fötlun til grundvallar. Þeir sem aðhyllast félagslegan skilning á fötlun eiga það sameiginlegt að gagnrýna læknisfræðilegan skilning á fötlun þar sem litið er svo á að skerðing teljist orsök allra vandamála einstaklings. Jafnframt hefur áhersla verið á að berjast fyrir jöfnum rétti allra manna og þátttöku í samfélögunum, hver sem staða þeirra er í lífinu. Viðurkenna ætti fjölbreytileikann þar sem einstaklingar, börn sem fullorðnir, eru sjálfir sérfræðingar í eigin þörfum auk þess sem foreldrar þekkja börn sín oftast best. Ríkjandi stefna hérlandis er skóli án aðgreiningar, sem felst í jöfnum rétti allra einstaklinga til náms. Árið 1996 öðluðust fatlaðir nemendur rétt til náms í framhaldsskólum á starfsbrautum ef þeir ættu þess ekki kost að stunda nám við hlið ófatlaðra nemenda. Í rannsóknunum hér að ofan kemur sterkt fram að greining um fötlun stýri því að nemendur stunda nám sitt í sérúrræðum innan framhaldsskóla, þ.e. starfsbrautum. Þar myndist lítið samfélag sem oft virðist aðgreint skólasamfélaginu í heild. Fatlaðir nemendur virðast því hafa takmörkuð tækifæri til að stunda nám utan starfsbrauta. Svo virðist sem skólasamfélagið sé ekki í stakk búið til að veita fötluðum nemendum tækifæri til náms án aðgreiningar við hlið ófatlaðra nemenda. Í næsta kafla fjalla ég um framkvæmd rannsóknarinnar og kynni þátttakendur mína.

2 Kafli tvö. Framkvæmd rannsóknar

Í þessum kafla mun ég gera grein fyrir markmiði rannsóknar, rannsóknarspurningum og fjalla um vinnslu rannsóknarinnar sjálfrar. Einnig mun ég kynna ungmennin fjögur og aðra þátttakendur rannsóknarinnar.

Markmið rannsóknar minnar er að skoða hvað felst í tilfærslu fatlaðra nemenda milli grunn- og framhaldsskóla, annars vegar úr sérskóla og hins vegar úr almennum grunnskóla. Einnig er markmiðið að kynnast upplifun, reynslu og líðan ungmennanna og fá innsýn í reynsluheim, vonir og væntingar foreldra þeirra yfir það tímabil sem rannsóknin nær til, í þeim tilgangi að dýpka þekkingu á ferli tilfærslunnar og öðlast innsýn í reynslu þátttakenda. Rannsóknarspurningar þróuðust á rannsóknartíma og eins og áður hefur komið fram fólust þær í eftirfarandi: Með hvaða hætti er staðið að tilfærslu fatlaðra nemenda milli grunn- og framhaldsskóla? Hverjar eru væntingar fatlaðra nemenda og fjölskyldna þeirra til framhaldsskólans og standast þær á fyrsta ári í framhaldsskóla? Að hvaða leyti taka fatlaðir nemendur sjálfir ákvarðanir um líf sitt og nám? Hvaða áhrif hefur tilfærsla milli skólastiga á líf fatlaðra ungmenna og fjölskyldur þeirra? Hver er sýn fatlaðra ungmenna og foreldra þeirra á líf sitt, nám og framtíð?

2.1 Aðferð

Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði sem meðal annars felst í að rýna út fyrir hinn hefðbundna hversdagsleika og reyna að skilja hlutina í félagslegu samhengi. Rannsakendur reyna að öðlast skilning á félagslegum atburðum með því að fylgjast með því fólki sem upplifir atburðina (Esterberg, 2002). Eigindlegar aðferðir snúast því um að kafa djúpt í þeim tilgangi að öðlast skilning á hugarfari og aðstæðum fólks í ljósi þeirra aðstæðna sem það býr við eða hefur búið við. Esterberg (2002) segir að slíkt geti meðal annars varpað ljósi á mikilsverð málefni og einnig hjálpað þátttakendum að takast á við líf sitt og koma mikilvægum og áhugaverðum upplýsingum á framfæri. Þetta getur sérstaklega átt við minnihlutahópa í samfélaginu. Eigindlegar rannsóknir lýsa upplifun einstaklinga í menningu okkar og oft má sjá tengsl milli upplifunar þátttakenda í rannsóknnum og fræðilegrar þekkingar. Þegar tekin eru viðtöl við varnarlausa einstaklinga eins og ungmennin í rannsókn minni segir Guðrún V. Stefánsdóttir (2008) að sá möguleiki sé fyrir hendi að einstaklingarnir eigi í einhverskonar vanda šmeð að tjá sig eða skorti málskilningö. Í þeim viðtölum sem ég átti við fötluðu ungmennin stóð ég

stundum frammi fyrir þessum vanda. Guðrún segir rannsakanda þurfa að vera athugulan og hugmyndagóðan til að samtölin gangi sem best. Ég reyndi að spyrja ungmennin beinna spurninga, lesa í svipbrigði þeirra og tjáningu, gæta hlutleysis og leyfa þeim að tjá sig í eins miklum mæli og þau vildu. Einnig gætti ég þess að spjalla almennt við ungmennin fyrir og eftir viðtölin og hafa viðtölin stutt til að þreyta þau ekki.

2.2 Þátttakendur og umfang rannsóknar

Upphaflega ætlaði ég að rannsaka með hvaða hætti tilfærsla milli skólastiga færi fram frá almennum grunnskóla, sérskóla fyrir fötluð börn og einkarekins grunnskóla auk þess sem í upphafi var ætlun mín að fleiri ungmenni tækju þátt. Í samstarfi við leiðsagnarkennara minn var sú ákvörðun tekin að miðað við umfang rannsóknarinnar væri nóg að fylgja fjórum nemendum eftir sem úr varð. Ég valdi þátttakendur með það að markmiði að tveir nemendur kæmu frá hvorum skóla fyrir sig. Auk nemendanna fjögurra voru 18 þátttakendur, sjö foreldrar, fimm starfsmenn grunnskóla, fimm starfsmenn framhaldsskóla og einn starfsmaður mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ég hafði samband við starfsmenn skólanna sem flestir voru mér ókunnugir. Einn starfsmaður úr hvorum grunnskóla tók að sér að kanna vilja foreldra og barna þeirra til þátttöku. Eftir að nemendur hófu nám í framhaldsskóla leitaði ég til fjögurra starfsmanna sem einna mest starfa með nemendum á starfsbrautum eða í sérúrræðum eftir að hafa fengið upplýsingar um nöfn framhaldsskólanna hjá foreldrum og starfsmönnum grunnskólanna. Allir sem ég leitaði til voru mjög jákvæðir og viljugir til þátttöku. Ég mætti því góðu viðmóti í hvívetna. Innan framhaldsskólanna mætti ég einnig jákvæðu viðmóti og velvilja til þátttöku og það sama á við um Ragnheiði Bóasdóttur sérfræðing hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þeir þátttakendur sem rannsóknin snýst um eru fjögur ungmenni sem nú eru á sautjándra aldursári en í rannsókninni kanna ég hvernig staðið var að tilfærslu þeirra úr grunnskóla í framhaldsskóla. Þrjú þeirra eru einhverf og eitt með þroskahömlun og lesblindu. Ég las ekki fötlunargreiningar á ungmennunum enda markmið mitt að kynnast persónum þeirra sjálfra. Þrjú ungmennanna nota talmál og eitt þeirra táknmál. Þeim nemanda sem notar táknmál kynntist ég í vettvangsheimsókn í framhaldsskóla og með samtölum við foreldra, starfsmenn grunnskóla og tvo helstu aðstoðarmenn hans innan framhaldsskólans. Viðtöl við ungmennin þróuðust nokkuð og tveimur þeirra þótti mjög gott að fá tækifæri til að ræða um sjálf sig og opnuðu sig meira fyrir mér með hverju

skiptinu sem ég hitti þau. Þetta voru unglingsdrengr og unglingsstúlka sem koma úr sitt hvorum skólanum. Hér kemur stutt lýsing á nemendum og aðstæðum þeirra. Eins og áður segir er ekki um rétt nöfn viðmælenda minna, skóla eða stofnana að ræða.

Alexander Jóhannesson

Alexander er á sautjándá aldursári. Hann er einhverfur og býr hjá foreldrum sínum Hildi Jónsdóttur og Jóhannesi Alexanderssyni. Áhugamál Alexanders eru bíómyndir, vinir, trommur og tónlist. Hann lauk grunnskólagöngu sinni í Austurskóla vorið 2009 og hóf nám á starfsbraut Menntaskólans á Svalholti haustið 2010. Í grunnskóla var Alexander í almennum bekk. Við grunnskólalok átti Alexander marga féлага innan skólans en var mikið einn heima eftir skóla. Hann naut félagslífsins í skólanum og var með liðveislu eitt kvöld hálfsmánaðarlega. Í framhaldsskólanum nýtur hann félagslífsins, fer á skemmtanir skólans og hefur eignast fimm vini á starfsbraut skólans sem hann er mikið með í skólanum og hittir einstaka sinnum utan hans. Alexander er rólegur, sjálfstæður og á mjög auðvelt með að framfylgja skriflegum fyrirmælum. Hann tekur strætó, fer sjálfur í tíma í almennum áföngum skólans og á auðvelt með að læra sjálfur. Helstu hindranir hans eru erfiðleikar með að lesa í félagsleg samskipti. Hann er meðvitaður um fötlun sína en hún virðist ekki skipta hann neinu máli. Alexander er mjög glaðlyndur og skemmtilegur ungur maður. Í framtíðinni stendur hugur hans til þess að verða smiður og jafnvel að fara í meira nám.

Bergdís Hrafnadóttir

Bergdís er á sautjándá aldursári og býr hjá foreldrum sínum Aldísi Eik Sigurðardóttur og Hrafn Bergssyni. Hún er einhverf og á við kvíða og þunglyndi að stríða. Áhugamál Bergdísar eru sérstakar bíómyndir eins og spennu- eða hryllingsmyndir, vinir, teikning, fatahönnun, textíll og samvera með fjölskyldunni. Hún er aðeins byrjuð að hanna föt og sauma. Bergdís lauk grunnskólagöngu sinni úr Austurskóla vorið 2009 og var hún þar í almennum bekk skólans. Í skólanum varð hún fyrir einelti í miðdeild sem hafði mikil og slæm áhrif á líðan hennar og skólagöngu eftir það. Í tíunda bekk eignaðist hún góða vinkonu utan bekkjarins. Hún stundar nú nám á starfsbrautinni í Fjölbautarskóla Fellsvíkur og þar hefur líðan hennar breyst mjög mikið á jákvæðan hátt. Allir innan starfsbrautar eru vinir hennar, hún er vinsæl en hún á fáa vini utan starfsbrautar. Bergdís

fer á böll og stundar einnig félagsstarf í Hinu Húsinu auk þess að hitta vini sína sem hún gerir mikið af. Sjálfstæði og félagsþörf eru meðal styrkleika hennar og hún ferðast víða með strætisvögnum. Hindranir Bergdísar eru að hún á erfitt með að lesa í félagsleg samskipti. Bergdís er mjög meðvituð um fötlun sína og á ekki í neinum vandræðum með að útskýra fyrir fólki hvað einhverfa sé ef hún er beðin um það. Henni þykir þó stundum erfitt að vera einhverf. Í framtíðinni langar Bergdís í framhaldsnám og hefur hugsað sér að verða fatahönnuður. Bergdís er mjög opin, ákveðin, hlý og skemmtileg persóna.

Daníel Kristinsson

Daníel er á sautjándra aldursári og er fluttur að heiman. Foreldrar hans eru Vigdís Ásmundardóttir og Kristinn Eiríksson. Daníel er með mikla einhverfu og þroskahömlun. Hann hefur ekki máltjáningu en tjáir sig með táknmáli, hljóðum og svipbrigðum. Áhugamál hans eru körfubolti, trommur, trampólín, bílferðir, hestbak og útivera en Daníel er mikill náttúruunnandi. Grunnskólagöngu hans lauk úr sérskólanum Suðurskóla vorið 2009 en þar var hann nokkuð mikið einn og átti einn vin. Daníel stundar nú nám í Menntaskólanum í Hamarsfirði í sérúræði og sækir einnig tíma í almennum áföngum. Honum fylgja einn til tveir aðstoðarmenn allan sólarhringinn sem eru vinir hans og einnig á hann fimm skólavini sem hann hittir markvisst innan skólans. Helstu hindranir Daníels eru mikil árátthegðun og hegðunarvandamál. Árátthegðun hans getur falist í að hann festist í endurtekningum eins og að raða skóm, loka öllum hurðum o.s.frv. Hver árátthegðun tekur við af annarri og hegðunin sveiflast til með þeirri þjónustu sem hann fær. Sé reynt að brjóta árátthegðun hans upp geta viðbrögðin birst í erfiðri hegðun, oft alvarlegri. Foreldrar Daníels taka flestar ákvarðanir fyrir hann eða í samstarfi við aðstoðarmenn hans. Framtíðin er óljós en Daníel gæti stundað líkamlega vinnu þar sem hann er mjög vinnusamur og kraftmikill. Auk þess eru vonir bundnar við frekara nám að loknum framhaldsskóla. Daníel er mjög glaðvær, stríðinn og ástrík persóna.

Eygló Óskarsdóttir

Eygló er á sautjándá aldursári. Hún býr hjá móður sinni Unni Vilhjálmsdóttur. Faðir hennar er Óskar Jónasson. Eygló er með væga þroskahömlun og lesblindu. Áhugamál hennar eru vinir, sund, hjólréiðar, fimleikar, leiklist, myndlist, hreyfing, hljóðsnældur og börn. Hún lauk grunnskólagöngu sinni úr sérskólanum Suðurskóla vorið 2009 en þar var hún vinsæl meðal nemenda og átti marga vini. Eygló stundar nú nám á starfsbraut Fjölbrautarskóla Ásatúns og á góða vini innan skólans og utan. Hún er mjög sjálfstæð og tekur oft strætisvagn til að komast ferða sinna en hún æfir íþróttir og stundar félagsstarf innan skólans og einnig í Hinu Húsinu. Eygló getur tekið sínar ákvarðanir sjálf þótt þær séu oftast teknar í samráði við fjölskyldu hennar og skóla en hún getur ekki óstudd sett sjálfri sér mörk. Eygló er mjög meðvituð um hreyfingu og heilbriggt lífverni. Helstu hindranir Eyglóar eru lesblindu. Hún er meðvituð um fötlun sína en virðist stundum vera í afneitun á þann hátt að hún ætlar sé meira en hún ræður við að framkvæma. Í framtíðinni langar Eygló að búa í sinni íbúð, fara í listnám að loknum framhaldsskóla og að því loknu starfa í leikskóla. Eygló er mjög umhyggjusöm, opin og orkumikil persóna.

Aðrir þátttakendur og stofnanir

Foreldra hitti ég á heimilum þeirra. Ég mun ekki lýsa þeim skólum sem rannsókn mín náði til og heldur ekki þátttakendum grunn- og framhaldsskólanna til að minnka líkurnar á að þeir þekkist í okkar litla samfélagi. Almenna grunnskólann nefni ég Austurskóla. Innan hans ræddi ég við tvo starfsmenn, þær Elínu Eddu Þórsdóttur þroskaþjálfara og Katrínu Snorradóttur kennara. Grunnskólann, sem er sérskóli, nefni ég Suðurskóla og þar ræddi ég við Höllu Ásgrímsdóttur deildarstjóra, Snjólaugu Alfreðsdóttur kennara og Sigurðisi Guðmundsdóttur kennara. Í Fjölbrautarskóla Fellsvíkur ræddi ég við Snæðisi Finnsdóttur þroskaþjálfara, Maríu Guðnadóttur kennara í Fjölbrautarskóla Ásatúns, Þórdísi Sif Gísladóttur kennara í Menntaskólanum á Svalholti og í Menntaskólanum í Hamarsfirði talaði ég við Tinnu Guðmundsdóttur þroskaþjálfara og Vilhjálmi Andra Ómarsson stuðningsfulltrúa. Innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins ræddi ég við Ragnheiði Bóasdóttur sérfræðing á skrifstofu menningarmála. Þátttakendum og skólum, utan Ragnheiðar, verða gefin nöfn til að vernda þá og reyna að koma í veg fyrir að þeir hljóti skaða af þátttökunni í rannsókninni.

2.3 Gagnasöfnun og gagnagreining

Gagna var aflað með 28 viðtölum við 22 einstaklinga á tímabilinu maí 2009 til mars 2010. Viðtöl voru tekin við þrjú af ungmennunum, en þau áttu öll gott með að tjá sig, við upphaf, miðbik og lok gagnasöfnunar. Annað viðtal af þremur tók ég í framhaldsskólunum, auk síðasta viðtalsins við eitt ungmennanna, en hin á heimilum þeirra. Fjórða ungmennið hitti ég í vettvangsathugun innan framhaldsskóla auk þess sem ég kynntist honum í gegnum viðtöl við foreldra hans, starfsmenn grunnskóla og aðstoðarmenn í framhaldsskóla. Aðrir þátttakendur eru foreldrar sem ég tók viðtal við upphaf og lok gagnasöfnunar á heimilum þeirra. Ég tók viðtal við starfsmenn á vinnustöðum þeirra fyrir utan eitt símaviðtal við starfsmann framhaldsskóla. Að lokum tók ég viðtal við starfsmann mennta- og menningarmálaráðuneytisins á vinnustað hans. Þátttakendur völdu sjálfir hvar viðtölin fóru fram og þann tíma sem þeim hentaði best. Lagður var metnaður í að valda sem minnstu raski á högum þátttakenda og að þeim liði vel í viðtölunum. Ég kynnti rannsóknaráætlun mína fyrir þátttakendum og gerði þeim ljóst að þeim væri frjálst að hætta þátttöku hvenær sem væri meðan á rannsóknartíma stæði, kysu þeir það. Þátttakendur skrifuðu undir samþykkisblöð en foreldrar gáfu skriflegt samþykki fyrir hönd barna sinna þar sem ekkert þeirra er sjálfráða, en þó gáfu þrjú þeirra munnlegt samþykki fyrir að vilja taka þátt í rannsókninni.

Í viðtölunum hafði ég til hliðsjónar spurningalista með opnum og lokuðum spurningum og dýpkaði viðtölin út frá þeim þegar þess var kostur. Ég gætti þess að hafa viðtölin við nemendur stutt og hnitmiðuð. Ég notaði diktafón til að upplýsingar væru sem nákvæmastar og reyndi eftir fremsta megni að fylgjast með óyrtri tjáningu þátttakenda og hlusta á tilbrigði og áherslur í hljóðupptökum. Einnig þótti mér mikilvægt að skoða upplýsingarnar út frá persónu viðmælenda minna og af hlutleysi sem þýðir að mínar eigin skoðanir og viðhorf eiga ekki að hafa áhrif á rannsóknina þó aldrei sé hægt að fullyrða um slíkt. Ég leitaðist við að vera sveigjanleg og fá viðmælendur mína til að segja mér frá því sem þeim þykir mikilvægt því ég tel að fatlaðir sem og ófatlaðir einstaklingar séu sérfræðingar í sinni eigin líðan, upplifunum og þörfum. Einnig tel ég að foreldrar þekki börn sín best. Viðtölin voru rituð niður orðrétt og töldu rannsóknargögn 534 blaðsíður. Þá voru gögnin greind í þemu og lesin margsinnis yfir. Að lokum var efni skipt eftir þemum í kafla.

2.4 Takmarkanir og siðferðilegar áskoranir

Rannsóknin tekur einungis til tveggja grunnskóla af 176 og fjögurra framhaldsskóla af 34 á landsvísu. Sérskólar fyrir fötluð börn eru fjórir. Ísland er lítið land og hlutfall fatlaðra nemenda á þessum tímamótum ekki stórt. Starfsfólk grunnskóla og starfsbrauta þekkist nokkuð vel í okkar litla samfélagi og því skiptir upplýst samþykki, framsetning, trúnaður og nafnleynd mjög miklu máli og að þátttakandi viti um hvað rannsóknin fjallar, tímalengd hennar og að það hljóti ekki skaða af (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008). Þátttakendur hafa fengið að vita að um lokaverkefni til B.A.ógráðu í þroskaþjálfrafræðum sé að ræða og skrifuðu undir samþykkisblöð vegna þátttöku sinnar. Nemendurnir eru ekki sjálfráða og því nægði að foreldrar skrifuðu undir samþykki sitt og að nemendurnir hefðu sjálfir áhuga á þátttöku. Tilviljun réði því hvaða foreldrar og nemendur voru fúsir til þátttöku í rannsókninni og fól ég starfsfólki grunnskólanna að óska eftir samstarfinu eins og áður kom fram. Um vandasamt verk er að ræða og reyndi ég mitt besta til að rannsóknin komi ekki niður á þátttakendum mínum á nokkurn hátt. Tilgangur minn var að rödd þeirra heyrast og því legg ég áherslu á að vitna í þeirra eigin orð í niðurstöðuköflum. Þrátt fyrir áður nefndar takmarkanir ætti rannsóknin þó að gefa ákveðna sýn á tilfærslu nemenda milli grunn- og framhaldsskóla og jafnframt hvað er framundan hjá yfirvöldum varðandi tilfærslu milli þessara skólastiga.

Samantekt

Um er að ræða eigindlega rannsókn sem tekur til tíu mánaða tímabils. Rannsóknin felst í að kanna með hvaða hætti tilfærsla milli grunn- og framhaldsskóla fer fram en einnig að fá fram raddir þátttakenda minna sjálfra og ekki síst ungmennanna til að skilja upplifun þeirra á tímamótum sem þessum. Þátttakendur rannsóknarinnar eru 22 og viðtölin 28. Þrjú viðtöl voru tekin við ungmennin, tvö við foreldra og eitt við aðra viðmælendur. Í næsta kafla fjalla ég um með hvaða hætti tilfærsla nemenda úr grunnskóla í framhaldsskóla fer fram af hendi grunnskóla, framhaldsskóla og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

3. Tilfærsla úr grunnskóla í framhaldsskóla

Hver einstaklingur er einstakur og tekst misjafnlega á við breytingar. Persóna hvers og eins skiptir máli en skerðing getur haft áhrif á aðlögunarhæfni einstaklinga. Grunnskólinn hefur markað spor í lífi fatlaðra nemenda eins og annarra í allt að því tíu ár. Þegar í framhaldsskóla kemur taka við nýjar aðstæður, umhverfi og manneskjur. Með tilfærslu milli skólastiga er hér átt við þegar nemendur færast frá einu skólastigi til annars, úr grunnskóla í framhaldsskóla. Margir upplifa þessa tilfærslu sem stór tímamót í lífi sínu þar sem í framhaldsskóla breytast einstaklingar úr ungmennum í fullorðin fólk. Í þessum kafla fjalla ég um með hvaða hætti staðið er að tilfærslu fjögurra fatlaðra ungmenna úr grunnskóla í framhaldsskóla. Ég byrja á því að fjalla um tilfærslu úr almennum grunnskóla, þá sérskóla fyrir fötlúð börn og að lokum út frá sjónarhorni sérfræðings í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

3.1 Tilfærsla úr almennum grunnskóla

Í kaflanum fjalla ég um tilfærslu tveggja fatlaðra nemenda úr almennum grunnskóla. Þá skoða ég hvernig starfsfólk upplifir starf sitt með nemendunum og með hvaða hætti tilfærsla þeirra fór fram, en þau Alexander og Bergdís koma bæði úr sama skólanum. Upplýsingarnar byggi ég á viðtölum við Elínu Eddu Þórsdóttur þroskaþjálfara og Katrínu Snorradóttur kennara nemendanna í Austurskóla.

Grunnskólum er ætlað að móta starf sitt út frá lögum um grunnskóla (2008) og aðalnámskrá grunnskóla (2006). Hver skóli semur síðan út frá því sína eigin skólanámskrá. Austurskóli er almennur grunnskóli með þá stefnu að leiðarljósi að vera sá besti að sögn Elínar Eddu þroskaþjálfara en tvö ungmennanna, Alexander og Bergdís, stunduðu þar nám í almennum bekkjum alla sína grunnskólagöngu. Elín Edda segir miklu máli skipta að bakland fatlaðra nemenda sé gott og að samvinna milli heimilis og skóla hafi því mjög mikið að segja. Að samstarf við foreldra sé nauðsynlegt ef ná eigi árangri og samskipti þurfi að vera opin og eins mikil og foreldrar vilji. Elín Edda sagði: þþað er heilmikið að eiga börn með einhverfuð. Jafnframt sagði hún:

Við skólaslit fá nemendur einkunnir og stöðumat um hvar þau standa í bóklegum greinum í skólanum og verklegum greinum. Síðan eru umsagnir í hverju fagi, hvað þau hafa tekið og hvernig þeim líður almennt.

Áður en kom að heimsóknnum í framhaldsskólana var kannað, í samstarfi við foreldra þeirra, hvaða framhaldsskólar byðu upp á þau úrræði sem gætu hentað Alexander og Bergdísi. Þrír skólar urðu fyrir valinu. Jafnframt segir Katrín starfsmann í grunnskólanum hafa farið í skólana og talað við námsráðgjafa til að kanna áfanga og utanumhald á starfsbrautunum. Tveir þroskaþjálfar fóru með Alexander í heimsóknir í þá framhaldsskóla sem nemendum stóðu til boða en Elín Edda sagðist hafa farið með Bergdísi. Við val á framhaldsskólunum skiptu áfanga og utanumhald á starfsbrautunum miklu máli, að sögn Elínar Eddu þroskaþjálfara. Úrræðin sem nemendur gátu valið úr voru því miðuð að því sem talið var að gæti hentað þeim. Bergdís valdi sinn skóla sjálf vegna þess að henni leið vel þegar hún kom fyrst inn í hann, samkvæmt Elínu Eddu en foreldrar Alexanders völdu skóla fyrir hann.

Starfsfólk Fjölbrautarskóla Fellsvíkur kom til að hitta Bergdísi í Austurskóla sem var eini framhaldsskólinn sem kom í heimsókn í grunnskólann í þeim tilgangi að kynnast væntanlegum nemanda. Snædís, starfandi þroskaþjálfari í Fjölbrautarskóla Fellsvíkur, segir að þar sé metnaður lagður í að heimsækja væntanlega nemendur úr grunnskólunum að vori. Hún segir einnig að í Austurskóla hafi vel verið tekið á móti þeim og Bergdís sýndi þeim sjálf skólann sinn. Innan Austurskóla kom fram að starfsfólk Fjölbrautarskóla Fellsvíkur hafi komið í grunnskólann af eigin frumkvæði og áhuga á að kynnast námsumhverfi Bergdísar.

Katrín, kennari, hvatti foreldra Alexanders og Bergdísar til að hafa samband við námsráðgjafa framhaldsskólanna og kíkja í heimsókn en foreldrar fara í heimsókn á eigin vegum. Hún sagði líka skipta miklu máli fyrir foreldra ungmenna sem þurfi stuðning í framhaldsskóla að láta sviðkomandi skóla vita að þú hafir áhuga, þú ert ekki bara eitthvert nafn á pappír, þú þarft dálítið að sækja þetta og fara í viðtöl og það hefur alltaf gengið vel. Hún bendir á að það sé að mestu í höndum þeirra sem standa nemandanum næst í grunnskóla að sækjast eftir upplýsingum um námstilboð framhaldsskólanna og vísa foreldrunum í rétta átt. Starfsfólki Austurskóla þótti alveg vanta samstarf milli skólastiga og sagði Katrín í því samhengi að framhaldsskólarnir hafi ekki samband að fyrra bragði og sé þnokk samað, þeir fá bara nemendurna inn. Henni finnst að það sé allt of mikið skilpott á milli skólastiga og sagði:

það er alltaf verið að tala um tenginguna milli skólastiga og það náttúrulega sem stendur því fyrst og fremst fyrir þrifum er það að sveitarfélögin reka grunnskólana en ríkið er með framhaldsskólana og þú ert með allt öðruvísi umhverfi og hérna.

Ég held að það mætti alveg skoða aðalnámskrár meira í samhengi og það er náttúrulega byggt rosalega mikið á því í grunnskóla að, að það hafi allir svona einstaklingsnám og þú kennir allt öðruvísi, það er miklu meiri nánd í grunnskóla, þú þekkir krakkana. Svo fara þau í framhaldsskóla og þá eru þau bara eitthvað nafn og það er oft fyrsta árið, sérstaklega enþá.

Katrín tók þó fram að svona sé þetta ekkert í öllum skólum en mjög mörgum. Í þessu samhengi bendir Katrín á að á þeim aldri þegar tilfærsla úr grunnskóla í framhaldsskóla á sér stað séu nemendur að mótast mjög mikið sem einstaklingar. Fyrir marga, sérstaklega þá sem hafi ekki liðið sérlega vel í grunnskóla, væri gott að komast í framhaldsskóla og vel þurfi að standa að tilfærslunni. Eins og fram kom í rannsókn Dóru S. Bjarnason (2003) upplifa nemendur oft létti við að fara í framhaldsskóla, sérstaklega þeir sem höfðu orðið fyrir einelti þar sem einelti virtist minnka í framhaldsskóla. Starfsfólk Austurskóla taldi Alexander og Bergdís ekki vera á leið í neina óvissu við tilfærsluna og þau hafi vitað að hverju þau gengu. Bergdís sé þó örlítið kvíðin en hafi kynnst starfsfólki framhaldsskólans lítillega og Alexander einnig á námskeiðum, sem eru óviðkomandi tilfærslunni sjálfri. Auk þessa hafi Alexander fengið góðan undirbúning fyrir tilfærsluna hjá þroskaþjálfra. Elín Edda segir foreldra vita að ávallt sé hægt að leita til hennar eftir skólalok, þar sem hún er reiðubúin að koma inn í aðstæður ef þarf innan sem utan skóla.

Flestir nemendur sækja um nám í framhaldsskóla og í aðalnámskrá grunnskóla (2006) kemur fram að undirbúningur fyrir slíkt nám þyrfti að hefjast í 8. bekk til þess að nemendur geti undirbúið sig fyrir framtíð sína og tekið ábyrgð á sínu eigin námi. Af viðtölunum má álykta að formlegur undirbúningur fyrir nám í framhaldsskóla, fyrir utan almennt nám í grunnskóla, hafi hafist í 10. bekk og þá í formi samræðna og heimsókna í þrjá framhaldsskóla á vorönn.

Um væntingar til framhaldsskólans segir Elín Edda þroskaþjálfri: Ég vænti þess bara að skólinn komi á mótis við þau og þarfir þeirra og festi sig ekki inni í einhverju sem er óraunhæft og að hann švirði þau sem persónur og, og þau fái þjónustu sem að þau þurfa. Katrín kennari telur að nemendurnir fari í þá skóla sem henti þeim best væntir þess að vel sé staðið að tilfærslunni og að Alexander og Bergdís:

fái að vera með og þau viti hvað tekur við, séu búin að hitta kennarana, búin að sjá aðstöðuna og og svona já fái allan þann stuðning sem þau þurfa og hafi kannski einhverja smá tengingu

hingað ef að þau þurfa eins og við segjum náttúrulega við alla nemendur, það mega alltaf allir koma í heimsókn .

Við útskrift úr tíunda bekk sagði Katrín kennari í Austurskóla lagt væri upp með að nemendur hafi šhreina samviskuð gagnvart sjálfum sér.

Í kaflanum kom fram að tilfærslan fer fram með þeim hætti að búið er að kanna hvaða framhaldsskólar gætu hentað viðkomandi nemendum út frá áherslum starfsbrauta og aðstöðu. Starfsfólk grunnskóla fer með nemendum í heimsóknir í hina fyrirfram ákveðnu framhaldsskóla. Þá er það í höndum nemenda og/eða foreldra að velja réttan skóla fyrir hvern og einn. Starfsfólk annars framhaldsskólans gerði sér far um að koma í grunnskólann og kynnast væntanlegum nemanda sínum og störfum hans þar.

3.2 Tilfærsla úr sérskóla á grunnskólastigi

Í grunnskólalögum (2008) kemur fram að hægt er að beita sérúrræði þar sem nemandi fær šsérhæft umhverfi til námsó þann tíma sem þörf er á ef foreldrar, kennarar og sérfræðingar óska þess en sveitarfélög geta rekið sérdeildir eða sérskóla eins og segir í reglugerð um sérkennslu (1996). Samkvæmt grunnskólalögum (2008) eiga allir nemendur með sérþarfir rétt á menntun í grunnskóla án aðgreiningar þar sem hver og einn á að geta náð sínum námsmarkmiðum með ólíkum hætti, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Hér mun ég fjalla um tilfærslu tveggja fatlaðra nemenda úr sérskóla fyrir fötluð börn á grunnskólastigi í framhaldsskóla. Daníel og Eygló eru ungmenni sem koma úr þessum sérskóla sem ég nefni hér Suðurskóla. Þær upplýsingar sem fram koma byggja ég á viðtölum við þrjá starfsmenn skólans sem allir eru kennarar. Þær eru nefndar Halla Ásgrímsdóttir, Snjólaug Alfreðsdóttir og Sigurdís Guðmundsdóttir. Halla gegnir jafnframt stöðu deildarstjóra efstu bekkja.

Halla, deildarstóri, sagði áherslur skólans vera að gera eins vel og hægt er fyrir nemendur með þroskahömlun. Námið væri einstaklingsmiðað og sinna bæri hverjum og einum einstaklingi miðað við hans fötlun, reynt er að auka lífsgæði nemenda og senda þá sem mest sjálfbjarga út í lífið. Börnin eru að sögn Höllu deildarstjóra alltaf í 100% öryggi í skólanum því aldrei sé litið af þeim. María í Fjölbrautarskóla Ásatúns sagði börn oft byrja í almenna skólakerfinu en á einhverju stigi fari þau í sérskóla, oft á miðstigi. Hún sagði:

Eftir því sem þau verða eldri því meira dregur í sundur með jafnöldrunum og þau eiga bara ekki samleið með þeim. Börn eru líka þannig bara í eðli sínu að þau eru kannski svo sjálfmiðuð og hafa nóg með sig.

En það sagði María oft enda með einangrun fatlaðra nemenda. Halla, deildarstjóri Suðurskóla, tók í sama streng og sagði nemendur koma inn vegna þess að þeir þpassi ekki innð í almenna grunnskólann sökum fötlunar sinnar. Rannsóknir fötlunarfræða sýna að fólk með skerðingar hefur búið við ýmis konar mismunun eins og aðgreiningu, valdaleysi og útskúfun (Rannveig Traustadóttir, 2006). Líta má svo á að aðgreiningin í sérskóla sé eitt af því en Snjólaug kennari segir nemendurna upphaflega koma í skólann vegna þess hversu šhræðilega illa hafi gengið í grunnskóla og þar séu þau búin að bíða šafhroðð. Í sérskólanum beinist starfið aftur á móti algjörlega að þeim. Orð Snjólaugar gefa því til kynna að í almenna grunnskólanum hafi verið tilhneiging til að skilgreina fötluð börn sem félagslegt vandamál sem hafi djúpstæð áhrif á líf og líðan þeirra í stað þess að reyna að skilja og koma til móts við börnin sjálf innan hans og hlusta á reynslu þeirra, upplifun og tilfinningar (Rannveig Traustadóttir, 2007). María kennari í Fjölbrautarskóla Ásatúns segir nemendur grunnskóla oft upplifa sig sem tapara í náminu og þau séu oft lögð í einelti, sérstaklega þegar skerðing þeirra er ekki augljós. Halla, deildarstjóri, segir jafnframt að Eygló hafi komið mjög brotin sem fórnarlamb eineltis inn í skólann:

hún kom ofboðslega brotin og átti ofsalega erfitt og eins og ég segi, hennar sjálfsálit var gjörsamlega í molum.

Halla bendir jafnframt á að foreldrar barnanna séu þó almennt sáttir þegar í sérskólann komi og nemendunum vegni betur en áður.

Hvað tilfærslu milli skólastiga varðar þá fer starfsfólk Suðurskóla og heimsækir starfsbrautir framhaldsskólanna með nemendum sínum. Einnig er foreldrum frjálst að heimsækja skólana með eða án barns síns. Nemendur fá ekki að vita um skólavist með vissu fyrr en að sumri eins og aðrir nemendur á leið í framhaldsskóla. Starfsbraut er valin þar sem þar er meira utanumhald um nemendur en samkvæmt Ragnheiði, sérfræðingi mennta- og menningarmálaráðuneytis, eiga fatlaðir nemendur kost á að sækja um á starfsbraut uppfylli þeir ekki inntökuskilyrði annarra brauta. Halla segir að 8. og 9. bekkir Suðurskóla fylgist með útskrift 10. bekkjar og upplifi brottför þeirra úr skólanum á þann hátt. Í 9. bekk sé síðan farið að tala um tilfærsluna og framhaldsskóla auk þess sem foreldrum eru kynnt þau úrræði sem í boði eru innan framhaldsskólanna á

fundi með skólastjórnendum og félagsráðgjafa. Svo virðist sem sérskólinn sé hefji undirbúning fyrir tilfærslu milli skólastiga ári á undan almenna grunnskólanum. Einnig eru félagsleg úrræði eins og ÍTR og Hitt Húsið kynnt. Kennarar fara með nemendum tíundu bekkja í kynnisferðir á starfsbrautir framhaldsskóla. Hafi nemandi ekki forsendur til að velja um framhaldsskóla sjálfur er reynt að setjast niður með foreldrum og finna það sem hentar best, oft er það á teymisfundum. Einnig veita ekki allir skólavist og þá hefur nemandi stundum ekkert val og hinir fullorðnu þurfa þá að velja það sem þeir telja sig vita að henti nemandanum best. Snjólaug, kennari í Suðurskóla, segir nemendurna kynnast og sækja um framhaldsskóla á netinu en geti einnig kynnst skólunum af afspurn fyrrum nemenda. Eygló valdi sjálf hvaða framhaldsskóla hún færi í, bæði fyrsta og annað val. Foreldrar Daníels tóku ákvörðun um skólavist fyrir hann.

Þegar kemur að væntingum til framhaldsskólans sagðist Halla vilja sjá hlúð jafn vel að nemendunum og Suðurskóli hafi gert. Hún vill að nemendurnir fái að halda sinni reisn og virðingu og að þeir verði flottir einstaklingar í samfélaginu. Snjólaug vonaði að í framhaldsskólunum stæði nemendum meira val til boða, til dæmis að Eygló geti valið eins og í fjölbraut sín svið og stefnt á það sem hún hefur áhuga á. Eitthvað sem síðar gæti gefið henni tækifæri til að fá starf. Fram kom mikilvægi þess að haldið sé utan um nemendurna með góðri einstaklingsáætlun innan framhaldsskóla, þjálfun, fagfólki og stuðningsfólki. Að líf þeirra verði byggt upp í samræmi við getu þeirra.

Innan sérskólans eru nemendur aldrei án eftirlits starfsmanna. Nemendur koma oft inn í sérskóla eftir að hafa orðið fyrir einelti í grunnskóla. Byrjað er að tala um tilfærslu milli skólastiga í 9. bekk og í 10. bekk og fara nemendur í heimsóknir á starfsbrautir framhaldsskóla með starfsfólki sérskólans. Álykta má að fatlaðir nemendur úr sérskóla hefji nám á starfsbraut. Að geti nemandi ekki valið um framhaldsskóla sjálfur velji foreldrar það úrræði sem þeir telja að henti barni sínu best.

3.3 Þátttaka framhaldsskóla í tilfærslu milli skólastiga

Í kaflanum mun ég fjalla um með hvaða hætti tilfærsla fór fram af hendi framhaldsskólanna fjögurra þegar ungmennin í rannsókninni, þau Alexander og Bergdís úr Austurskóla og Daníel og Eygló úr Suðurskóla færðust úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Í lögum um framhaldsskóla (2008) kemur fram að allir eigi rétt til náms í framhaldsskóla og að fræðsluskylda sé til 18 ára aldurs. Einnig kemur fram að æskilegt sé að fatlaðir nemendur stundi nám við hlið ófatlaðra nemenda en hverjum og einum á

að bjóða nám við hæfi. Upplýsingar þær sem fram koma byggja ég á viðtölum við Snædís Finnsdóttur, þroskaþjálfari í Fjölbrautarskóla Fellsvíkur, Maríu Guðnadóttur kennara í Fjölbrautarskóla Ásatúns, Þórdísi Sif Gísladóttur sérkennara í Menntaskólanum á Svalholti og Tinnu Guðmundsdóttur þroskaþjálfari og Vilhjálmi Andra Ómarsson stuðningsfulltrúa í Menntaskólanum í Hamarsfirði.

Fram kom að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði yfirumsjón með nemendum sem eru á leið í framhaldsskóla og sendir út tilkynningu til að óska eftir umsóknum á starfsbrautir. Innan Fjölbrautarskóla Ásatúns er áhersla lögð á að umsóknum sé skilað fyrir en öðrum umsóknum þar sem starfsfólk vill hafa minnst mánuð til að fara yfir þær, helst lengri tíma. Í Fjölbrautarskóla Fellsvíkur er metnaður lagður í að ákvörðun um skólavist liggi fyrir áður en grunnskóla lýkur að vori til að möguleiki sé á að kynnast væntanlegum nemendum innan grunnskóla. Í því tilliti benti Snædís, þroskaþjálfari í Fjölbrautarskóla Fellsvíkur, á að grunnskólar, nemendur í 10. bekkjum grunnskóla og foreldrar komi að skoða nokkra framhaldsskóla, velji þann skóla sem þeir vilji fara í og leggi síðan inn umsókn. Þetta ferli á við um alla framhaldsskólana. Á vorin þegar starfsfólk starfsbrautar veit nokkurn veginn hverjir koma sagði Snædís:

þá förum við í grunnskólana og hittum nemendur í sínu umhverfi og svona fylgjumst svoldið með þeim, spjöllum við þau og sjáum hvað þau eru að gera og svona. Og svo tölum við við kennarana þeirra og svo tölum við við foreldrana.

Á haustin koma nemendur aftur í heimsókn og foreldrar þeirra í viðtal þar sem farið er yfir væntingar þeirra og hvaða áherslur skuli leggja í náminu. Þá er reynt að fá eins miklar hagnýtar upplýsingar um nemandann og hægt er og fræða foreldra um starfshætti starfsbrautarinnar. Snædís sagði: Það skiptir svo ótrúlega miklu máli að það liggi fyrir allar upplýsingar sem að mögulegt er, og eins, sko sannar og ljósar og hægt er um nemandann, sko. Þannig ætti maður að geta veitt bestu þjónustuna á grundvelli þessö. Flest starfsfólk framhaldsskólanna taldi að við tilfærslu fylgdu ekki alltaf fullnægjandi upplýsingar með nemendum sem komið getur niður á þjónustu við þá. Einnig kom fram að samstarf við grunnskólana væri ekkert fyrir utan heimsóknir þaðan þar sem langoftast fari starfsfólk framhaldsskólans ekki í grunnskólana. Samkvæmt lögum um grunnskóla (2008) kemur fram að gera skuli grein fyrir aðlögun og flutningi milli skólastiga í aðalnámskrá grunnskóla. Í aðalnámskrá grunnskóla (2006) sem byggð er á lögum um grunnskóla (1995), sem felld hafa verið úr gildi, er engin tilfærsluáætlun

heldur kemur fram að nemandi þurfi að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur til að fá inngöngu á brautir í framhaldsskóla. Að sögn Þórdísar Sifjar í Menntaskólanum á Svalholti eiga foreldrar það til að koma allt að tíu mánuðum áður en skólaganga hefst til að tryggja sínu barni skólavist. Slíkt tryggi ekki skólavist þar sem ákvörðun er tekin þegar innritun er lokið. Fram kom að alla jafna komi nemendur í skólaheimsóknir að vori en hefji síðan nám að hausti án annars undirbúnings.

Í Menntaskólanum á Svalholti er tekið mið af þörf fyrir námsúrræði og hópnum sem fyrir er þegar veitt er skólavist. Fyrstu dagarnir eru rólegir meðan allir eru að kynnst nýju fólki og aðstæðum. Eldri nemendur eru nýjum innan handar. Þórdís Sif sagði um þetta:

við náttúrulega erum að taka við umsóknum frá grunnskólunum eða náttúrulega frá nemendum sem eru að koma frá öðru stigi yfir til okkar þannig að við í rauninni þurfum lítið að sækja í rauninni niður til grunnskólanna.

Tekið er við nemendum á því getustig sem þeir eru og engin inntökuskilyrði þarf að fylla til að fá inngöngu. Þórdís Sif sagði hvern og einn koma eins vel undirbúinn og hægt er úr grunnskóla og unnið sé út frá því. Þórdísi Sif fannst tilfærslan fín eins og hún er. María, í Fjölbautarskóla Ásatúns, sagði að ráðuneytið væri með þrjár námskrár starfsbrauta í gangi, það er námskrá fyrri starfsbraut 1, starfsbraut 2 og starfsbraut 3 og þeim beri að starfa eftir einni þessara skilgreininga þótt breiddin í nemendahópnum sé meiri af því að starfsbrautin hefur ekkert val ef ráðuneytið þarf að koma nemanda inn. María sagði að þá væri metnaður lagður í að búa til úrræði en benti jafnframt á að þetta væri óæskileg staða. Þá kom fram að skilyrði fyrir inngöngu á starfsbrautir eru viðurkenndir greiningarpappírar frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvort þetta sé ekki í anda hins hefðbundna læknisfræðilega skilnings á fötlun þar sem áhersla er lögð á að greina líkamlega eða andlega skerðingu barna og ungmenna (Rannveigu Traustadóttur, 2007) og lítið svo á að þau börn sem víki frá hinu eðlilega þroskaviðmiði séu óeðlileg miðað við börn á þeirra aldri. María, í Fjölbautarskóla Ásatúns, sagði nemendur sérskóla koma mjög vel undirbúna inn í framhaldsskólana þó háttarnið sé oft barnalegra en hjá nemendum úr almennum grunnskóla. Úr almennum grunnskólunum komi aftur á móti brotnari einstaklingar. Allt jafni þetta sig þó út með tímanum. Henni finnst vanta framhaldsnám fyrir fatlaða nemendur, þó ekki væri nema eins til tveggja ára háskólanám á fleiri stöðum en

starfstengt diplómanám fyrir nemendur með þroskahömlun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Í kaflanum kemur fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið sendir út boð um innritun á starfsbrautir. Nemendur grunnskólanna koma í heimsóknir með starfsfólki skóla og/eða foreldrum en skilyrði fyrir innritun eru viðurkenndir greiningarpappírar. Samstarf milli skólastiga er í raun ekkert að mati viðmælenda minna.

3.4 Hvað má bæta við tilfærsluna?

Flestir viðmælenda minna voru ekki með öllu sáttir við tilfærslu frá grunn- til framhaldsskóla. Hér birtast nokkrir þættir sem þeir töldu að væri ábótavant.

Aðlögun milli skólastiga. Kennarar grunnskóla og sérskóla vildu sjá šbrúð á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Í sérskólanum var talið sérlega mikilvægt að nemendur fengju tíma til að aðlagast framhaldsskólanum og treysta nýju umhverfi, starfsfólki og nemendum. Bent var á að þetta gæti gerst að vori í þeim framhaldsskóla sem þeir fara í að hausti í t.d. 6-8 vikur. Jafnframt kom fram að segja þurfi nemendum frá þeirri breytingu sem er í vændum áður en tilfærsla á sér stað milli skólastiga. Fram kom mjög skýrt að í dag er engin aðlögun milli skólastiga en til þess þurfi menntayfirvöld, skólastjórnendur beggja skólastiga og starfsfólk að vinna saman og vera samstíga.

Samstarf milli skólastiga. Flestum innan grunn- og framhaldsskólanna fannst vanta meiri samvinnu milli skólastiganna á báða bóga. Bent var á að samvinnan strandi meðal annars vegna fjárskorts. Sumum kennurum grunnskólanna fannst að starfsfólk framhaldsskólans ætti að leggja sig fram við að kynnast nemendum og koma í heimsókn í grunnskólann. Ekki einungis að grunnskólakennararnir fari í framhaldsskólana. Einnig var bent á að mennta- og menningarmálaráðuneytið svari ekki umsóknum fyrr en skóla er lokið á vorin sem getur til dæmis hentað nemendum með einhverfu afar illa þar sem þeim reynist oft erfitt að lifa í óvissu.

Aðbúnaður. Honum er oft ábótavant hvað nægjanlegt rými og starfsfólk varðar, sem getur skert þjónustu við nemendur og að hægt sé að fylgja þeim í tíma út á aðrar brautir framhaldsskóla.

Námsval er oft lítið fyrir fatlaða nemendur annað en nám innan starfsbrauta framhaldsskóla sem þroskaþjálfum innan þeirra þótti engan veginn vera til jafns við ófatlaða nemendur sem velja sér sitt nám sjálfir. Fram kom mikilvægi þess að byrja að

leita að styrkleikum áður en framhaldsskóli hæfist, ekki síðar en í 8. bekk. Jafnframt töldu margir þátttakenda mjög brýnt að komið væri til móts við alla nemendur með sérþarfir innan framhaldsskólanna og að hver og einn fengi tækifæri til að mennta sig í því sem hann sjálfur vildi út í lífið. Fram kom að það sem standi í vegi fyrir jöfnum tækifærum allra ungmenna sé of lítið fjármagn og skilningsleysi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Bent var á að nemendur eru oft vanmetnir þegar þeir koma í framhaldsskóla, komast oft ekki inn í þá skóla sem þeir velja, auk þess sem vanti fjölbreytt skólatilboð fyrir fatlaða nemendur innan framhaldsskóla. Þá kom fram að það vanti fleiri starfsbrautir með sérhæfingu en í því sambengi má spyrja sig hvort það kalli ekki á enn meiri aðgreiningu og stofnun einsleitra hópa á starfsbrautum innan framhaldsskólanna eins og fram kemur í rannsókn Kristínar Björnsdóttur (2002). Einnig var bent á að fjármagn skorti til að efla kennsluhætti kennara, námskeiðahald og ráðstefnur, almenna fræðslu og umfjöllun.

Ekki hluti af samfélaginu. Fram kom að virðingin væri til staðar gagnvart fötluðum nemendum í framhaldsskólanum en starfsbrautinni megi líkja við heild inni í annarri heild skólasamfélagsins. Ófatlaðir nemendur fá einingar fyrir að koma og aðstoða nemendur á starfsbraut en tengslin haldast sjaldan þegar önninni lýkur. Nemendur heilsist kannski en það vanti meiri samskipti. Starfsfólk framhaldsskóla benti á að sérnámsbrautir eru öðruvísi en þær brautir sem nemendur stunda nám í á eigin vegum. Bent var á mikilvægi þess að fatlaðir einstaklingar séu virkir í samfélaginu til þess að hægt sé að nýta hæfileika þeirra eins og annarra. Að fatlaðir nemendur hafi kost á að klæða sig á svipaðan máta og ófatlaðir samnemendur þeirra. Í rannsókn Kristínar Björnsdóttur kemur fram að ófatlaðir nemendur álitu nemendur starfsbrauta hóp þfatlaðrað auk þess að sem þeir væru mjög ólíkir ófötluðum nemendum í klæðaburði og hvað umhirðu varðar. Í rannsókn minni kom fram að starfsfólk framhaldsskóla leggur áherslu á að fatlaðir nemendur séu hluti skólasamfélagsins og fái þá tilsögn sem þeir þurfa á að halda, þjónustu við hæfi hvers og eins t.a.m. með því að stuðningur kæmi til hliðar við kennara inn í tíma.

Stytttri skóladagur. Skóladagur í framhaldsskóla er oft styttri en í grunnskóla og fram kom að úrræði að skóla loknum væru af skornum skammti. Námi á starfsbrautum er oft lokið klukkan eitt á daginn og þá bíði nemenda oft ekkert, sem skerði lífsgæði þeirra. Félagsgleg tækifæri minnka því oft við tilfærsluna.

Skortur á upplýsingum. Fram kom að starfsfólk framhaldsskóla þyrfti oft að komast sjálft að þjónustupörfum nemenda en stundum séu umsóknir með nemendum

villandi og gefi ekki rétta mynd af þjónustubörfinni. Bent var á að oft snúist slíkt um peninga en talið var að mennta- og menningarmálaráðuneytið reyni oft að koma nemendum inn á röngum forsendum til að koma þeim inn í skólana með lágmarks fjármagni. Áhrifin séu þau að skólarnir hafna umsóknum ef vitað er að nemandi þarf talsvert meiri þjónustu en honum er ætlað að fá.

Starfsbrautir aðgreindar frá almennum framhaldsskólakynningum. Það er stór stund í lífi fatlaðra nemenda að kveðja grunnskóla og hefja nám í framhaldsskóla. Starfsfólk framhaldsskóla benti á að kynningar starfsbrauta séu aðskildar þeim kynningum sem framhaldsskólar halda ár hvert. Kynningar starfsbrauta virðast vera haldnar sér í stað þess að allir, fatlaðir sem ófatlaðir, fái tækifæri til að kynnast saman þeim brautum sem framhaldsskólar hafa upp á að bjóða, á stórum tímamótum sem þessum. Þótti slík aðgreining skrýtin stefna þegar menntastefnan er skóli án aðgreiningar.

Heildræn stefnumótun. Fram kom að eftirlit vantaði með tilfærslu milli grunn- og framhaldsskóla og samræmdar reglur milli allra skóla. Það felist í þáttum eins og hvernig beri að upplýsa um skóla, sækja um skóla og hvar réttur fatlaðra barna standi varðandi möguleika innan framhaldsskóla. Einnig kom fram að auka mætti við starfsfólk framhaldsskólanna sem hefði sérþekkingu á málefnum fatlaðs fólks.

3.5 Hlutverk og sýn fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Í þessum kafla fjalla ég um aðkomu mennta- og menningarmálaráðuneytisins að tilfærslu fatlaðra nemenda úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Í lögum um framhaldsskóla (2008) kemur fram að framhaldsskólar heyri undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og fái sín fjárframlög þaðan. Einnig kemur fram að gera skuli grein fyrir því í aðalnámskrá hvernig aðlögun milli skólastiga eigi að fara fram. Upplýsingarnar sem fram koma byggja ég á viðtali mínu við Ragnheiði Bóasdóttur sérfræðing innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Þrátt fyrir stefnu um skóla án aðgreiningar eru í dag starfandi fjórir sérskólar fyrir fötluð börn og telur Ragnheiður það gott, þar sem ekki er hægt að útiloka að almennt umhverfi henti ákveðnum nemanda betur en verndað. Þó megi auka samskipti milli starfsfólks og nemenda sérskóla og almennra grunnskóla. Ekki er um einangrunarstefnu að ræða heldur tilboð um fleiri en eina leið. Ragnheiður segir almenna skóla oft skorta lausnir eins og húsnæði og mannafla með sérþekkingu en sé

Það fyrir hendi geti skóli mögulega orðið án aðgreiningar. Út frá þessu má í raun álykta hve stutt á veg íslenskt skólakerfi er komið á leið sinni í átt að skóla án aðgreiningar sem þó er viðurkennd stefna íslenskra stjórnvalda. Samkvæmt Salamanca-yfirlýsingunni (1994) eiga fatlaðir nemendur að vera hluti hins heildstæða skólakerfis og þar segir að öll börn skuli hafa sama rétt til náms. Ragnheiður sagði:

ef við ætlum að lifa samkvæmt stefnunni um skóla án aðgreiningar til fulls þá myndi þurfa að byggja ansi margar skólabyggingar til að mæta þeim þörfum.

Ef marga sérfræðinga þarf innan hvers grunnskóla getur nýtingin verið hlutfallslega lítil miðað við hve kostnaðurinn er mikill. Foreldrar virðast treysta sérskólum og því þarf slíkt val að vera áfram til staðar sem ber að virða að mati Ragnheiðar. Í þessu samhengi má benda á samkvæmt Ingibjörgu H. Harðardóttur, Dóru S. Bjarnason og Ingibjörgu Kaldalóns (2007) að helmingur foreldra fatlaðra barna eru hvattir til að senda þau í sérskóla en samkvæmt niðurstöðum þeirra aðstoðaði Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins foreldra við að velja börnum sínum sérskóla í 57% tilvika. Aðrir sem töldu sérskóla vera fötluðum börnum betri kostur voru sérfræðingar skólaskrifstofa/menntasviðs, barnalæknar og skólastjórnendur.

Faglegt samstarf við framhaldsskóla fer fram við kennslustjóra en fjárhagslegt við skólastjórnendur þar sem gerðir eru samningar um kaup á þjónustu við skólana. Vorið 2009 þegar þátttakendur rannsóknarinnar fluttust milli skólastiga var fjöldi umsækjenda meiri en úrræðin sem í boði voru að sögn Ragnheiðar. Hluti nemenda fékk því ekki skólavist í þeim skólum sem þeir völdu sér sem fyrsta og annað val. Einhverjum starfsbrautum var einnig gert að taka á móti nemendum umfram það sem í raun var boðlegt. Á hverju ári sækja nánast allir fatlaðir nemendur úr grunnskólum um nám í framhaldsskólum og undantekning ef svo er ekki. Allir einstaklingar eiga rétt á að stunda nám í framhaldsskóla. Ragnheiður sagði að fötluðum jafnt sem ófötluðum nemendum geti verið synjað um skólavist ef skóli treystir sér ekki til að koma til móts við þarfir þeirra með sóma eða ef nemandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði á brautir. Faglegur undirbúningur þarf að liggja til grundvallar skólavist fyrir fatlaða nemendur. Reynt er eftir fremsta megni að koma til móts við væntingar nemenda og foreldra varðandi úrræði sem óskað er eftir. Samkvæmt Ragnheiði var nú í fyrsta skipti, 2010, sem forinnritun fór fram á starfsbrautir framhaldsskólanna sem þýðir að umsóknir um skólavist fyrir haust 2010 áttu að berast inn á starfsbrautir framhaldsskólanna fyrir 26.

febrúar. Eftir er að auglýsa lokainnritun til að tryggja að allar umsóknir skili sér. Stór hindrun varðandi tilfærslu milli grunn- og framhaldsskóla er skortur á einhvers konar verklagsreglum af hálfu grunnskóla og sveitarfélaganna um upplýsingagjöf til ráðuneytis eða eins og Ragnheiður sagði:

Við viljum kortleggja fram í tímann og gera áætlanir og viljum ekki þurfa að bregðast við þegar allt er komið á síðustu stundu. Þá þarf ekki að persónugera upplýsingar eða setja kennitölu heldur bara kyn, tegund fötlunar og svona sirka hvaða þjónustu nemandinn hefur þurft. Þetta myndi alveg duga okkur til að kortleggja hér hvar þarf að grípa inn í, stækka eða opna deildir eða mæta þörfunum. Þetta er okkur í hag fyrir utan að geta veitt miklu betri þjónustu.

Erfitt er, að sögn Ragnheiðar, að setja heildræna stefnu og skólatilboð ef heildarmyndin sést ekki. Hún tekur fram að á landsbyggðinni, þar sem samfélögin eru minni, hafi þetta ekki skapað sömu vandamál. Ráðuneytið vill kortleggja fram í tímann til að geta gert áætlanir í þágu nemenda en erfitt sé að þurfa að bregðast við á síðustu stundu og meiri líkur á að grípa þurfi til neyðarúrræða. Nú er unnið að stofnun nýrra brauta þar sem ljóst er að umsóknir eru fleiri en þau skólapláss sem losna eftir útskrift í vor. Lokamarkmiðið er alltaf að *hver nemandi fái þjónustu við hæfi*. Ragnheiður sagði mikilvægt að kortleggja fram í tímann hvað nemandi er fyrir bestu, hvaða þjónustu hann þurfi og hvernig hægt sé að koma best til móts við hann. Stundum þurfi að fara leið sem hlutaðeigandi geta sætt sig við en er ekki þeirra óskaleið.

3.5.1 Í framkvæmd og hugmyndir innan ráðuneytisins

Nýjar starfsbrautir. Í ár er unnið að því að koma á fót starfsbrautum til að anna eftirspurn fatlaðra nemenda eftir skólavist.

Samstarf skólastiganna við tilfærslu. Eitt af stóru markmiðum ráðuneytisins er að gera starfsfólki grunn- og framhaldsskólanna kleift að vinna saman að farsælli tilfærslu fatlaðra nemenda milli skólastiga. Nú í fyrsta sinn munu framhaldsskólar svara umsækjendum á starfsbrautir í lok apríl en áður hefur svarið borist í júní. Tími gefst þá til samstarfs og markvissrar aðlögunar sem ekki hefur verið fyrir hendi. Þarna gefst tækifæri til að kynnast nýjum aðstæðum, fólki og leggja upp starfið áður en nemandi hefur skólagöngu.

Reglugerð um tilfærslu. Verið er að leggja lokahönd á reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskólum þar sem m.a. er fjallað um tilfærslu milli grunn- og framhaldsskóla sbr. 17. grein í lögum um grunnskóla (2008). Framundan er að skrifa reglugerð við 34. gr. framhaldsskólalaga (2008) sem fjallar um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum. Í reglugerðinni verður m.a. nánari útfærsla á þjónustunni sem veita á innan framhaldsskólanna ásamt tilfærslu nemenda úr framhaldsskóla út í atvinnulíf eða annað úrræði. Reglugerðin fjallar um alla nemendur með sérþarfir innan framhaldsskóla og nær því ekki eingöngu til nemenda á starfsbrautum. Markmiðið, með reglugerðunum, er meðal annars að stefna að sem heildstæðastri þjónustu við nemendur allt frá leikskóla og yfir í framhaldsskóla.

Breyttur innritunartími. Stefnt er að því að innritun á starfsbrautir verði fyrir á næsta ári og muni ljúka í janúar eða febrúar sem gefur færi á enn rýmri tilfærslutíma. Tilfærsluáætlanir, sem kveðið er á um í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskólum gerir ráð fyrir sérstökum verkferlum. Innan grunnskólanna koma nemendur, kennarar, foreldrar og aðrir sérfræðingar að vinnu við tilfærsluáætlun nemenda í efstu bekkjum grunnskóla og þetta eru síðan upplýsingar sem fylgja nemanda inn í framhaldsskólann. Á lokaári í grunnskóla er gert ráð fyrir nánú samstarfi milli skólastiga svo aðlögun verði með þeim hætti sem hentar hverjum og einum.

Þjónustumiðstöðvar. Hvað þróun starfsbrauta varðar segir Ragnheiður að Evrópumíðstöð um þróun í sérkennslu sé með skemmtilegar hugmyndir um þjónustumiðstöðvar sem hafa því hlutverki að gegna að bjóða þjónustu, sem samanstendur af mikilli breidd sérfræðinga, í skólana þó þær séu ekki staðsettar innan þeirra. Nemendur geti einnig komið inn í stöðina og fengið sérhæfða þjálfun þar.

Í framtíðinni telur Ragnheiður samstarf um þjónustu við fatlaða nemendur þurfi að hugsa í víðara samhengi þar sem þjónustan komi til einstaklingsins. Markmiðið er að þjónustunotandinn fái heilðræna og góða þjónustu. Með samræðu, hreinskilni og vandvirkni sé allt leysanlegt og allir hljóti að stefna að sama markmiði sem er að veita góða þjónustu.

Í kaflanum kemur fram að nánast allir fatlaðir nemendur sækja um nám í framhaldsskólum. Nemendur eiga rétt á að vera hluti hins heildstæða skólakerfis en margir fatlaðir nemendur fara í sérskóla og á starfsbrautir vegna skorts á húsnæði og mannafla með sérþekkingu. Öllum nemendum getur verið synjað um skólavist sjái skóli sér ekki fært að koma til móts við þarfir hans. Upplýsingar skortir frá grunnskólum til að hægt sé að bjóða öllum úrræði við hæfi í framhaldsskólunum. Verið er að fjölga

starfsbrautum til að koma til móts við fjölda fatlaðra nemenda sem útskrifast úr grunnskólum í vor. Svo virðist sem starfsbrautir séu nánasta framtíð fatlaðra nemenda þrátt fyrir að fatlaðir nemendur eigi að vera hluti hins heildstæða skólakerfis samkvæmt Salamancaóyfirlýsingunni (1994).

Samantekt

Tilfærsla milli grunn- og framhaldsskóla fer fram með þeim hætti að starfsfólk grunnskóla og foreldrar kanna hvaða sérúrræði innan framhaldsskóla gætu hentað hverjum nemanda fyrir sig. Nemendur fara með starfsfólki grunnskóla í skólakynningar á starfsbrautir valinna framhaldsskóla. Fram kom að starfsfólki skólanna þótti vanta samstarf milli skólastiga og aðlögun fyrir fatlaða nemendur að nýju húsnæði, starfsfólki og umhverfi framhaldsskóla. Að mati sérfræðings mennta- og menningarmálaráðuneytis er erfitt að setja fram heildstæða stefnu um úrræði fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum án þess að vita hver þjónustupörfin er. Framtíð fatlaðra nemenda virðist liggja í fjölgun starfsbrauta, þrátt fyrir að grundvallarmannréttindi ættu að vera sameiginleg þáttaka allra (Dóra S. Bjarnason, 1991). Í næsta kafla fjalla ég um sýn, vonir og væntingar foreldra hvað tilfærslu milli skólastiga og líf barna þeirra varðar.

4. Sýn, vonir og væntingar foreldra

Kaflinn lýsir reynslu og upplifun foreldra ungmennanna fjögurra af tilfærsluferlinu og tengist þeim rannsóknarspurningum mínum sem beinast að væntingum fjölskyldna nemenda til framhaldsskólanna og hvort þær standist á fyrsta ári þar. Einnig hvaða áhrif tilfærslan hefur á líf nemenda og fjölskyldna þeirra, auk þess sem ég skoða sjónarhorn, vonir og væntingar foreldranna á nám, líf og framtíð barna sinna. Frá því að Alexander, Bergdís, Daníel og Eygló komu í heiminn hafa þau alist upp á heimili ástríkra foreldra sem elska þau og hafa barist fyrir velferð þeirra. Eitt ungmennanna hefur flutt að heiman og býr nú á sínu eigin heimili. Samkvæmt Dóru Bjarnason (2008) eru foreldrar sérfræðingar í lífi barna sinna og þeirra þörfum. Því skipta þeirra sjónarmið gríðarlega miklu máli og þau hafa miklu að miðla sem nýttist í lífi og starfi barna þeirra. Foreldrana ræddi ég við í upphafi og við lok rannsóknartímabilsins á heimilum þeirra.

4.1 Sýn foreldra á grunnskóla

Samkvæmt reglugerð um sérkennslu (1996) geta foreldrar, kennarar og sérfræðingar óskað eftir því að barn sé við nám í sérúrræði eða sérskóla sé þess þörf. Annars kemur fram í lögum um grunnskóla (2008) að nemendur eigi rétt á kennslu við hæfi í almennum grunnskóla.

Eygló, eitt ungmennanna, var í almennum grunnskóla í 1-4. bekk en byrjaði í Suðurskóla sem er sérskóli í 5. bekk. Þar sagði Unnur móðir hennar að hún hefði fengið að vita að allir væru jafnir og ekki yrði špikkaðð í hana eins og í grunnskólanum, en hún hafði orðið fyrir nokkru einelti þar. Unnur hafði þó ákveðnar væntingar til sérskólans sem fólust í að hlúð yrði að styrkleikum Eyglóar, hún fengi stuðning til að takast á við lesblinduna og að persónuleiki hennar fengi að blómstra. Þessar væntingar gengu eftir. Unnur, móðir Eyglóar, lýsti því að nemendur sérskólans væru ekki mikið að hittast utan skóla þar sem þau kæmu víða að og að fatlanir þeirra kæmu stundum í veg fyrir að þau gætu hist. Margt bendir því til að hætta sé á að félagslega hliðin utan skóla verði útundan hjá þeim sem stunda nám í sérskóla. Freyja Haraldsdóttir (2008) er ung fötluð kona og bendir á að hverju barni sé hollt að læra reglur, virðingu, samvinnu og samskipti í fjölbreyttum hópi nemenda innan hins almenna skólakerfis. Það sé nauðsynleg undirstaða þess að lifa í hinu almenna samfélagi

Daníel stundaði einnig nám í Suðurskóla en Vigdís móðir hans lýsti því að sérkennari í leikskóla Daníels hafi bent þeim á að sækja um skólavist í Suðurskóla. Í byrjun höfðu þau efasemdir um að skólinn hentaði Daníel en eftir að þau fóru í heimsókn í skólann og fundu allt öryggið og gleðina þar breyttist afstaða þeirra. Vigdís segir þau foreldrana lítil afskipti þurft að hafa vegna skólagöngu hans en lítillaga veitt aðstoð sína þegar Daníel hefur fengið nýjan kennara. Hún telur að fyrirkomulagið í Suðurskóla hafi hentað vel og vill að unnið sé á svipaðan hátt í framhaldsskólanum. Vigdís sagði þó að Daníel hefði átt erfitt með félagslega samskipti þar til fyrir tveimur til þremur árum að hann fór að hafa meiri samskipti við nemendur í bekknum. Allt í skólanum var sérsniðið að Daníel og var hann í stofu sem var útbúin sérstaklega fyrir hann en þar gat hann verið í næði og blandast öðrum eftir getu og þörfum.

Að sögn Hildar, móður Alexanders, gekk grunnskólaganga hans í Austurskóla šrosalega velð utan fyrstu áronna en hann þá talaði hann ekki. Einnig hefðu skólastjóraskipti breytt starfi skólans til batnaðar. Jóhannes, faðir hans, segir að strax frá því í leikskóla hafi verið unnið með atferlismeðferð, smjög massívtó frá þriggja ára aldri og þau telja að það hafi bjargað honum og skipti máli að öll einhverf börn fari í slíkt. Frá því í áttunda bekk hefur Alexander ekki þurft aðstoð við heimanám en þá jókst sjálfstæði hans. Jóhannes lýsir því svona:

Þetta er svo auðvelt fyrir hann sko, þegar hann fattaði þetta að fylgja fyrirmælum sko, skriflegum, þá, þá er þetta ekkert vandamál. Þá getur hann alveg, alveg klárað sig á því. Það var nú bara oft á tímabili að bara munnlegu fyrirmælin virkuðu ekki þannig að það fór allt fyrir ofan garð og neðan.

Jóhannes segir mikilvægt að það sé sjákvæðni gagnvart þessum börnum því, því sumir skólastjórnendur líta bara á þetta sem kostnað og óþarfa og óþægindi, skoð.

Aldís Eik, móðir Bergdísar, segir það hafa verið kraftaverk að kynnst Elínu Eddu sem var þroskaþjálfari Bergdísar í Austurskóla og var stoð hennar og stytta alla skólagönguna. Væntingar til grunnskólans voru þær að hún fengi að vera í almennum bekk en Aldís Eik sagði:

maður bara ætlaðist til þess að hún fengi að vera í almennum bekk eins og hægt væri og hún væri með þroskaþjálfara og hún fengi þann stuðning og hjálp sem hún þyrfti í það og það skiptið. Nú ef hún þyrfti enga hjálp, nú þá þyrfti ekki að hanga yfir

henni og þetta gekk sem sagt, hún var ekki með stuðning á tímabili sko.

Aldís Eik sagði Bergdís alltaf hafa fengið það sem þau foreldrarnir báðu um og hún segist sjálf hafa undirbúið jarðveginn ár fram í tímann hafi hún haft einhverjar séróskir um úrræði fyrir dóttur sína. Í rannsókn Dóru S. Bjarnason (2003) áttu foreldrar það sameiginlegt að þeir sáu sig knúna til að hafa áhrif á skólastarfið og berjast fyrir réttindum barna sinna. Áhersla Aldísar Eikur er á það sem mun raunverulega nýtast Bergdís í framtíðinni. Vanlíðan Bergdísar vegna eineltis hafði áhrif á námsgetu hennar í grunnskólanum. Aldís Eik sagði: „það er náttúrulega vonast til þess að hún kæmi sterkari út úr grunnskólanum og hefði lært meira í námsfögumö.“

Í kaflanum kemur fram að foreldrar eru ánægðir með grunnskólagöngu barna sinna og vilja börnum sínum það besta. Foreldrar virðast þó hafa þurft að vera í meira samstarfi við starfsfólk og ýta á að fá vilja sínum framgengt innan almenna grunnskólans en sérskólans. Fram kemur að foreldrar vilji að börn sín fái áfram þá þjónustu í framhaldsskóla sem þau fengu í grunnskóla og þroskist í auknum mæli.

4.2 Væntingar foreldra til framhaldsskólanna

Hér á eftir mun ég leitast við að varpa sýn á væntingar foreldra til framhaldsskólanna og hvernig þær birtust í framhaldsskólunum.

Vigdís, móðir Daníels, hafði svipaðar væntingar til Menntaskólans í Hamarsfirði og grunnskólans á sínum tíma en þær fólust í að námið væri sérsniðið að syni hennar og þá taldi hún gleði Daníel mikilvæga. Væntingar Kristins, föður Daníels, voru að unnið yrði að auknu sjálfstæði hans og bóklegt nám yrði aukið. Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla (2004) og aðalnámskrá grunnskóla (2006) kemur fram að réttur allra til náms eigi að vera jafn og miða að því að þroska og veita hverjum og einum nám við hæfi. Kristinn telur breytingar eins og yfirfærslu í framhaldsskóla vera af hinu góða. Hann benti á að oft væru ekki gerðar nógu miklar væntingar til fatlaðra nemenda og að oftast geti þeir meira en fólk heldur. Rammi framhaldsskóla sé ekki sniðinn að fötluðum einstaklingum. Samkvæmt Rannveigu Traustadóttir (2007) er algengt að börn séu skilgreind sem félagsleg vandamál í samfélagi okkar. Hluti af því felist í að oft séu ekki gerðar til þeirra nægar væntingar. Um það hvort væntingar til framhaldsskólans hafi staðist sagði Vigdís móðir Daníels:

enn sem komið er þá hafa þær staðist en ég gerði mér alls ekki svona miklar væntingar eins og, sko ég gerði mér sko [...] ég var allt eins á því að hann fengi enga skólavist þrátt fyrir öll þessi loforð frá menntamálaráðuneyti og þarna og þennan fund sem að Ragnheiður var með þarna hjá okkur að ég gerði mér engar vonir um það [...] og ég gerði mér heldur engar vonir um að ég fengi þá skólavist sem ég sótti um [...] ég vissi í rauninni ekkert hvar barnið mitt myndi enda en þetta hefur verið, þetta er svo miklu miklu betra heldur en ég bjóst við [...] enn sem komið er [...] svo getur allt gerst.

Vonir Aldísar Eikur og Hrafns, foreldra Bergdísar, fólust í að líðan hennar myndi batna í framhaldsskólanum og því nýja umhverfi sem hann hefði upp á að bjóða. Aldís Eik vonaði einnig að í Fjölbrautarskóla Fellsvíkur næði Bergdís það fókusera svoltið á sjálfa sig í skólanum, það sem að hana langar til að gera og einnig að þú geri sér grein fyrir grunninum sem hún verður að fara í gegnum til að geta lært að gera það sem hana langar til að gera. Aldís Eik sagði væntingarnar í raun hafa staðist, slíðið ljúft eins og væntingar stóðu til í rauninni en að hún hefði viljað að:

henni yrði fylgt meira eftir svona þannig og persónulega þannig, eða þú veist þannig að það væri þannig að það yrði meira gengið út frá henni sjálfri og reynt að finna hennar sterku hliðar, hennar áhugmál, hennar allt en það er svona meira held ég sem sagt tekið, þetta er náttúrulega tekið með en sem sagt líka allur bekkurinn.

Einnig taldi Aldís Eik mikilvægt að dóttir hennar hefði sérstakan trúnaðarmann sem hún gæti leitað til innan framhaldsskólans og að hún kynntist einhverjum utan starfsbrautarinnar og yrði meira virk félagslega. Hrafn, faðir Bergdísar, sagði í þessu samhengi skanski þegar hún fer í áfanga utan starfsbrautarinnar og ég vona að hún komist þá í meira samband. Þau vilja að hún sækji tíma utan starfsbrautar og þá til dæmis í textíl og smíði. Hrafn segir: það er kannski hægt að gera meiri kröfur þegar henni líður betur heldur en henni leið í grunnskólanum. Aldís Eik, móðir Bergdísar, vonar einnig að Bergdís sé meira í tímum sem hún hafi áhuga á næsta skólaári og fái manneskju með sér í almenna áfanga. Samstarfið sé gott en fari mikið eftir því hvað foreldrar sleggja sig eftir samskiptum við skólann. Hrafn segir að Bergdís sé þökkalega ánægð í skólanum og því ekki mikil þörf á miklum samskiptum við skólann.

Unnur móðir Eyglóar hefur svipaðar væntingar til Fjölbrautarskóla Ásatúns og hún hafði til Suðurskóla hvað líðan Eyglóar varðar. Hún vill þó meira krefjandi verkefni sem leiði til aukins þroska og að hún verði meira sjálfbjarga í samfélaginu. Eygló sé félagslega sterk og það þurfi að efla enn frekar og leyfa henni að blómstra. Það sem skipti mjög miklu máli væri að dóttir hennar fengi aðstoð varðandi lesblinduna því það sé eitthvað sem er Eygló til ama og hái henni en samkvæmt lögum um framhaldsskóla (2008) ber að veita nemendum nám við hæfi. Í seinna viðtali sagði Unnur væntingar sínar hafa gengið eftir nema hvað lesblinduna varðar. Kröfurnar í skólunum séu svipaðar en hún sagðist hafa viljað:

að hún yrði einmitt svona opnari og, og myndi verða félagslyndari og allt þetta og það hefur alveg gengið eftir. Og já að hún væri, það væri meiri svona gleði í henni og hún er búin að vera alveg ofsaleg, hún var nefnilega orðin svoldið döpur á tímabili þannig að það hefur gengið eftir

Væntingar Jóhannesar og Hildar, foreldra Alexanders, voru að hann fengi að taka þátt í sem flestum almennum tímum og fengi félagsþjálfun. Foreldrarnir segja væntingar til náms í almennum tímum hafa staðist fyrir utan að hann virðist ekki kynnast neinum ófötluðum nemendum þar, námið þyngist hægt og rólega. Áherslan er á nám við hlið ófatlaðra nemenda og Jóhannes sagði að:

hluti af þessu prógrammi að, hérna, það er best fyrir hann að vera með eðlilegum krökkum skilurðu, það, hann lærir mest á því, það, það er þessi atferlismeðferð alveg frá upphafi og það hefur örugglega hjálpað honum, ég held að það sé ekki spurning sko. Í staðinn fyrir að sumstaðar er þessum krökkum bara hópað saman.

Hildur, móðir Alexanders, myndi vilja sjá aukna áherslu á myndlist. Þess sé gætt að honum líði vel.

Væntingar foreldra náðu yfirleitt fram að ganga nema hvað einn nemandi varðaði sem fékk ekki aðstoð með sitt helsta vandamál, lesblindu. Einnig kom fram að samskipti milli heimilis og skóla mættu vera meiri og nám án aðgreiningar meðal fatlaðra og ófatlaðra nemenda. Vellíðan og aukinn þroski ungmennanna skiptir foreldrana miklu máli en þau telja að börnum sínum líði vel innan framhaldsskólanna.

4.3 Hvernig foreldrar upplifa tilfærsluna

Hér fjalla ég um hvernig foreldrar upplifðu með hvaða hætti staðið var að tilfærslu barna þeirra milli skólastiga.

Vigdís, móðir Daníels, sagði þau Kristin ekki hafa fengið að vita um inngöngu hans í Menntaskólann í Hamarsfirði á tilsettum tíma, um miðjan júní, eins og flestir aðrir. Þau vissu um skólavistina þremur vikum áður en kennsla átti að hefjast en þá var ekki búið að ráða starfsfólk til að starfa með Daníel og ekkert hefði verið til staðar þegar skólinn byrjaði. Þeim þótti óþægilegt að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði ekki vitneskju um þann fjölda nemenda sem væri að útskrifast og myndi hefja nám á starfsbrautum um haustið og Kristinn, faðir Daníels, var nokkuð svartsýnn á að Daníel fengi skólavist. Vigdís sagði:

við náttúrulega sóttum bara um. Þetta er náttúrulega bara leikur eða svo til, eða ég lít á það þannig. Þú skoðar hvað þér líst best á og sækir um.

Foreldrar Daníels voru ósáttir við það úrræði sem þeim var úthlutað og Vigdís segir þau hafa haft áhyggjur af því að:

það væri bara ekkert til staðar sem hentaði honum og engin námsgögn og jafnvel ekki bara húsrými fyrir hann og það reyndist vera alveg rétt þegar hann byrjaði.

Vigdís sagði að šgríðarleg samvinnað hefði farið fram á samráðsfundum á tilfærslutímabilinu og þeim slofað öllu fögruð. Hún sagði líka að það starfsfólk sem starfi með Daníel í skólanum hefði rutt brautina og fengið allt sem það þyrfti á að halda. Hún taldi því framhaldsskólagönguna hafa gengið vonum frammar og segir: þvíð erum mjög sátt við þetta í dag og ég held að hann sé ennþá sáttari heldur en viðð og á þá viðð Daníel. Skólinn hafi ráðið fram úr öllu og starfsfólk sitji við námsgagnagerð á kvöldin.

Hildur, móðir Alexanders, taldi að tilfærslan yrði kannski erfið fyrir hann í byrjun en Jóhannes að hún yrði ekkert mál um leið og rúttinan væri komin og hann vissi hvað hann ætti að gera. Foreldrar Alexanders undirbjuggu hann með því að ræða tilfærsluna við hann. Í febrúar síðastliðnum lýsti Jóhannes, faðir Alexanders, vali þeirra á framhaldsskóla á þann hátt að þeim hefði þótt þau afar velkomin í Menntaskólanum á Svalholti þegar þau komu þangað auk þess sem Alexander hafði kynnst starfsfólkinu líttillega. Það skipti Hildi og Jóhannes miklu máli. Einnig yrði auðvelt fyrir Alexander

að taka strætó í skólann og fylgdi Hildur honum fyrstu vikuna. Í byrjun haustannar, áður en skóli hófst, fóru Hildur og Jóhannes tvö á fund í skólanum og síðan með Alexander.

Í Fjölbrautarskóla Fellsvíkur er eina starfsfólkið sem heimsótti grunnskóla. Fyrstu kynni Aldísar Eikur og Hrafns, foreldra Bergdísar, af skólanum voru mjög góð og starfsfólkið er mjög almennilegt að þeirra sögn. Þau töluðu einnig um að bæði Bergdís og starfsfólk skólans hefðu orðið jafn hrifin við fyrstu kynni. Starfsfólk Austurskóla var reiðubúið undir allt samstarf sem þyrfti svo að tilfærslan gengi sem best en móðirin sagði: „Það er ekki í öllum skólum sem er lagt út með svona. Bergdís kemur alla jafna mjög vel saman við fólk. Aldís Eik sagði undirbúninginn fara að mestu í að fara yfir það sem skiptir máli í daglegu lífi unglunga s.s. samræður, hreinlæti, klæðnað og tiltekt. Þau voru mjög bjartsýn á framhaldsskólagöngu Bergdísar. Sá möguleiki væri alltaf fyrir hendi að eitthvað gæti komið uppá en Aldís Eik sagði að þá yrði bara tekið á því. Aldís Eik þykir of seint að fá að vita um skólavist um miðjan júní. Bergdís og foreldrar hennar fengu því að vita nokkuð snemma um inngöngu í skólann og voru mjög sátt við hvernig staðið var að tilfærslunni.

Unnur, móðir Eyglóar, sagði aftur á móti að sér hefði þótt tilfærslan fara fram með allt of hröðum hætti:

Þetta gerðist eiginlega allt mjög hratt og mér fannst vanta dálðið frá skóla og lækni uppá, eitthvað frá þeim hvernig á að bera sig að, hvað getur gerst hjá krökkum sem koma úr svona vernduðum kassa, umhverfi og svona [...] þú veist svoldið, mér finnst vanta dálðið, maður vissi ekkert og hélt þetta væri ekkert mál, það kom annað á daginn.

Unnur segir samskiptin við skóla góð en henni finnst vanta fundi þar sem foreldrar og kennari geti sest niður og spjallað saman. Einnig hefði hún viljað að Eygló færi í almenna tíma með ófötluðum nemendum og telur það gott fyrir alla aðila. Eygló hefur eignast fullt af nýjum vinum, er virk í félagslífinu og vildi helst vera í öllu. Hún hittir skólavini þó ekki í miklum mæli eftir skóla.

Í kaflanum má greina áhyggjur foreldra af því hvernig börnum þeirra muni reiða af í framhaldsskólunum. Þrátt fyrir að ekki hafi allir fengið svar við umsókn sinni í júní eins og á að vera eru foreldrar mjög ánægðir með móttökur og nám barna sinna innan framhaldsskólanna. Það sem skortir helst er að innritunum sé flýtt til að aðlögun geti átt sér stað og aukið samneyti við ófatlaða nemendur.

4.4 Framhaldsskólinn og áhrif tilfærslu á líf og líðan ungmennanna

Umfjöllun þessa kafla tekur til þeirra áhrifa sem tilfærsla milli grunn- og framhaldsskóla hafði á líf ungmennanna og fjölskyldur þeirra.

Unnur, móðir Eyglóar, tekur fram að tilfærslan úr Suðurskóla í Fjölbrautarskóla Ásatúns hafi verið šsjökkō fyrir þær mæðgur og þeim reynst erfitt að læra inn á þetta kerfi sem var ólíkt sérskólanum. Erfiðleikarnir fólust í því að:

hún bara umturnaðist [...] það var bara einhvern veginn allt í lausu lofti og hún réð ekkert við þetta, [...] sko allt áreitið sem kom, [...] hún ætlaði bara að, ehh, taka öllu, bara mæta allstaðar, gera allt á, eh, einum tímapunkti, hún bara fór alveg fram úr sér.

Breytingunni var Unnur alls ekki viðbúin og telur hún Eygló ekki hafa ráðið við aðstæðurnar. Líðan Eyglóar hafi breyst umtalsvert og Unnur sagði: **šhjálp**, mér finnst þetta bara vera annað barn [...] jájá, ég meina [...] það er búið að ganga mikið á, það er það. Persónuleikabreytingin hafi einnig verið töluverð eða:

ég meina hún sko svaf illa og var uppstökk og það er ýmislegt svona sem er búið að vera rosa stress. Ég held að hún sé búin að ná hundraðinu.

En með tímanum segir Unnur sjálfstæði dóttur sinnar hafa aukist eftir tilfærsluna, hún sé opnari og tjái sig í meira mæli svo eftir er tekið innan fjölskyldunnar. Fyrir tilfærslu var hún mjög lokuð og móður fannst hún sýna merki einhverfu. Stundum veit Unnur ekkert hvar hún hefur dóttur sína núna. Hún lýsir þessu svona:

hún var orðin svo ein, ein á báti en hún bara opnaðist alveg, þetta var svona alveg eins og maður tæki tappa úr eða eitthvað. Það er rosa mikill styrkeikur finnst mér núna. Stundum getur það verið of mikið, það er eins og hún nái ekki alveg að hemla þessa nýju sýn hjá sjálfri sér.

Jafnframt segir Unnur:

seinast þegar við hittumst þá fannst mér það vera einhverfa og allt lokað og læst en núna finnst mér allt opið og komið á full spítt þannig að einhverfa breyttist aftur í athyglisbrest með ofvirkni á hæsta stigi og bara umskiptin svo mikil.

Nú er svo komið að móðir þarf að minnka verulega starfshlutfall sitt til að vera Eygló innan handar og sagði šhver á þá að borga launin mín á meðan? En það er ekki eingöngu framhaldsskólinn sem hefur áhrif á líf Eyglóar því áhugi hennar á félagsstarfi hefur aukist til muna. Utan skóla sækir Eygló félagsstarf í Hinu Húsinu og Unnur er mjög ánægð með félagsstarfið þar. Hún segir Eygló opna sjóndeildarhringinn og kynnast því hvernig er að verða fullorðin og taka þátt í samfélaginu eins og að fara á kaffihús. Fólk telur oft, að sögn Unnar, að þegar börnin eldist auðveldist lífið en samt verði allt miklu erfiðara. Sjálfstraustið virðist eyðileggja fyrir Eygló í skólanum af því að hún verður svo áköf og stjórnsöm að aðrir eigi erfitt með að taka á móti. Unnur er nokkuð leið yfir breytingunni við tilfærsluna þar sem væntingarnar voru svo miklar í þá veru að allt færi á betri veg. Hún segir að verið sé að efla stúlkuna í mannlegum samskiptum.

Jóhannesi, föður Alexanders, þykir hann hafa þroskast við að fara í framhaldsskóla. Honum virðist líða vel á báðum skólastigum. Vel sé haldið utan um hann og hann fari í almenna tíma aleinn án fylgdar og heimanám fari að mestu fram innan skólans. Áhugamálin hafa ekki breyst en Alexander hefur eignast vini og Hildur, móðir hans, segir þrjá stráka í skólanum vera mikið saman og að fimm þeirra nái nokkuð vel saman. Hildur segir samstarfið við Menntaskólann á Svalholti en foreldrafundur hafi aðeins verið í upphafi skólagöngu. Lesskilningur hefur háð Alexander en gengur þó betur nú en áður og Hildur segir hann nota hljóðbækur. Jóhannes, faðir Alexanders, segir hann fá að prófa sig áfram og gera hlutina sjálfur en hann er mjög sjálfstæður. Að efla sjálfstæði sé hluti af atferlismeðferðinni og Jóhannes segir: það kynna honum hlutina, svo bara gerir hann það sjálfur skilurðu, ég held að þetta sé bara hluti af því. Svona hefur hann alist upp og það er þetta sem er að hjálpa honum. Að taka strætó í skólann hafi verið stórt skref. Hindranir séu félagslegar og Hildur segir hann ekki taka þátt í félagslífi til jafns við ófötlud ungmenni. Hann hitti vini ekki mikið utan skóla. Alexander lætur þó meira vita hvað hann vill og vill ekki. Liðveislan sem hann hafði kvöldstund aðra hverja viku er hætt núna og Hildur, móðir Alexanders, segir hann hafa tapað miklu þar. Liðveisla felst samkvæmt lögum um málefni fatlaðra (1992) í persónulegum stuðningi og þaðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

Vigdís, móðir Daníels, sagði að gerðar væru meiri kröfur til hans í Menntaskólanum í Hamarsfirði og farið fram á meiri kunnáttu hjá honum, þar séu aðrar áherslur og samstarfið gott. Henni sé velkomið að sitja þá tíma sem hún vill í skólanum.

Daníel tekur þátt í smíði, handavinnu og tónlistartímum með ófötluðum nemendum. Í skólanum eru vettvangsferðir umbun fyrir góða vinnuviku. Hann hefur, að sögn Vigdísar, þroskast mikið og vinnur lengur í verkefnavinnu en áður þó hann eigi erfitt með að yfirfæra milli staða. Vigdís tengir þroskann þó við aldurinn frekar en skólann sjálfan. Daníel er félagslyndur og meiri félagslegar kröfur eru gerðar til hans í framhaldsskólanum og telur Vigdís, móðir hans, að honum líki það mjög vel. Hún sagðist ekki vita hvar Daníel myndi vera staddur ef hann væri ekki þar sem hann er, starfsfólkið og starfið sé í raun þhimnasendingö. Vigdís sagði Daníel fullfæran um að taka ákvarðanir en hann þurfi stjórnun. Í skólanum sé reynt að finna flóknari verkefni eftir því sem hann eldist. Hún sagði:

kannski hafa orðið meiri framfarir vegna þess að þau sem eru að sinna honum í dag eru á því að hann sé kominn í framhaldsskóla. Það er náttúrulega alltaf reynt að fá hann til að fylgja sínum jafnöldrum og það ekki bara með námið heldur líka með hérna hið daglega líf.

Vigdís, móðir Daníels, segir að í Menntaskólanum í Hamarsfirði sé kannski gert meira af því að efla hann félagslega en gert var í grunnskóla. Nú borði hann, eins og aðrir, í mötuneytinu og eigi skólavini. Stærsti munurinn sé því félagslegt samneyti við fatlaða og ófatlaða jafnaldra. Daníel sé töffari og fíli töffara. Móðirin sagði þau Kristin, föður Daníels, ávallt hafa leyft starfsfólki skólanna að vinna sína vinnu og šgrípa ekki inn í fyrir en okkur finnst að það sé komið út í einhverjar villigötur og það er þá kannski helst eitthvað sem varðar tilfinningarö Daníels. Starfsfólkið hafi þá þekkingu sem til þarf þó þau þekki barnið sitt best sjálf.

Tilfærsla Bergdísar gekk vel. Aldís Eik, móðir Bergdísar, sagði:

það er alveg ofboðsleg breyting því að, og sem sagt, eftir á þá gerir maður sér meira grein fyrir því hvað eineltið hefur haft ofsalega mikil áhrif á hana og sem sagt, látið henni líða illa og maður finnur það svolítið þegar að núna, þegar það kemur eitthvað upp til dæmis árekstrar

Þegar upp komi vandamál, segir Hrafn, faðir Bergdísar, að hún vilji bara vera veik heima. Foreldrar Bergdísar segja að nú sé markvisst unnið að því að vinna með vandamálin á þann hátt að šef það er eitthvað sem er að þá þarf að laga það, segir Hrafn. Aldís Eik tekur þó fram að í grunnskólanum hafi alltaf verið reynt að hjálpa Bergdís á alla vegu en šbara þegar börn lenda í svona alvarlegu einelti sem að enginn

sá, en sem sagt, það bara, sem sagt, skemmir einstaklinginn alvarlegað. Aldís Eik segir hana orðna šalgjöra gelgjuð sem fylgi skap og šeins og hún virðist vera góð í skólanum og svona út á við að þá bara tekur hún það út heima hjá sér í staðinnö, segir Hrafn, faðir hennar. Bergdís nær vel til allra, allir eru vinir hennar og öllum á starfsbrautinni þykir nokkuð vænt um hana. Hún hefur aðeins vingast utan starfsbrautar en ekki mikið og hún stundar lítið félagsstarf innan skólans. Bergdís fer nú í Hitt Húsið þar sem hún þekkir nokkur ungmenni og þykir mjög gaman. Hún er félagslega öflug, er mikið með vinum sínum, mjög sjálfbjarga og notar mikið strætó.

Foreldrar telja börn sín hafa breyst á þann hátt að líðan þeirra er betri og sjálfstæði þeirra hefur aukist við að hefja nám í framhaldsskólum sem samrýmist niðurstöðum úr rannsókn Dóru S. Bjarnason (2003) þar sem fram kemur að margir nemenda urðu fyrir einelti meðan á skyldunámi stóð en líkurnar á því minnkuðu þegar komið var í framhaldsskóla. Ósk foreldra er nám við hæfi og aukin samskipti milli fatlaðra og ófatlaðra ungmenna.

4.5 Framtíðarsýn

Í rannsókninni leitaði ég eftir að fá sýn foreldra á framtíð sona þeirra og dætra. Hér á eftir kynnumst við hverjar væntingar foreldra eru til framtíðar barna sinna eins og samfélagið er í dag.

Hildur, móðir Alexanders, vonar að í framtíðinni muni hann fá vinnu við hæfi, eigi gott líf og geti búið einn með stuðning frá fjölskyldunni og faðirinn tekur undir það. Foreldrar Alexanders segja hann hörkuduglegan og geta unnið eftir fyrirmælum eins og við bakstur og smíðar til dæmis, jafnvel borið út póst. Styrkleikarnir liggja í smíðum og myndlist. Hildur og Jóhannes binda vonir við að Alexander taki stúdentspróf og að á þeim tímamótum verði fyrirtæki, eins og er í Danmörku, komið á laggirnar sem finnur út hvar styrkleikar fólks með einhverfu liggja til að það fái starf við hæfi. Hildur, móðir Alexanders, segir hann alveg geta bjargað sér sjálfan. Í dag sé hann sí góðu jafnvægi og virðist sáttur við lífið sko, það er nú það sem maður villö, geðgóður og mjög heilsuhraustur.

Kristinn, faðir Daníels, telur hæfingarstöð eða verndaðan vinnustað geta tekið við að loknum framhaldsskóla en einnig vill hann að Daníel verði sjálfstæðari þó hann muni alltaf þiggja mikla þjónustu og móðir hans tekur undir það. Vigdís, móðir hans,

vill ekki að starf hans felist í að ssetja einhver Andrésblöð í pokað. Hún vill heldur ekki að lagt verði meira á Daníel en hann þolir.

Unnur, móðir Eyglóar, sér fyrir sér að loknum framhaldsskóla að hún geti búið ein með stuðningi og séð alveg um sig sjálf þó umhverfisskynjun eigi eftir að vera henni hindrun þar sem hún ruglast á hljóðum auk þess sem šhugur og höndö vinni ekki alltaf saman. Eygló geti í framtíðinni átt fjölskyldu og unnið á vernduðum vinnustað, hugsanlega við umönnun og þá helst barna þar sem hún er mjög barngóð. Unnur vill henni heilbriggt og létt líf þar sem Eygló fái sjálf það sem hún væntir út úr lífi sínu. Nú langi Eygló í háskóla og að búa í eigin íbúð. Móðir hennar er bjartsýn á að henni takist það sem hún ætli sér þó hún þurfi stuðning við að ná markmiðum sínum.

Aldís Eik og Hrafn, foreldrar Bergdísar, vilja að hún verði sjálfbjarga, sjálfstæð og vinnandi eins og sheilbriggt ungmennið, eignist sína fjölskyldu ef hún vill. Aldís Eik vill sjá Bergdís lifa sjálfstæðu og hamingjusömu lífi og að hún fái þá hjálp sem hún þarf þegar hún þarf á henni að halda. Eygló er undirbúin undir lífið af foreldrum sínum með samræðum og fræðslu að sögn Aldísar Eikur sem sagði:

það er stefnan hjá okkur að hún fari út í samfélagið sem sjálfstæður einstaklingur, geti búið sjálfstæð, unnið og séð um sig sjálf og það er sem sagt heilmikil vinna en það bar, bara vinna að hjálpa henni í þessu sem er hindrar að það takist sko og það er eins og ég segi bara vinna.

Hrafn, faðir Bergdísar, segist líka vona að hún finni sér eitthvað áhugamál. Aldís Eik, móðir Bergdísar, bindur vonir við að hún festist ekki í árátthegðun heldur komist mögulega áfram í fatahönnun og segir: šef maður veit að þau kunna að synda þá getur maður staðið á bakkanum og hjálpað þeimö. Að Bergdís fái vinnu við hæfi og tækifæri til að sýna hvað í henni býr er Aldís Eik mjög mikilvægt en hún telur samfélagið ekki taka nógu vel á móti fötluðum einstaklingum sem sækja um vinnu. Svo lengi sem Bergdís stendur sig ætlast Aldís Eik til þess að štekið sé tillit til þeirra, þau fái að gera sitt besta með sem sagt bara heilbrigðu fólki úti í þjóðfélaginu jafnt sem fötluðumö. Þrátt fyrir að foreldrar Bergdísar þurfi að hafa miklu meira fyrir henni nú en áður eru þau sannfærð um að það breytist eftir því sem hún geti meira. Aldís segir: š Við værum ekki að leggja þetta á þau ef að þau væru ekki fær um það.ö

Samantekt

- Upplifun foreldranna á grunnskólagöngu ungmennanna er mjög góð, einnig samskiptin við starfsfólk innan þeirra. Nemendurnir hafa fengið góða einstaklingsmiðaða þjónustu innan skólanna.
- Meðal væntinga foreldra til framhaldsskólanna er einstaklingsmiðað nám, að ungmennin öðlist aukinn þroska og félagstengsl auk þess sem meiri kröfur verði gerðar til þeirra en í grunnskóla.
- Foreldrarnir leggja allir áherslu á að nám barna þeirra fari fram við hlið ófatlaðra nemenda, innan almennra áfanga, á aukin tengsl milli fatlaðra og ófatlaðra. Reynsla foreldra af tilfærslu sona þeirra og dætra úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla var misjöfn. Tilfærsla úr almenna grunnskólanum virðist hafa gengið hnökralaust fyrir sig. Þegar kom að tilfærslu nemenda úr sérskóla voru vandamál fólgin í að foreldrar fengu ekki þá skólavist sem þeir óskuðu eftir og fjölskyldan var ekki undirbúin nægjanlega. Svo virðist sem meiri eftirfylgd þurfi að hafa í huga við tilfærslu úr sérskóla þar sem umhverfi sérskóla og almennra skóla er gjörólíkt.
- Foreldrar nefndu að þrátt fyrir vellíðan í framhaldsskóla hefði erfið hegðun heima aukist.
- Foreldrarnir vilja allir að börn þeirra fái vinnu við hæfi. Einnig er ósk um að nemendur fái þörfum sínum fullnægt hvað búsetu, þátttöku í samfélaginu og fjölskylduform varðar, að þau lifi hamingjusöm og fái óskir sínar uppfylltar.

Í næsta kafla lýsi ég í grófum dráttum tíu mánuðum í lífi fjögurra fatlaðra ungmenna, þeirra Alexanders, Bergdísar, Daníels og Eyglóar, hvað skólagöngu, félagslíf og lífssýn varðar.

5. Tíu mánuðir í lífi fjögurra fatlaðra ungmenna

Að ljúka grunnskólanámi og hefja nám í framhaldsskóla eru stór tímamót í lífi flestra ungmenna. Í framhaldsskóla breytast nemendur í fullorðna einstaklinga sem jafnframt verða sjálfráða. Til að skilja áhrif þessara tímamóta á upplifun og líðan ungmennanna er mikilvægt að hlusta eftir reynslu þeirra sjálfra. Ungmennunum reyndi ég að mæta með virðingu og á þeim stað sem hvert þeirra var statt í lífi sínu hverju sinni. Mér er mikilvægt að rödd þeirra heyrast því ég tel þau vera sérfræðinga í sínu eigin lífi, þörfum og löngunum. Ég ræddi einslega við þrjú ungmennanna í þrígang, við upphaf, miðbik og lok rannsóknartíma. Mér gafst kostur á að fylgjast með þeim breytingum og tilfinningum sem urðu í lífi þeirra á þessu tímabili. Daníel hefur ekki máltjáningu og því ræddi ég við þá sem standa honum næst og fór í vettvangsheimsókn til hans í framhaldsskóla. Alexander, Eygló og Bergdís voru öll nokkuð feimin í fyrsta viðtali en í seinni tveimur viðtölunum opnuðu Eygló og Bergdís sig meira fyrir mér, ákveðin tengsl höfðu myndast og viðtölin lengdust. Áberandi var hversu jákvæð og brosmild ungmennin voru og var samstarfið virkilega ánægjulegt í alla staði. Í þessum kafla er tilgangurinn að varpa ljósi á upplifun, reynslu og líðan ungmennanna í grunnskóla og framhaldsskóla. Auk þess fjalla ég um hvernig þau sjá líf sitt.

5.1 Líðan og félagsstaða nemenda í grunnskóla

Í kaflanum reyni ég að fá mynd af upplifun og líðan ungmennanna í grunnskóla auk þess að fá fram þeirra sýn á framhaldsskóla. Alexander og Bergdís komu úr Austurskóla sem er almennur grunnskóli en Daníel og Eygló úr Suðurskóla sem er sérskóli fyrir fötluð börn. Báðir skólarnir leggja mikinn metnað á þjónustu við hæfi hvers og eins.

Í viðtali við Eygló koma fram að hún var mjög ánægð í Suðurskóla, sem er sérskóli, og leið vel þar. Hún átti marga vini og fannst aðrir koma vel fram við sig. Utan skóla var hún mikið heima og hitti skólafélagana lítið. Í vor valdi Eygló sjálf hvaða framhaldsskóla hún vildi fara í og fékk inni í skólanum sem hún valdi fyrst, Fjölbrautarskóla Ásatúns. Hún hafði áhyggjur af því að sakna hans því hann væri šbara besti skólinn sem er til. Eygló taldi að gaman yrði í framhaldsskólanum, hann væri nálægt heimili hennar og auk þess þekkir hún nemendur innan skólans. Hún telur þó að námið verði heldur erfiðara en í grunnskóla en bindur vonir við að það séu skemmtilegir

tímar framundan. Í sumar passaði Eygló systkini sitt og vann í vinnuskólanum og fékk verðlaun fyrir frábæra frammistöðu.

Alexander leið vel í Austurskóla, sem er almennur grunnskóli, og sagði félagsmiðstöðina šog flest böllin þarnað skemmtilegust. Í 10. bekk voru áhugamálin fólgin í bíómyndum, popp- og rokktonlist. Á unglíngastigi í grunnskóla hafði Alexander áhuga á smíði og myndlist, fannst gaman að ferðast og og fór m.a. í skólaferðalag með skólanum. Hann taldi fólk almennt koma vel fram við sig. Utan skóla segist hann šslappa svona af, já og reyni svona að gera heimavinnuna mína sem ég á að gera fyrir morgundaginnð. Þegar kom að því að velja framhaldsskóla sagði Alexander að fyrst hafi verið skoðaðir þrír skólar og þá valið en smíði og myndlist hafi haft áhrif á hvaða skóli varð fyrir valinu þar sem hann hefur áhuga á að verða smíður. Alexander segist vera góður við smíðar þegar hann fær leiðbeiningar. Hann þekkir ekki aðra nemendur á leið í Menntaskólann á Svalholti og telur að framhaldsskólinn verði aðeins erfiðari en grunnskólinn. Í því samhengi sagði Alexander: šþetta er nú ansi erfitt, já, maður þyrfti nú að taka strætó þar og síðan er rosa mikil heimavinnað og nefndi hann einnig að þar væru brautir. Alexander sagði að í framhaldsskóla þurfi hann að skoða stundatöfluna sína og mæta í tímana en hann taldi mikilvægast að læra og standa sig vel þar. Eftir framhaldsskóla sagði Alexander: šég ætlaði nú aðallega að annað hvort að kíkja með háskólann eða, eða byrja strax að vinnað. Hann kveið šbæði ogð fyrir framhaldsskólanum og vildi kreppuna burt. Alexander vann í Vinnuskólanum um sumarið og fékk hrós fyrir metnað í starfi.

Daníel var mikið einn í sérúrræði innan Suðurskóla, sem er sérskóli, en þátttaka í starfi meðal annarra nemenda skólans jókst síðustu tvö ár hans í grunnskóla. Við hlið hans eru ávallt einn til tveir aðstoðarmenn, allan sólarhringinn. Í grunnskóla átti Daníel einn vin en þess utan vingaðist hann við aðstoðarmenn sína. Hann er félagslyndur og nýtur hreyfingar. Útivist er eitt af áhugamálum hans og hann byrjaði alltaf daginn í skólanum á gönguferð. Hann fór líka í tónlistarskóla út frá skólanum og hafði lært 50-100 tákn því táknmál er m.a. hans tjáskiptaform. Einnig hefur Daníel gaman af að skipuleggja umhverfi sitt og hafa allt í röð og reglu. Hann tókst á við það sem fyrir hann var lagt og því var talið að tilfærslan yrði honum ekki erfið fengi hann úrræði við hæfi. Val um framhaldsskóla og flestallar ákvarðanir eru teknar fyrir Daníel þó hann hafi skoðanir á því sem hann er að gera og vill gera. Um sumarið vann Daníel í Vinnuskólanum.

Bergdís kemur úr Austurskóla sem er almennur grunnskóli. Í skólanum fannst henni skemmtilegast í smíði og textíflmennt. Um grunnskólann sjálfan segir Bergdís ség lít á hann sem virkilega fínan og ef einhver ætlar í hann þá mæli ég strax með því að bóka sig þar. Um starfsfólkið sagði Bergdís þmér fannst nú fólkið sem starfaði þarna, það var voðalega yndislegt við mig, þú veist, þegar ég var í vandræðum þá gat ég alltaf leitað til einhvers, bara hvern sem er í rauninni. Jafnframt sagði hún í tengslum við einelti sem hún varð fyrir:

það skiptir eiginlega öllu máli í svona tilfellum, þá skiptir það máli, eiginlega öllu, að geta leitað til hvers sem er, bara einhver sem hefur svona innlit eða þannig á málinu, sem skilur þig, hvað þú ert að meina og getur hjálpað þér.

Líðan í grunnskóla sagði hún hafa farið eftir því hvernig skapi hún var í þþú veist hvort það var einhver að leggja mig í einelti eða hvað þú veist, það fór náttúrulega eftir því, mér leið, náttúrulega illa í unglingadeild því ég átti enga vini en svo eignaðist Bergdís vinkonu utan bekkjarins sem hún sagði að hefði bjargað henni alveg. Um krakkana sagði Bergdís þþegar þú eignast vini þarna, því það eru margir góðir krakkar þarna verð ég að viðurkenna, þá bara, þá bara lagast eiginlega allt, passaðu hverja þú velur. Bergdís þótti leiðinlegt hversu mikil áhrif vanlíðanin vegna eineltisins hafði á námið en eineltið var það sem henni líkaði verst í skólanum. Um líðanina í bekknum sagði Bergdís: þí mínum bekk aftur á móti leið mér ekkert voðalega vel af því að mér leið eins og ég þekkti hreinlega engan, [í] þú veist, það var enginn vinur sem ég átti þar, bara enginn. Annars leið henni misvel innan um aðra nemendur í skólanum og segir hún framkomu þeirra þannig að þlangflestir eiginlega, koma fram eins og ég sé algjör útlagi eða það, út af því það, þú veist, ég sat yfirleitt ein í frímínútunum, sat eiginlega alltaf ein í frímínútunum á sínum tíma alveg þangað til að *besta vinkonan* (breytt af rannsakanda) kom og þá var ég alltaf með henni. Bergdís tók fram að líðan nemenda batni við að eiga vini. Hún sagðist eiga þverulega fína fjölskyldu og þótti mikilvægast þbara að hugsa um það sem þér þykir vænst um, það finnst mér mikilvægast, á meðan þú getur það. Hugsa um lífið þitt og hvernig þú ætlar að haga þér. Hvað þú ætlar að vera og allt það. Bergdís hefur hugsað sér að verða fatahönnuður og jafnvel fara í meira nám að loknum framhaldsskóla og segist mega ráða því sjálf. Hún segist þó ekki fá að ráða öllu þar sem hún er undir lögaldri. Ef hún hittir nemendur úti í bæ koma sumir vel fram við hana en aðrir ekki. Bergdís segir:

ef ég sé einhvern úti í bæ sem ég þekki þá er hann að benda á mig og hvísla einhverju sem mér líður ekkert voðalega vel um. Og tala svona upphátt og vera að hlæja að mér. Gera grín að því hvernig ég er klædd og eitthvað.

Oftast sagði hún það unglinga sem kæmu fram við sig á þennan hátt. Þá sé best að ganga í burtu og sagðist hún yfirleitt jafna sig fljótt. Blendnar tilfinningar bærðust með Bergdís við lok grunnskóla og sagði hún: šöll mín tíu ár í *Austurskóla* (breytt af rannsakanda) hefur mér liðið svo vel út af fólki þar sem hefur annast mig alveg frá ómunatíð, síðan ég man bara eftir mér í rauninni. Bergdís sagði að enginn hefði upplýst sig um það hvernig það væri að vera í framhaldsskóla en þegar kom að vali um framhaldsskóla var valið í höndum hennar. Um valið sagði Bergdís: švegna þess að þau, ég sagði þeim hvað mér fannst um þetta og þeim fannst alveg nákvæmlega það sama og sóttu umö. Bergdís sagðist mundu šneyðastö til að taka strætó sem gæti orðið erfitt fyrstu skiptin. Hún þekkir ekki aðra á leið í Fjölbrautarskóla Fellsvíkur og telur að námið verði erfiðara en sagði: šþegar þú ferð að venjast því hvernig þú ratar í réttu stofurnar þá verður þetta í rauninni bara allt í lagi. Bergdís vildi engu breyta í lífinu taldi eftirfarandi mikilvægast:

Það er bara það sem mér finnst lang mikilvægast í rauninni að elska þá sem eru þér næstir og elska vini þína og fjölskyldu. Þú veist að ef að þú ert í vandræðum, að leita til þeirra mest af öllu og ekki gera eitthvað heimskulegt sem þú veist að þú átt eftir að sjá eftir löngu seinna eða stuttu.

Bergdís vann í leikskóla um sumarið og fór í sumarþúðir í Reykjadal.

Í kaflanum kom fram að ungmennunum leið vel í grunnskólunum nema þegar um einelti var að ræða. Þau unnu öll sumarið áður en þau byrjuðu í framhaldsskóla og þrjú þeirra nýta sér strætisvagna til að komast á milli staða. Flestar ákvarðanir eru teknar fyrir þau en tvö ungmennanna völdu sjálf hvaða framhaldsskóla þau ætluðu í. Ungmennin telja að námið í framhaldsskólanum verði erfiðara, þau hlakka til en bera blendnar tilfinningar í brjósti.

5.2 Líf og líðan nemenda í framhaldsskóla á haustönn

Í þessum kafla fjalla ég um í hvaða ljósi Alexander, Bergdís, Eygló og Tinna þroskaþjálfari, sem starfar með Daníel, sjá líf sitt og hans á fyrstu önn í framhaldsskóla.

Hlutverk framhaldsskóla er það stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfið samkvæmt lögum um framhaldsskóla (2008). Þeir eiga að undirbúa nemendur undir atvinnuþátttöku eða frekara nám.

Ég hitti Eygló í Fjölbrautarskóla Ásatúns í október og við spjölluðum lengi saman. Hún kemur úr Suðurskóla, sem er sérskóli. Eygló leið vel í framhaldsskóla, þóttu kennararnir og námið skemmtilegt en þótti námið vera sóttrúlega létt. Framhaldsskólinn var eins og hún bjóst við utan við námið sem reyndist vera auðveldara og henni líkaði best við námið í skólanum. Eygló sagðist stundum fá að ráða námsefninu sjálf og ef henni líki ekki það sem í boði er fari hún í eitthvað sem henni þykir auðvelt. Auk þess var hún ánægð með þá áætlun að fara í sértíma vegna lesblindunnar þar sem hún hefur áhuga á að geta lesið þó henni þyki það erfitt. Vel var tekið á móti henni í framhaldsskólanum og hún sagði: „það leist öllum vel á mig.“ Eygló þótti erfitt yrði hún veik því hún vildi alls ekki missa dag úr skólanum. Stundum sagði hún að nemendur starfsbrautar stríddu sér og pískruðu um hana sem hún virtist taka mjög nærri sér. Eygló sagði:

æi ég veit ekki, mér finnst alveg skemmtilegt og allt það, já mér fannst mjög skemmtilegt fyrst þegar ég byrjaði hérna, þá, þá var ég fannst ég líða illa e, e, e, af því að ég saknaði svo mikið grunnskóla.

Eygló sagðist sakna gömlu kennaranna í Suðurskóla og hefur heimsótt þá í sérskólann. Jafnframt saknar hún gömlu vinanna úr grunnskólanum sem fóru í aðra framhaldsskóla. Áhugamálin hafa lítið breyst en þátttaka hennar í félagsstarfi jókst við að fara í framhaldsskóla og það sem skipti hana mestu máli var að vera með vinum sínum, hreyfa sig, vera í skólanum og á æfingum. Eygló var mjög meðvituð um heilbrigða lífshætti og hreyfingu sem hún virtist njóta.

Daníel kom úr Suðurskóla sem er sérskóli og fór í Menntaskólann í Hamarsfirði. Hann hitti ég fyrst í október og ætlaði þá að kynnst honum einn dag. Vegna aðstæðna í skólanum frestaðist sú heimsókn og því hittumst við aðeins stutta stund. Samkvæmt Tinnu, þroskaþjálfara, aðlagðist Daníel Menntaskólanum í Hamarsfirði og nemendum innan hans vel og hefur verið mjög vinnusamur. Tjáskipti jukust að sögn Tinnu eftir að Daníel byrjaði í framhaldsskóla og lærði hann eitt nýtt tákni á viku. Daníel kynntist fimm skólavinum í haust og töluðu þeir að einhverju leyti saman með táknum. Við ákvarðanatökur í skólanum er Daníel iðulega hafður með í ráðum. Hann fer í matsal

eins og aðrir nemendur og Tinna sagði nám hans byggjast upp á mörgum hreyfitímum, verklegum- og bóklegum greinum. Daníel og aðstoðarmenn hans í skólanum hafa, að meðaltali, farið vikulega í vettvangsheimsóknir sem tengdust áhugasviði hans eins og til slökkviliðsins og landhelgisgæslunnar auk annarra staða. Daníel notar sjónrænt skipulag í daglegu lífi.

Alexander er nú á fyrsta ári í Menntaskólanum á Svalholti og kom úr almennum grunnskóla, Austurskóla. Þegar við hittumst í október þótti honum þfínt að vera í framhaldsskóla. Hann var algjörlega með stundartöfluna sína á hreinu og sagði mér hvernig vikan gengi fyrir sig án þess að líta á hana. Alexander sagðist gera sitt besta til að fylgja reglum skólans. Aðspurður af hverju hann sé í Menntaskólanum á Svalholti sagði hann: þég held að, sem sagt pabbi og mamma hafi valið það og mér fannst herna nokkuð fínt, að það er hugsað svona vel um mig og svona. Vel var tekið á móti Alexander í framhaldsskóla og honum þótti gott að í skólabyrjun útskýrðu kennarar hvernig allt færi fram innan skólans. Muninn á grunn- og framhaldsskóla sagði Alexander: þframhaldsskólinn er svona aðeins betri svona af því að þí grunnskóla þá er, þá er verið að haga sér eins og einhverjir smákrakkar og unglingarnir eru svona að spjalla, spjalla svona í tímum. Í framhaldsskóla hlusti nemendur betur að hans mati. Alexander fannst mikilvægast að vera þmeð félögunum og var mikið með þeim í skólanum. Honum þótti stærðfræði, íþróttir og sund skemmtilegustu tímarnir og taldi að engu þyrfti að breyta. Alexander líkaði vel við alla innan skólans og sagði framkomu annarra í sinn garð mjög góða. Utan skóla var hann mikið einn að taka því rólega og ljúka við heimanámið. Alexander tekur strætó í skólann og sagði þég þyrfti þarna smá hjálp fyrstu dagana, síðan, síðan er ég orðinn vanur því. Áhugamálin höfðu ekki breyst og hann naut þess að horfa á bíómyndir og hlusta á tónlist. Alexander er í tónlistarskóla og æfir á trommur. Honum fannst mestu máli skipta að líða vel í skólanum og þsvona mest framhaldsskólanum.

Bergdísí hitti ég í Fjölbrautarskóla Fellsvíkur í október en hún kemur úr Austurskóla sem er almennur grunnskóli. Hún tók strætó í skólann og sagði að sér gengi þvoðalega vel í framhaldsskólanum. Einnig sagði hún: þég bjóst ekki við því að þetta myndi ganga svona vel. Fyrstu dagana leið mér svoldið illa út af því að enginn nennti að hanga með mér eða neitt og ég þekkti engan herna. Bergdísí þótti erfitt að finna einhvern með svipuð áhugamál en hún hafði eignast tvo vini innan starfsbrautarinnar. Henni þóttu sumir tímarnir flóknir og sagði í því sambandi: þverkleg nám hafa hentað mér betur en þessi bóklegu og var lífsleikni henni erfiðasti tíminn. Um starfsfólkið

sagði Bergdís: starfsfólkið er alveg voðalega yndislegt og um móttökurnar: það var tekið voðalega vel á móti mér, mjög blíðlegar móttökur. Yndislegt fólk og bara, og tók mér verulega opnum örmum. Framhaldsskóla sagði Bergdís vera: šöðruvísi en samt er það voðalega gott. Maður saknar nú samt gamla skólans en maður verður bara að sætta sig við að vera kominn í annan skóla. Í frímínútum var Bergdís með vinum sínum en stundaði ekkert félagslíf innan skólans. Ef henni líði illa innan skólans eða hefði sofið illa um nóttina hefði það áhrif á líðan hennar í skólanum en sagðist þó þurfa að sharka af sér. Innan Fjölbrautarskóla Fellsvíkur sagði Bergdís allt betra, fann ekki fyrir einelti og sagði að strangt væri tekið á slíkum málum þar. Þroski nemenda væri auk þess orðinn talsvert meiri. Það sem hún vildi bæta innan framhaldsskólans var að fleiri böll yrðu og eitthvað skemmtilegt væri gert til að brjóta upp hinn hefðbundna skóladag. Í skólanum þótti henni textílmennt, enska og sund skemmtilegust. Bergdís var mest inni á starfsbraut en fór fram í frímínútum. Um nemendur utan starfsbrautar sagði hún: šaðra nemendur, þá líður mér ekkert voðalega vel innan um. Og stundum þegar fólk **starir** (sagt með áherslu) á mig út af einhverju sem ég veit ekki einu sinni hvað er. Mér líkar ekki þegar fólk starir á mig. Þá bara verð ég svo, ég bara þá verð ég svo þirruð. Innan starfsbrautar sagði hún skemmtilegt og að allir kæmu vel fram við sig. Námið og starfsfólkið var að hennar mati það besta við framhaldsskólann en helsti gallinn væri allt of dýrt mótuneyti. Henni þóttu vinir, fjölskylda, að búa til hluti og hanga í tölvu skemmtilegast en eftir skóla horfði hún á myndir og hlustaði á tónlist í i-pod. Bergdís þótti mikilvægast að sharka um námið og bara hugsa um hvernig þér gengur, ekki hugsa um annarra vangengi. Þá vegnast þér vel og átti þá við innan skólans. Hún sagði ákveðið:

einbeittu þér að náminu þar fyrir utan. Þegar þú virkilega þarft á því að halda og ef þú hefur ekki verið að einbeita þér þá bara missir þú stjórn og þá fer allt úr böndunum. Þú hugsar bara um þig og námsbókina.

Ef einhver truflar Bergdís setur hún i-podinn á eyrun en þótti gott að láta starfsfólk vita ef einhver angraði hana með snertingu. Bergdís sagðist vera til í aðeins meira frelsi í skólanum og þá helst lengri frímínútur. Það sem hún vildi koma á framfæri var að þið sharkið bara um það sem er ykkur kærast og passið að halda tökum á því, því ef þið sleppið takinu þá missið þið það.

Svo virðist sem nemendunum líði öllum mjög vel í framhaldsskólunum. Vel var tekið á móti þeim öllum og þó unglingsstúlkurnar hugsi til grunnskólanna með söknuði

voru þær mjög sáttar við hlutskipti sitt innan framhaldsskóla. Fram kemur að félagslíf hafi aukist, námsefni væri þyngra eða léttara, það sé gaman í framhaldsskóla, auka megi við fjölbreytni innan þeirra, vellíðan og vinátta skipta máli og hugsa þurfi um það sem hverjum og einum er kærast.

5.3 Líf og líðan nemenda í framhaldsskóla á vorönn

Í kaflanum fjalla ég um það þegar ég hitti nemendur í þriðja og síðasta skiptið yfir rannsóknartímann. Þar skoða ég með hvaða hætti Alexander, Eygló, Bergdís og aðstoðarmenn Daníels sjá líf sitt/hans innan framhaldsskóla nú á annarri önninni þar. Í samtali mínu við Snædís, þroskaþjálfari í Fjölbrotarskóla Fellsvíkur, kom fram að á fyrsta ári í framhaldsskóla er oft skvíaðaspennað í nemendum sem batnar oft strax eftir fyrstu önn. Því er áhugavert að heyra hvernig nemendum líður nú á annarri önn.

Þegar við Eygló hittumst núna í febrúar sagði hún mér að sér gengi frábærlega í Fjölbrotarskóla Ásatúns. Að nemendur í skólanum og fólk almennt kæmi vel fram við sig og um kennarana sagði hún: þbara mér finnst kennararnir algjört yndið. Eygló sagði samt að sérskólinn hafi verið þbesta líf í heimið þó hún geti ekki útskýrt nákvæmlega af hverju. Muninn á sérskólanum og framhaldsskólanum sagði hún til dæmis vera matinn sem hafi verið svo góður í Suðurskóla en sé eiginlega bara óhollusta í framhaldsskólanum eins og pizza og hamborgarar. Henni fannst námið létt í sérskólanum en um námið í framhaldsskólanum segir hún: þmér finnst eiginlega námið léttð en henni virtist þykja það fínt. Aðspurð um hvort hún vildi sækja almenna tíma sagði hún að best væri að vera á starfsbrautinni þaf því að það er eiginlega besta brautin fyrir migð en Eygló gæti hugsað sér að sækja einn almennan áfanga í stærðfræði. Hún nýtur þess að vera innan um og tala við vini sína og finnst auðvelt að láta vita ef eitthvað kemur upp á í skólanum. Þegar ég spurði hana hvort hún fengi að taka ákvarðanir um námið sitt sagði hún: þég bara, ehh, fer bara eiginlega eftir stundatöflunni minnið og sagðist vera mjög góð í að fylgja henni. Hún sagði áhugamálin ekki hafa breyst neitt. Eygló sagði mér að kærastinn sinn sé það sem skiptir hana mestu máli í dag. Hún notar strætisvagn til að komast leiðar sinnar sem gangi mjög vel en móðir hennar sækir hana stundum á þá staði sem hún fer. Eins og í haust sagði Eygló mikilvægast að vera með vinum sínum og vildi engu breyta í skólanum. Framtíðina segir hún hafa ákveðið fyrir löngu og er stefnan að fara eitt ár í háskóla og vinna síðan í

leikskóla. Aðspurð hvað sé erfiðast í lífinu segir hún: Šmér finnst stundum erfitt að stjórna mérō. Eygló er annars ánægð með lífið eins og það er og vildi engu breyta.

Nú í mars hittumst við Daníel einn morgun í skólanum. Vegna þess að Daníel hefur ekki máltjáningu mun ég skrifa um hann út frá minni upplifun á honum og þeim sem hann þekkja best. Samkvæmt Vigdísi, móður Daníels, er hann mjög sáttur í skólanum, nám hans er einstaklingsmiðað, verkefnin meira krefjandi en áður og hann fylgir sínu aldurskeiði innan framhaldsskólans. Áhugmálin eru svipuð og áður en hann virðist eiga auðveldara með að horfa á sjónvarp en áður og þá helst íþróttir. Vilhjálmur Andri, stuðningsfulltrúi í Menntaskólanum í Hamarsfirði, segir Daníel hafa áhuga á öllu sem hefur með þyngdaraflið að gera. Helsta breytingin sem átti sér stað við tilfærsluna úr grunnskóla í framhaldsskóla, er að hans mati, að nú sé Daníel í fyrsta sinn gert kleift að taka þátt í skólasamfélagi á eigin forsendum. Daníel sækir almenna tíma að hluta, fer í mötuneyti eins og aðrir nemendur og tekur þátt í þjóðfélaginu með aðstoðarmenn sína sér við hlið. Vilhjálmur Andri telur að í þeirri þátttöku felist heilmikið frelsi, að Daníel fái að vera hann sjálfur og starf aðstoðarmanna felist fyrst og fremst í að koma í veg fyrir félagslega árekstra, að hjálpa Daníel að yfirstíga ýmsar hindranir og standa þar með vörð um frelsi hans. Komið sé til móts við hann og allt sérsniðið að honum. Hann segir þó nauðsynlegt að vinnubrögð séu samrýmd alls staðar sem hann er. Vilhjálmur Andri lýsir Daníel meðal annars svona:

Heill og trúr sjálfum sér og heiðarlegur, sýnir hvað hann vill og veit nákvæmlega hvað hann vill.

Hann segir marga kosti við fötlun Daníels þar sem hún hafi það í för með sér að hann njóti líðandi stundar og gefi sér tíma til að nota skynfærin til að kanna heiminn í šnúinuō. Það sé eitthvað fólk almennt gefi sér ekki tíma til. Hindranirnar eru einnig til staðar og Daníel getur fest í þráhyggju sem verði að vandamáli sé hún ekki brotin upp. Upplifun mín af degi í lífi Daníels er á þann veg að honum þyki mjög gaman í skólanum. Hann nýtur þess að hreyfa sig og virðist þykja gaman að vinna stöðugt að verkefnum og hafa nóg fyrir stafni. Daníel er mjög skipulagður og gætir þess vel að allir hlutir séu á réttum stað og allt sé í röð og reglu. Hann gætti þess til dæmis að allar hurðir væru lokaðar og skóm vel raðað upp við vegg. Hann var blíður og sýndi mér vinsemd með snertingu auk þess sem hann sýndi mér verkefnin sem hann vann og veitti mér hlutdeild í lífi sínu hluta úr degi þó ég sé honum ókunnug. Daníel virðist eiga framtíðina fyrir sér hvort sem hann fari í áframhaldandi nám eða á vinnumarkaðinn.

Þegar við Alexander hittumst í febrúar leið honum ágætlega í Menntaskólanum á Svalholti. Nú er hann í þremur almennum tímum sem honum finnst þsvona ágætt. Hann er félagslega virkur og hefur mikla ánægju af því að dansa og skemmta sér. Helsti munurinn á grunn- og framhaldsskóla er að hans mati þmeiri heimavinnað sem honum þykir bæði erfitt og skemmtilegt. Í framhaldsskólanum fer Alexander í frímínútur með félögunum og það skemmtilegasta sem hann gerir innan hans eru frímínútur, matsalurinn og bókasafnið þar sem hann skoðar helst þkvikmyndabækurnar og geisladiskabækurnar og alls konar bækur. Honum finnst einnig skemmtilegt að þbara svona slappa af og hafa það nice og svonað. Hann vildi engu breyta í skólanum. Utan skóla æfir Alexander enn trommur tvisvar í viku og segist þessa dagana vera að þstromma svona nýjar æfingar. Alexander þykir mikilvægast í lífinu að vera með vinum sínum og þhafa gaman. Um að verða fullorðinn segir Alexander: þég hef hugsað mér að verða smiður eða eitthvað en hann er mjög fær í handverki. Hann vill að aðrir hugsi um þbara hvernig þeim gengur, já og hvernig þeim gengur í lífinu.

Bergdísí hitti ég í Fjölbautarskóla Fellsvíkur í mars og var hún mjög hress og kát. Hún sagði námið ganga þsemið og sagði hafa liðið þskringilega við upphaf framhaldsskóla. Bergdís nýtur þess mest að vera í smíði, fatahönnun og textíl. Henni finnst skemmtilegast að þchillað, spjalla við fólk, hanga með vinum, vera í tölvunni og teikna. Bergdís er mjög virk félagslega og hefur mikla þörf fyrir að hitta vini sína daglega. Hún er nýbyrjuð að fara í Hitt Húsið og þykir það mjög skemmtilegt. Bergdís virðist hafa mikinn áhuga á að mynda tengsl og vingast við ófatlaða nemendur utan starfsbrautar en allir nemendur innan starfsbrautarinnar eru vinir hennar. Félagstengsl eru henni erfiðust. Í niðurstöðum rannsóknar Kristínar Björnsdóttur kom fram að ófatlaðir nemendur teljast mikilvægar fyrirmyndir fatlaðra ungmenna hvað hegðun þeirra og klæðaburð varðar. Einnig að áhugi fatlaðra nemenda beindist að því að stunda nám við hlið ófatlaðra jafnaldra sinna. Bergdís talaði um að hún ætti kunningja á starfsbrautinni en ekki vini. Hún sagði einnig: þþað eru allir að segja það við mig að ég sé weird en það er bara ég, ég er ógeðslega skemmtileg en samt er ég weird. Af því má álykta að sjálfsmýnd hennar hafi eflst og vanlíðan minnkað talsvert þar sem hún sagði þetta á mjög jákvæðan hátt. Þegar við rifjuðum upp hvernig Bergdísí leið í grunnskóla sagði hún: þsenginn vildi tala við mig. Ef að ég kom og ætlaði að vera með inn í hópinn þá bara, Nei heyrðu förum, *Bergdís* (breytt af rannsakanda) er að koma, splittum, förum bara. Svoleiðis var þettað. Margt virðist hafa breyst síðan þá og hún sagði að nú liði sér þbetur allavega. Þetta er í fyrsta sinn sem mér líður vel í skólað. Bergdís sagði:

í framahaldsskóla finnst mér vera, þú veist, námið er bara aðeins erfiðara. Í rauninni er það auðveldara, þú veist, að vera í framhaldsskóla vegna þess að þá líður manni kannski vel og það gerist eitthvað kannski sem er vit í. Þú veist, þá hefur maður eitthvað til að hlakka til, að hitta félagana sína og svona. Ég átti enga félagana í gamla skólanum mínum.

Fram kom að Bergdís gengi illa í félagslífinu innan skólasamfélagsins og erfitt væri að kynnast nemendum þar. Í því samhengi sagði hún: þegar ég fer í matsalinn til dæmis þá vill enginn setjast hjá mér eiginlega, það talar enginn við mig sem henni þykir mjög leiðinlegt. Tvær ófatlaðar stelpur koma einn og einn tíma inn á starfsbraut og þær vilja setjast hjá henni en aðrir ekki. Bergdís lýsir viðmóti ófatlaðra nemanda á þennan máta: þmér finnst þau koma fram við mig eins og ég sé eiginlega bara ekki til, allavega langflestir koma fram við mig eins og ég sé ekki til eiginlega. Þau tala ekki við mig, þau horfa ekki á mig einu sinni, það er bara þannig. Freyja Haraldsdóttir (2008) er ung fötluð kona sem ólst upp við fulla þátttöku í samfélaginu. Hún lærði að erfiðleikar orsakist oft frá umhverfinu, meðal annars vegna viðhorfa fólks. Hún fékk að finna fyrir því að hún væri ekki eðlileg heldur šgölluð. Bergdís taldi sig finna traust eldri nemendum og meðal sumra ófatlaðra nemenda sem koma inn á starfsbrautina og šleyfa mér allavega að vera hjá sér, ólíkt sumum. Bergdís sagðist vilja fara í almennan áfanga í smíði. Ákvarðanir tekur hún að litlu leyti sjálf og segir sig þurfa að bera flest undir foreldra sína þar sem hún er ekki orðin sjálfráða. Í skólanum segist hún ekki fá að ráða miklu sem sé šsvolítið svekkjandi og myndi hún vilja fá að velja meira í skólanum og vill að námið verði skemmtilegra. Um viðhorf samfélagsins segir hún marga koma mjög vel fram við fatlað fólk en hugsun sumra sé á þennan veg:

Þessi er eitthvað ógeðslega weird og við skulum bara halda okkur frá henni, við skulum bara pikka á henni og eitthvað, þú veist og bara eitthvað. Það er bara ekkert nógu gott því að þeir sem eru einhverfir, með Down-syndrome eða bara einhver öðruvísi heilkenni, einkenni á ég við, þá bara verður að gera eitthvað í þessu vegna þess að við fáum ekki öll réttinn sem að hinir fá. Mér finnst það ósanngjarnt eiginlega gagnvart þeim sem eru öðruvísi eins og ég myndi segja. Mér finnst það bara ofboðslega unfair. Við erum ekkert einhver skrímli eða eitthvað svona sem myndi éta þig lifandi þótt við séum öðruvísi. Þú veist, við erum með okkar vandamál þó þið séuð með ykkar. Við erum líka með vandamál. Þið, þú veist, sem eruð heilbrigðir eins og við mundum segja.

Bergdís finnst að ófatlaðir einstaklingar eigi að hjálpa þeim sem búa við skerðingar. Það sé ekki réttlætanlegt að fólk komi barnalega fram við hana af því að hún er einhverf. Má þar nefna að samfélagið viðheldur oft fötlun einstaklinga með tillitsleysi í þeirra garð og tilhneiging hefur verið að líta á fötluð börn út frá skerðingu þeirra, að þau séu šháð öðrum og geti ekki varið sig (Rannveig Traustadóttir, 2007) en Bergdís virtist upplifa að hún stæði engan veginn til jafns við jafnaldra sína. Hún er mjög meðvituð um fötlun sína og hvaða aldri hún tilheyrir. Henni þykir óeðlilegt að jafnaldrar hennar breyti sér í t.a.m. šskinkuð vegna þrýstings frá vinum sínum. Það sé mikilvægt að vinir virði aðra eins og þeir eru. Bergdís segir jafnframt: šmér finnst það eiginlega ógeðslegt, að bara breytast fyrir einhvern annan en mann sjálfan. Hún segist vera gelgja eins jafnaldrarnir en þegar hún breytti fatastíl sínum var það á hennar forsendum en ekki vegna þrýstings frá öðrum. Bergdís sagði: ší rauninni finnst mér bara mikilvægast að þú veist halda í þá sem að eru eins og vini og fjölskyldu, haltu í það sem þú átt. Um framtíðina segir hún: šmig myndi bara langa að hanna mín eigin föt. Bergdís er sátt við sjálfa sig eins og hún er þó henni þyki erfitt að vera einhverf.

Þegar ég spurði Bergdís hvernig henni þætti að taka þátt í lokaverkefninu mínu sagði hún šÞað er svona gott fyrir þann sem að hefur ekki nóga reynslu að fá eitthvað svona aðeins smá meiri þekkingu sem er alveg hárrétt hjá henni. Það sem Bergdís vill segja við ykkur öll er: šþú veist, reyndu að hugsa inn fyrir rammann og út fyrir hann, það skiptir bara máli að þú hugsir voðalega fallega til einhvers annars og þá brosir heimurinn framan í þig en það er hennar mottó.

Í kaflanum kemur fram að ungmennin eru öll sátt í framhaldsskólunum, þar var vel tekið á móti þeim og þeim líður vel. Erfiðleikar þeirra eru oft af félagslegum toga og að erfiðlega gangi að tengjast ófötluðum jafnöldrum sínum. Vinir og félagslíf virðist skipta nemendum mestu en lesa má í kaflana að undirstaða þess að vel gangi sé að þeim líði vel. Leiða má líkum að því að viðhorf og framkoma ófatlaðra einstaklinga auk þess að nemendur eru í sérúrræði innan framhaldsskólanna gæti haft áhrif á félagslega stöðu þeirra.

Samantekt

- Afstaða ungmennanna til grunnskólanna og starfsfólksins þar var mjög jákvæð.
- Félagsleg staða ungmennanna er misjöfn og svo virðist vera sem fatlaðir nemendur verði fyrir talsverðu einelti í almennum grunnskóla sem hefur áhrif á líðan og nám þeirra.
- Félagsstarf, vinir og áhugamál skipta ungmennin miklum máli í grunn- og framhaldsskóla þó félagslíf utan skólatíma sé minna en nemendur vilji. Félagsleg tengsl og félagslíf hafa aukist.
- Öll ungmennin unnu sumarið áður en þau hófu nám í framhaldsskóla.
- Ungmennin stunda öll nám sitt á starfsbrautum eða í sérúrræði þó tvö þeirra fari í tíma á öðrum brautum.
- Í framhaldsskólunum líður ungmennunum mjög vel og einhverjum þeirra umtalsvert betur en áður. Vellíðan virðist hafa mikið að segja fyrir þau öll.
- Ungmennin virðist öll hlakka til að mæta í framhaldsskólana á hverjum degi.
- Fram kom að ungmennin vilja aukna þátttöku í námi og félagslífi við hlið ófatlaðra nemenda.
- Nám í framhaldsskóla virðist í einhverjum tilfellum léttast eða þyngjast frá því sem var í grunnskóla. Nemendur eru þó sáttir við það fyrirkomulag.
- Nemendur eiga sér framtíðardrauma um meira nám, búsetu og atvinnu að framhaldsskóla loknum.
- Ungmennin virðast sátt og ánægð með líf sitt í dag og líta björtum augum til framtíðar.

Í næsta kafla sem er sá síðasti eru niðurstöður rannsóknarinnar auk hugmynda um hvaða lærdóma megi draga af þeim.

6. Samantekt og helstu lærdómar

Í þessum kafla mun ég draga fram helstu niðurstöður rannsóknarinnar og helstu lærdóma sem af henni má draga. Margir hafa komið við sögu og ætti rannsóknin að veita innsýn í það ferli sem tilfærslan er af hendi mennta- og menningarmálaráðuneytis, almenns grunnskóla, sérskóla og fjögurra framhaldsskóla. Einnig ætti hún að veita innsýn í upplifun, reynslu og líðan ungmennanna sjálfra auk reynslu, vona og væntinga fjölskyldna þeirra í þá tíu mánuði sem rannsóknin stóð yfir.

Rannsóknarspurningar voru eftirfarandi:

- * Með hvaða hætti er staðið að tilfærslu fatlaðra nemenda milli grunn- og framhaldsskóla?
- * Hverjar eru væntingar fatlaðra nemenda og fjölskyldna þeirra til framhaldsskólans og standast þær á fyrsta ári í framhaldsskóla?
- * Að hvaða leyti taka fatlaðir nemendur sjálfir ákvarðanir um líf sitt og nám?
- * Hvaða áhrif hefur tilfærsla milli skólastiga á líf fatlaðra ungmenna og fjölskyldur þeirra?
- * Hver er sýn fatlaðra ungmenna og foreldra á líf, nám og framtíð ungmennanna?

Í næstu köflum mun ég birta helstu niðurstöður mínar. Þar byggji ég kaflaheiti á þeim rannsóknarspurningum sem lagt var upp með í byrjun.

6.1 Með hvaða hætti fer tilfærslan fram?

Niðurstöður benda til þess að ekkert skýrt verkferli sé varðandi tilfærslu milli grunn- og framhaldsskóla, heldur sé það í höndum skólastofnana og foreldra hvernig staðið er að tilfærslunni, allt eftir viðmiði og metnaði hvers og eins. Í lögum um grunnskóla (2008) segir að gera eigi grein fyrir því í aðalnámskrá hvernig aðlögun milli skólastiga á að fara sem virðist ekki enn vera komið til framkvæmda. Umsóknunum um skólavist í framhaldsskóla er skilað í júní sem er of seint til þess að aðlögun og samstarf milli skólastiga við tilfærslu geti farið fram. Ungmennin í rannsókninni voru undirbúin undir framhaldsskólagöngu sína með þeim hætti að starfsmenn grunnskóla fóru í heimsóknir með nemendum sínum í framhaldsskólana. Einungis tveir starfsmenn úr einum framhaldsskóla heimsóttu nemanda í grunnskóla. Starfsfólk bæði grunn- og framhaldsskóla var sammála um eftirfarandi þætti: Að samstarf milli grunn- og framhaldsskóla væri of lítið, upplýsingagjöf væri stundum ábótavant og það vantaði

aðlögunartíma við tilfærslu milli skólastiga. Aðrar athugasemdir voru að námsval væri ekki nægilegt, rými og mannafla væri stundum ábótavant, úrræði vanti að skóla loknum, heildræn stefnumótun væri ekki fyrir hendi og þau vildu jafna þátttöku fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga í samfélaginu.

Inngöngu á starfsbraut þarf að fylgja viðurkennd greining um að viðkomandi sé áfatlaður en niðurstöður rannsókna Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005) og Helgu Gísladóttur (2007) benda til að læknisfræðilegur skilningur á fötlun sé nokkuð ráðandi á starfsbrautum framhaldsskóla sem felst í að áhersla er á læknisfræðilegar greiningar nemenda. Einnig kom fram að ekki eru lagðar kröfur á skólasamfélagið um að aðlaga sig að þörfum fatlaðra nemenda. Í rannsókn minni kom fram að vilji nemenda, foreldra og starfsmanna skólanna til náms fatlaðra nemenda við hlið ófatlaðra jafnaldrar þeirra á almennum brautum væri til staðar en framkvæmdin virtist ekki greið. Niðurstöður benda því til þess að fatlaðir nemendur fái ekki nám miðað við getu og hæfi en breska félagslega líkanið bendir einmitt á að umhverfisþættir eins og hindranir og mismunun skapi fötlun einstaklinga en geti ekki búið í einstaklingunum sjálfum (Rannveig Traustadóttir, 2006). Greining um fötlun segir ekki til um hæfni einstaklings til náms.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að vinna er hafin innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins að ákveðinni stefnumótun hvað tilfærsluna varðar. Hún felst t.d. í fjölgun starfsbrauta, breyttum innritunartíma sem opnar fyrir samstarf og aðlögun við tilfærslu milli skólastiga. Einnig er nú unnið að reglugerð um tilfærsluna og í bígerð er að vinna reglugerð um þá þjónustu sem ber að veita nemendum með sérþarfir innan framhaldsskólanna. Þetta er jákvætt framfaraspor sem vonandi kemst til framkvæmda sem fyrst. Það má þó spyrja sig að því hvort fjölgun starfsbrauta sé lausnin frekar heldur en að hver og einn fái þann stuðning sem þarf innan almennra brauta framhaldsskóla í samfélagi með yfirlýsta stefnu um skóla án aðgreiningar. Það má spyrja sig hverra hagsmunir það eru þegar talið er að margbreytileikinn sé öllum til hagsbóta auk þess sem reynsla allra verður ríkari (Ferri, 2008).

6.2 Standast væntingar nemenda og foreldra til framhaldsskóla?

Rannsóknin leiddi í ljós að tilfærslan sjálf stóðst væntingar í tveimur tilfellum af fjórum þrátt fyrir að foreldrum þótti aðlögun milli skólastiga ábótavant og innritun fara of seint fram. Væntingar nemenda stóðust að miklu leyti og þeim leið öllum vel innan framhaldsskólanna. Sýn foreldra og ungmenna á skólakerfið og starfsfólk þess er

almennt jákvæð og væntingar þeirra um meiri šblöndunō fatlaðra og ófatlaðra nemenda hvað nám og félagsstarf varðar reyndist minni en vonir stóðu til. Í lögum um framhaldsskóla (2008) kemur fram að æskilegt sé að nemendur stundi nám við hlið ófatlaðra nemenda. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar minnar er nám á starfsbrautum framhaldsskóla töluvert einangrað og nemendum hættir því til að einangrast félagslega því þeim gengur erfiðlega að vingast við ófatlaða jafnaldra sína. Einnig virðist aðgangur að öðrum brautum framhaldsskóla illfær fötluðum nemendum á starfsbrautum þar sem þeir uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir. Svipaðar niðurstöður komu fram í rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2005) og Helgu Gísladóttur (2007) þar sem fram kom að skerðing nemanda sé lögð til grundvallar námi hans auk vantrúar á getu til náms á almennum brautum.

Í einu tilfelli hafði tilfærslan neikvæð áhrif á atferli nemanda og fjölskyldulíf hans. Taldi móðirin að betri undirbúnings væri þörf, fyrir nemandann sjálfan og aðstandendur, þegar nemandi kemur úr vernduðu sérúrræði eins og sérskóli er og heldur til náms í sérúrræði innan almenns skóla. Væntingar foreldra til aukinnar félagsþátttöku og félagstengsla við ófatlaða nemendur brugðust fyrir utan eitt tilfelli þar sem félagsþátttaka jókst að miklu leyti en aðeins innan skóla. Því má spyrja sig hvort ofverndun eigi sér stað inni á starfsbrautum og nemendur missi þar með samkvæmt Alderson (2008) af mikilvægum félagslegum tækifærum sem komið geti niður á lífsgæðum þeirra. Í rannsókn minni kom fram að samskipti foreldra við starfsfólk framhaldsskólanna væru minni en við starfsfólk grunnskóla og virtust foreldrar vilja meiri samskipti og eiga meiri hlutdeild í námi barna sinna. Þarna virðist skorta á sameiginlega sýn og heildræna stefnumótun sem hægt væri að fylgja eftir í samstarfi milli heimilis, skóla og ráðuneytis.

6.3 Ákvarðanataka nemenda um líf sitt og nám

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að foreldrar taka að mestu leyti ákvarðanir um líf barna sinna. Ungmennin eru ólögráða og bera flest undir foreldra sína til samþykkis. Flestum einstaklingum er þó mikilvægt að taka sínar eigin ákvarðanir og segja tala út frá sjálfum sér. Sjálfsákvarðanir auka líkurnar á jöfnum rétti til þjónustu og jöfnum rétti til eðlilegs lífs (Wehmeyer, 1996). Einnig felast þær í lífsgæðum sem snúast um mannréttindi og möguleika okkar til valdeflingar, til að þróa jákvæða sjálfsmynd, hafa stjórn á eigin lífi, eiga val og vald til að ákveða hvar og hvernig maður

vill lifa lífinu (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Ungmennin bera sig í mismiklum mæli eftir því að fá að taka sjálfstæðar ákvarðanir en stúlkurnar höfðu mun meiri þörf fyrir að taka þátt í ákvarðanatöku. Nemendur fá að velja innan þess ramma sem foreldrar þeirra setja þeim. Stúlkurnar völdu t.a.m. sjálfar hvaða framhaldsskóla þær vildu fara í. Innan almenna grunnskólans stýrðu foreldrar og starfsfólk grunnskóla á þann hátt að búið var að velja þá framhaldsskóla sem heimsóttir voru með tilliti til þarfa ungmennanna. Val nemendanna stóð því milli þriggja framhaldsskóla. Markmið allra foreldranna er að efla sjálfstæði barna sinna en þeir virðast hafa mikla þörf fyrir að vernda þau og standa vörð um velferð þeirra. Í þessu samhengi má velja því fyrir sér hvort foreldrar séu of ráðandi í ákvörðunum sem tengjast fótluðum ungmönnum.

6.4 Áhrif tilfærslu á líf nemenda

Upplifun nemenda á tilfærslu milli skólastiga er mjög jákvæð og þeim virðist öllum líða vel í framhaldsskólunum. Félagstengsl þeirra jukust og vandamál eins og einelti hurfu en stúlkurnar urðu báðar fyrir einelti í kringum miðstig í almennum grunnskóla. Áhrif tilfærslunnar á fjölskylduna voru mjög jákvæð í þremur tilfellum af fjórum. Í einu tilfelli breyttist líðan og atferli nemanda úr því að halda sig nokkuð til hlés í að vilja auka félagslega þátttöku úr hófi fram. Því hefur reynt á fjölskylduna eftir að í framhaldsskóla kom og utanumhald og stuðningur varla til staðar. Félagar, vinir og áhugamál virðast skipta alla nemendurna miklu máli. Niðurstöðurnar gefa okkur mynd af því að standa þarf betur að tilfærslu milli grunn- og framhaldsskóla. Huga þarf sérstaklega að fyrirbyggjandi aðgerðum varðandi einelti en það kemur skýrt fram að einelti virðist oft hefjast á fyrir og á miðstigsaldri í grunnskóla.

Nemendur sem koma úr vernduðu umhverfi sérskóla, og fjölskyldur þeirra, þarf í einhverjum tilfellum að undirbúa betur við tilfærsluna. Börn í sérskóla hafa ekki haft jöfn tækifæri og börn í almennum grunnskóla til að læra reglur, samvinnu, samskipti við fólk og virðingu í hinu almenna skólakerfi. Freyja Haraldsdóttir (2008) telur þetta einmitt nauðsynlegt þegar kemur að því að lifa í almennu samfélagi með öðru fólki. Krakkar spegla sig í jafnöldrunum, eigi fyrirmyndir og læri af góðu og illu í fjölbreyttum hópi. Ég hugsaði til þess að ef eitt ungmennanna í rannsókn minni stundaði nám við hlið ófatlaðra jafnaldra sinna væru talsvert meiri líkur á því að sú unglingsstúlka sæti ekki ein í matsalnum ef fatlaðir vinir hennar væru ekki til staðar. Ég leyfi mér að álykta að nemendur á starfsbraut eigi erfðara með að mynda vináttutengsl við nemendur utan

starfsbautar en fram kom að starfsbraut framhaldsskóla sé eins og heild inni í annarri heild. Niðurstöður Kristínar Björnsdóttur (2002) benda einmitt til þess að fatlaðir nemendur hópi sig saman í námi og félagslífi sem ég leyfi mér að ætla að minnki líkurnar á tengslum við ófatlaða nemendur.

6.5 Sýn nemenda og foreldra á líf, nám og framtíð

Niðurstöður benda til að nemendum líði almennt vel en myndu kjósa meiri samgang og félagstengsl við ófatlaða nemendur. Foreldrar þeirra væntu einnig meiri tengsla við ófatlaða nemendur innan framhaldsskóla. Ég tel að foreldrar búi að yfirgripsmikilli þekkingu á högum og líðan barna sinna sem fagmenn ættu að nýta sér til að gera nám fatlaðra nemenda eins innihaldsríkt og kostur er með framtíð þeirra í huga. Leggja eigi metnað í farsælt samstarf milli heimilis og skóla. Í rannsókninni kom fram að foreldrum þykja samskipti milli heimilis og skóla hafa minnkað eftir að í framhaldsskóla kom og þeir vilja taka meiri þátt í lífi ungmennanna innan skólanna. Eitt ungmennanna lýsir framkomu ófatlaðra einstaklinga í samfélaginu í garð fatlaðs fólks á þann hátt að þeir séu nánast ósýnilegir. Að þeir forðist samskipti við þá. Samkvæmt French og Swain (2008) orsakast fötlun af fordómum, viðhorfum og manngerðum hindrunum í samfélaginu og tel ég að fræðslu um margbreytileika samfélagsins sé ábótavant og fatlaðir einstaklingar virðast enn ekki álitnir jafnir ófötludum einstaklingum. Ég get ekki ímyndað mér annað en að upplifa slík viðhorf í sinn garð sé sárt. Framtíðaróskir foreldra og nemenda felast í eðlilegu lífi og þátttöku í samfélaginu á við aðra eins og lög um grunnskóla (2008), framhaldsskóla (2008) og málefni fatlaðra (1992) kveða á um. Meðal annars að fara í háskólanám, á vinnumarkað, eignast íbúð og fjölskyldu eins og annað ungt fólk í samfélaginu. Það samrýmist rannsókn Dóru S. Bjarnason (2002) en þar segir að fatlaðir nemendur létu sig dreyma um svipaða framtíð og jafnaldrar þeirra. Framtíðaróskir nemenda og foreldra þeirra virðast bjartar í dag en samkvæmt rannsóknarniðurstöðum Helgu Gísladóttur (2007) kemur fram að fötluð ungmenni séu líklegri til að útskrifast í láglaunastörf, atvinnu á vernduðum vinnustöðum eða að atvinnuleysi bíði þeirra þrátt fyrir að draumar þeirra séu til jafns við annarra ungmenna. Hvort draumarnir verði að veruleika er vandi að spá um en eflaust þarf viðhorfsbreytingu, aukna þekkingu og fræðslu innan samfélagsins til að svo verði og fötluðum ungmönnum standi raunveruleg tilboð til boða sem eru óháð stöðu og atgervi þeirra.

6.6 Lærdómar sem draga má af rannsókninni

- * Hinn læknisfræðilegi skilningur á fötlun virðist ríkja innan sérskóla en greining um skerðingu liggur til grundvallar því að nemandi fái inngöngu í sérskóla og á starfsbraut í framhaldsskóla.
- * Ætla má að stundum verði skil milli fatlaðra og ófatlaðra jafnaldra þeirra í grunnskólum fyrir og um miðstigsaldur sem mögulega væri hægt minnka líkur á með fræðslu innan grunnskóla.
- * Hefja þyrfti undirbúning fyrir framhaldsskóla í 8. bekk eins og segir í aðalnámskrá grunnskóla (2008) og huga til framtíðar.
- * Koma þarf á heildstæðri tilfærsluáætlun milli skólastiga þar sem grunn- og framhaldsskóli starfa saman að aðlögun úr grunnskóla í framhaldsskóla.
- * Endurskoða þyrfti innritunarreglur með tilliti til aðgangs fatlaðra nemenda að námi á öðrum brautum en starfsbrautum og auka á þann hátt aðgengi fatlaðra nemenda að námi við hlið ófatlaðra nemenda. Hægt væri að auka við starfsgildi við hlið kennara í tímum, þar sem það á við.
- * Stuðla þarf að því að samfélag framhaldsskóla sé ein heild, starfsbrautir einangrist ekki heldur séu sjálfsagður hluti af skólaheildinni.
- * Efla þarf stórlega fræðslu í fötlunarfræðum innan skólakerfisins.
- * Efla þarf samstarf og stuðning við foreldra fatlaðra ungmenna í framhaldsskóla.
- * Stuðningur við ungmenni og fjölskyldur þeirra sem koma úr sérúrræðum innan grunnskóla. Hægt væri að útbúa kynningarbækling fyrir fjölskyldur nemenda í 8. bekk sem lýsir reynslu foreldra og fatlaðra nemenda sem gengið hafa í gegnum tilfærslu milli grunn- og framhaldsskóla. Slíkur bæklingur gæti veitt innsýn í það sem koma skal, sérlega þegar nemendur koma úr vernduðu umhverfi eins og sérskólum.
- * Huga þyrfti að því sem tekur við að framhaldsskóla loknum s.s. tómsendum.
- * Hlusta þarf á raddir fatlaðra ungmenna með það að markmiði að þau séu virkir þátttakendur í mótun síns náms og samfélaginu öllu.
- * Setja þarf markmiðið hátt, šno excuses, full inclusion.

6.7 Að lokum

Ritgerð mín fjallaði um tilfærslu fjögurra fatlaðra ungmenna úr grunnskóla í framhaldsskóla. Tilfærsla milli skólastiga er almennt jákvæð upplifun nemenda þó hún hafi misjöfn áhrif á fjölskyldulífið. Samstarf milli skólastiga er nánast ekkert og undirbúningur hvað tilfærslu varðar fer eftir metnaði starfsfólks hverju sinni. Fötlun er orsök af samfélagslegum hindrunum sem ber að ryðja úr vegi til að hver og einn innan samfélagsins geti notið þeirra gæða sem lífið hefur upp á að bjóða á sínum eigin forsendum. Allir eiga rétt til náms óháð stöðu og er stefna í menntamálum skóli án aðgreiningar sem á að viðurkenna fjölbreytileikann í samfélaginu. Rannsókn mín gefur til kynna að nám fatlaðra nemenda fer fram að miklu leyti á starfsbrautum framhaldsskólanna og virðast þeir talsvert einangraðir frá skólasamfélaginu í heild. Með aðgreiningunni má ætla að fatlaðir nemendur eigi erfiðara með að tengjast ófötluðum nemendum og taka fullan þátt í félagsstarfi framhaldsskólanna. Í dag felst baráttan áfram í að fatlað fólk öðlist sama rétt og aðrir að fullu en einnig að fatlað fólk geti sjálft tjáð sig óhindrað um hvað það vill í sínu lífi, að raddir og skoðanir þeirra sjálfra skipti jafn miklu og annarra. Fötlun kemur öllu samfélaginu við og án flokkana vegna fatlana værum við sennilega þjóðfélag margbreytileikans en þangað er stefnt.

Löng leið er að baki og á þeirri vegferð hafa margir komið að og snert við sýn minni á lífið og tilveruna. Mín einlæga ósk er að einn góðan veðurdag ríki jafnrétti milli fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga og hef ég hug á að taka þátt í þeirri baráttu. Að einstaklingar verði metnir að eigin verðleikum óháð stöðu sinni. Að við öðlumst trú á náunganum og gefum af mannkærleik okkar, því öll erum við jöfn undir sólu.

Að viðurkenna einstaklinginn eins og hann er, hvernig sem hann er, felur í sér ást (Gordon, 2001).

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskóla.* (2004). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla.* (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Alderson, P. (2008). *Young Children's Rights: Exploring Beliefs, Principles and Practice.* London: Jessica Kingsley Publishers.
- Dóra S. Bjarnason. (1991). Á blöndun og normalisering við um alla. *Proskahjálp*, 13, 8-14.
- Dóra S. Bjarnason. (2003). *The social construction of disabled adulthood: New voices from Iceland: A qualitative study of the perspectives of 36 disabled people, aged 16-24.* Útgefið handrit doktorsritgerðar. Oslo: Department of Special Needs Education, University of Oslo.
- Dóra S. Bjarnason. (2009). Parents and professionals: an uneasy partnership? Í Allan, J., Ozga, J. og Smyth, G. (ritstjórar), *Social capital, professionalism and diversity*, (bls. 123-137). Rotterdam: Sense. [Grein fengin í handriti hjá höfundum].
- Eiríkur Brynjólfsson. (2007). Hver einasti nemandi er sérstakur; Um breytt hlutverk sérkennara í skóla án aðgreiningar. *Glæður* 17, 42-45.
- Esterberg, K. G. (2001). *Qualitative Methods in Social Research.* Boston: The McGraw-Hill.
- Ferri, B. A. (2008). Inclusion in Italy: What Happens When Everyone Belongs. Í Gabel, S. L., og Danforth, S. (ritstjórar), *Disability & the Politics of Education; An International Reader* (bls. 41-52). New York: Peter Lang Publishing, Inc.
- Freyja Haraldsdóttir. (2006). Sjónarhorn fatlaðrar konu. *Proskahjálfinn*, 9, 15-17.
- Freyja Haraldsdóttir. (2008). Skóli án aðgreiningar; Að tilheyra eigin samfélagi. *Proskahjálp*, 4, 23-26.
- Gordon, T. (2001). *Samskipti kennara og nemenda.* Reykjavík: Æskan ehf.
- Gretar L. Marinósson. (2003). Hvernig verða flokkar sérþarfa til í grunnskólum. Í Rannveig Traustadóttir (ritstóri), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (195-208). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2008). *Ég hef svo mikið að segja: Lífssögur Íslendinga með proskahömlun á 20. öld.* Óbirt doktorsritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Gustavsson, A., Sandvin, J., Traustadóttir, R. og Tössebro, J. (ritstjóri). (2005). *Resistance, reflection and change: Nordic disability research.* Lund: Studentlitteratur.

- Helga Gísladóttir. (2007). *Nám á starfsbraut framhaldsskóla: Undirbúningur fyrir fullorðinsár*. Óbirt M.Ed. óritgerð: Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2005). *Tilfærsla fatlaðra ungmenna úr skóla yfir í atvinnulíf*. Óbirt M.Ed. óritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Ingibjörg H. Harðardóttir, Dóra S. Bjarnason og Ingibjörg Kaldalóns. (2007). Sérskólar á grunnskólastigi. Í Gretar L. Marinósson (ritstjóri), *Tálmár og tækifæri: Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi* (bls. 169-203). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristín Björnsdóttir. (2002). *Þroskaheftir framhaldsskólanemendur*. Óbirt M.A. óritgerð: Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.*
- Lög um grunnskóla nr. 49/1991.*
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995.*
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*
- Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992.*
- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. (1948). Sótt 8. nóvember 2009 af <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar/sameinudu-thjodirnar/mannrettindayfirlýsing-sth/>
- Margrét Margeirsdóttir. (2001, 2004). *Fötlun og samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Menntamálaráðuneytið. (1994). *Salamanca yfirlýsingin; Um grundvöll, stefnu í málefnum nemenda með sérþarfir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2005). *Námskrá fyrir starfsbrautir framhaldsskóla; Sérdeildir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Páll Skúlason. (1990). *Siðfræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir (ritstjóri). (2003). *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir (ritstjóri). (2006). *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir. (2007). Líf fatlaðra barna og ungmenna; Ný rannsókn, ný sjónarhorn. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 349-358). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977.*
- Reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996.*
- Shakespeare, T. (2006). *Disability Rights and Wrongs*. London: Routledge.

Vilhjálmur Árnason. (2003). *Siðfræði lífs og dauða* (2. útgáfa). Reykjavík:
Háskólaútgáfan.

Wehmeyer, M. L. (1996). Self-Determination as an Educational Outcome; Why Is It Important to Children, Youth, and Adults with Disabilities? Í Sands D.J. og Wehmeyer M.L. (ritstjórar), *Self-Determination Across the Life Span; Independence and Choice for People with Disabilities* (bls. 17-36). Baltimore: Brookes.